


skoðun 12




**2 SÉRBLÖÐ**
í Fréttablaðinu
Allt
Hreingerning

**Innblástur frá Gunnari á Hlíðarenda**
*Mjölnir býður upp á æfingar þar sem Gunnar á Hlíðarenda og Grettir sterki koma við sögu.*
allt 3




# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
12. júlí 2011
160. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011




**Hefur aldrei klikkað**
*Hafnargönguhópurinnn fagnar tuttugu ára afmæli.*
tímamót 16

**Kevin Smith til Íslands**
*Hollywood-leikstjórinn Kevin Smith í Hörpunni í nóvember.*
fólk 30



**Valur missteig sig**
*Valsmenn máttu þakka fyrir stig og Fram er enn án sigurs í Pepsi-deildinni.*
sport 26

**veðrið í dag**




**BJART N- OG A-TIL** Í dag verður bjart á N- og A-landi en hálfskýjað og einhver væta V-til. Fremur hægur vindur en 8-13 m/s SV-lands. Hiti 10-18 stig.
VEÐUR 4

# Erlend fjárfesting í sjávarútvegi erfiðust

**Jóhanna Sigurðardóttir ræddi sérlausnir í landbúnaði og sjávarútvegi í viðræðunum við Evrópusambandið við Þýskalandskanslara. Segist ekki óttast niðurstöðuna í málaflokkunum en fjárfestingar í sjávarútvegi verði erfiðastar.**

**UTANRÍKISMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra gerði Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, grein fyrir sérstöðu Íslendinga í sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum á fundi í Þýskalandi í gær.

Leiðtogarnir ræddu sérlausnir í þessum málum fyrir Íslendinga gagnvart Evrópusambandinu. Jóhanna segir takmarkanir á fjárfestingum í sjávarútvegi verða erfiðasta málið í aðildarviðræðunum.

„Við förum yfir áherslur Íslands vegna aðildarumsóknar okkar og ég gerði grein fyrir þeim málum sem yrðu erfið, landbúnaði og sjávarútvegi, og kom sérstaklega inn á fjárfestingar í sjávarútvegi. Ég vildi tryggja að hún yrði inni í okkar málum og skildi að við þyrftum þar sérlausnir.“

> Ég vildi tryggja að hún yrði inni í okkar málum og skildi að við þyrftum þar sérlausnir.
>
> JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR
> FORSÆTISRÁÐHERRA

Jóhanna segir Merkel hafa gert sér grein fyrir að þetta yrðu erfiðustu málin og að niðurstaðan í þeim gæti ráðið úrslitum varðandi afstöðu þjóðarinnar til aðildarumsóknar þegar að þjóðaratkvæðagreiðslu kæmi. Merkel hélt fram sjónarmiðum Evrópusambandsins í þessum efnum en sýndi sérstöðu Íslendinga þó skilning, að sögn forsætisráðherrans.

„Ég geri mér grein fyrir því eftir þetta samtal að fjárfestingar í sjávarútvegi verða erfiðasti þátturinn. Ég hef minni áhyggjur af öðrum málum. Þó að vissulega verði erfiðleikar í landbúnaðar- og sjávarútvegsmálum almennt verður þetta okkur erfiðast. Merkel sýndi sjónarmiðum Íslendinga skilning og þeirri stöðu sem við erum í varðandi staðbundna fiskistofna og efnahagslögsögu.“

Hömlur eru á fjárfestingum útlendinga í sjávarútvegi og mega þeir aðeins eiga 49 prósent fyrirtækja í greininni með óbeinni aðild.

Kanslarinn lauk lofsorði á skjótan efnahagsbata Íslendinga og var Merkel áhugasöm um íslenskar efnahagsstærðir. **- kóp**



**STAÐIÐ UPP Í STAFNI** Norska seglskútan Staatsrad Lehmkuhl lét úr Reykjavíkurhöfn í gær en eins og sjá má er það ekki heiglum hent að hífa upp seglin á þessu risafleyi. Hjarta þessa sæfara, sem þarna prílar, er greinilega ekki sem fóarn úr fugli. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

TF-SIF nýtist ekki til rannsókna á jarðhræringum og jökulhlaupum undanfarið:

# Tæki Gæslunnar upptekin ytra

**VÍSINDI** Ekki hefur verið hægt að nýta TF-SIF, flugvél Landhelgisgæslunnar, við rannsóknir í Kötlu eða Heklu þar sem vélin hefur verið að sinna verkefnum fyrir landamærastofnun Evrópusambandsins í Miðjarðarhafi. Vélin verður þar til loka september.

TF-SIF er útbúin ratsjá og hitamyndavél sem getur nýst vel til að meta stærð sigkatla og þar með stærð mögulegra hlaupa. Þá gerir ratsjá vélarinnar jarðvísindamönnum kleift að glöggva sig á aðstæðum jafnvel þótt skyggni sé afleitt, eins og sannaðist í eldgosunum í fyrra.

> **3** farartæki Landhelgisgæslunnar, tvö skip og ein flugvél, eru að störfum við Miðjarðarhaf.

„Ef eldgos hefði náð að bræða sig upp í gegnum jökulinn og mynda katla þá hefði verið auðveldara að greina katlana og nýjar sprungur miklu fyrr úr flugvélinni,“ segir Freysteinn Sigmundsson, jarðeðlisfræðingur hjá Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands.

TF-SIF er ekki eina farartæki Landhelgisgæslunnar sem er við störf við Miðjarðarhafið því varðskipin Týr og Ægir eru þar líka. Þá fer þyrlan TF-LÍF til Noregs til viðhalds eftir áramót og verður þar í tvo til þrjá mánuði. **- sh /** **sjá síðu 4**



**LEIKUR UNDIR Í JÓGA** Naufeld er fiðluleikari hljómsveitarinnar Arcade Fire.

Sara Naufeld til landsins:

## Fiðluleikari Arcade Fire í jóga á Íslandi

**FÓLK Sara Naufeld úr kanadísku hljómsveitinni Arcade Fire er væntanleg til Íslands í ágúst. Naufeld mun leika undir hjá Vestur-Íslendingnum Ryan Leier sem verður gestakennari jógastöðvarinnar Yoga Shala í ágúst, en Naufeld þykir auk þess góður jógakennari.**

**Leier segir allt eins líklegt að fleiri hljómsveitarmeðlimir sláist í för með þeim til Íslands. „Ég verð með Arcade Fire í Stokkhólmi og Danmörku 26. og 27. ágúst og veit að hljómsveitin á frí fyrir það. Það er því aldrei að vita nema þau skelli sér til Íslands.“** **- sg /** **allt í miðju blaðsins**

Atvinnuflugmenn ósáttir:

## Felldu kjarasamninginn

**KJARAMÁL** Félag íslenskra atvinnuflugmanna felldi í gær kjarasamninginn sem gerður var 30. júní síðastliðinn. Mjótt var á munum, þar sem 51 prósent félagsmanna hafnaði samningnum en 49 prósent samþykktu. Einungis þrjú atkvæði báru á milli.

Kjartan Jónsson, framkvæmdastjóri félagsins, segir að engar ákvarðanir hafi verið teknar um framhaldið. Meðan á samningaviðræðum stóð í síðasta mánuði neituðu flugmenn að vinna yfirvinnu og hlaust af því töluverð röskun á flugi Icelandair. **- jse**







SPURNING DAGSINS



*Þórsteinn, er þetta eldfimt mál?*

„Já, það brennur á mörgum.“

Þórsteinn Ragnarsson er forstjóri Kirkugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Bálförum hefur fjölgað stórlega á undanförnum árum og eru nú fjögur af hverjum tíu líkum brennd fyrir útför.

Ljósabekkjanotkun og utanlandsferðir eflaust ekki einu orsakavaldar sortuæxla:

# Böndin beinast að íslenskri sól

**HEILBRIGÐISMÁL** Mælingar á roðvaldandi geislum hér á landi gefa það til kynna að háa tíðni sortuæxla beri ekki eingöngu að skýra með ljósabekkjanotkun og utanlandsferðum heldur einnig að hluta til með íslenskri sól.

Þetta kemur fram í rannsóknarskýrslu læknanna Bárðar Sigurgeirssonar og Hans Christians Wulf.

Sortuæxlum, sem er alvarlegasta tegund húðkrabbameina, hefur fjölgað hér á landi undanfarna áratugi þó eitthvað hafi dregið úr þeim síðustu ár. Hefur



BÁRÐUR SIGURGEIRSSON

sú þróun venjulega verið tengd við aukna notkun ljósabekkja og utanlandsferðir en í ljósi þessara mælinga segja læknarnir að vert sé að taka þátt íslenskrar sólar með í reikninginn.

Samkvæmt krabbameinsskrá Krabbameinsfélags Íslands greindust að meðaltali 49 manns með sortuæxli í húð á árunum 2004 til 2008 og tíu létust árlega.

Mælingarnar á roðvaldandi geislum sólar fóru fram í Skorradal síðastliðið sumar og er þetta í fyrsta sinn sem slíkar mælingar fara fram hér á landi.

Notast er við svokallaðan ÚF-stuðul en þegar hann er í fimm stigum þýðir það að Íslendingur með venjulega húðgerð getur eingöngu verið um eina klukkustund í sólinni án þess að húðin roðni. Í júnímánuði í fyrra mældist ÚF-stuðullinn í sextán daga yfir fimm stigum. Mest náði hann 7,5 stigum. - jse

Lífeyrissjóðirnir aldrei stærri:

# Eignir upp á 2.000 milljarða

**VIÐSKIPTI** Hrein eign lífeyrissjóðanna stóð í rúmum tvö þúsund milljörðum króna í lok maí og höfðu hún þá aldrei verið meiri.

Heildareignir námu 2.007 milljörðum króna og var það 23 milljarða króna aukning á milli mánaða.

Mest jókst eign lífeyrissjóðanna í ríkisskuldabréfum, eða um 15,2 milljarða króna.

Greining Íslandsbanka segir svo virðast sem sjóðirnir hafi notað handbært fé í töluverðum mæli til fjárfestinga í maí. - jab



**SKROKKAR SKORNIR** Hlutabréf SS hafa verið skráð um árabil á Opna tilboðsmarkaðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/

SS á First North-markaðinn:

# Fyrsta félag á markað í þrjú ár

**VIÐSKIPTI** Hlutabréf Sláturfélags Suðurlands (SS) verða skráð á First North-hlutabréfamarkaðinn á fimmtudag. Hlutabréfin hafa um árabil verið skráð á tilboðsmarkað Kauphallarinnar. Þau verða afskráð þar á morgun fyrir skráningu á First North-markaðinn.

Stjórnin telur breytinguna henta SS mjög vel. Um tvö hundruð milljón hlutir verða skráðir á markaðnum. Skráning SS er sú fyrsta á íslenskum hlutabréfamarkaði síðan Skipti, móðurfélag Símans, var skráð í Kauphöllina vorið 2008. - jab

Aukinn hagvöxtur í Litháen:

# Reisa innanhússskíðasvæði

**LITHÁEN Efnahagurinn í Litháen er á góðri leið með að ná sér eftir hrunið 2008. Í bænum Druskininkai í suðurhluta landins, alveg við landamæri Hvíta-Rússlands, eru menn svo bjartsýnir að þeir hafa hafist handa við gerð innanhússskíðasvæðis eins og reist var í Dubai. Tvær skíðabrekkur verða innanhúss en ein utanhúss. Lengsta brekkan verður nær hálfur kílómetri að lengd.**

**Vonast er til að 200 til 400 þúsund manns komi á svæðið á hverju ári. Í Litháen hefur aðeins verið hægt að skíða í tvo til þrjá mánuði á ári en nú verður hægt að æfa sig allt árið.** - ibs

# Vilja fá hreindýr á vestfirskar heiðar

**Hópur Vestfirðinga áformar að flytja hreindýr í heimasveitina. Í áliti frá sænska yfirdýralæknaembættinu segir að hreindýr smiti ekki sauðfé. Yfirdýralæknir sem og Búnaðarsamband Strandamanna eru á móti hugmyndinni.**

**DÝRALÍF** Hópur Vestfirðinga áformar að flytja hreindýr til Vestfjarða innan þriggja ára. Þó standa nokkur ljón í veginum en Búnaðarsamband Strandamanna hefur lagst gegn áformunum sem og Halldór Runólfsson yfirdýralæknir meðal annars vegna hættu á að þau smiti riðu eða garnaveiki.

„Ef sýnt verður fram á það með vísindalegum hætti að þau smiti sauðfé á svæðinu þá verðum við fyrstir til að bakka með þessa hugmynd,“ segir Magnús Ólafs Hansson, einn af hvatamönnunum. „Við erum hins vegar ekki til í að láta tala okkur af hugmyndinni bara með einhverjum „af því bara“ rökum. Yfirdýralæknir segist mótfallinn þessu því að hreindýr geti hugsanlega smitað sauðfé. Þetta eru ekki vísindaleg rök.“



MAGNÚS ÓLAFS HANSSON

Hann segir að hópurinn hafi fengið álit hjá sænska yfirdýralæknisembættinu og þar segir að hreindýr geti ekki smitað sauðfé af riðu eða garnaveiki.

Halldór segist ekki hafa séð þetta álit. „Ég þyrfti að fá að sjá hvaða forsendur þeir gefa sér áður en ég segi eitthvað um það,“ segir hann. „Aðalatriðið er þó það að við viljum láta Vestfirðinga, með sitt hreina svæði, njóta vafans,“ segir hann, „Vestfirðingar hafa algjöra sérstöðu hvað það varðar og því markmiði var náð með miklum fjárútlátum af hálfu ríkisins og eins með miklum fórnum af hálfu bænda. Því er það ekki ásættanlegt að taka hættuna á því að einhverjir sjúkdómar komi upp á svæðinu. Við lítum líka svo á að hagsmunir sauðfjárbænda vegi þyngra en hagmunir hóps manna sem vilja flytja hreindýr á svæðið einungis til að skjóta þau.“

Varðandi það að málið hafi aldrei verið rannsakað segir hann: „Það liggja reyndar fyrir ákveðnar rannsóknir sem Sigurður Sigurðarson dýralæknir gerði og við byggðum okkar álit meðal annars á þeim.“

Hann segir einnig önnur rök renna stoðum undir afstöðu hans.

„Í fyrsta lagi vita menn ekki hvort fæðuframboðið sé nægilegt á svæðinu svo að þau þrífist þar,“ segir hann. „Síðan halda engar venjulegar girðingar þessum dýrum, þau gætu þess vegna farið suður í Dali eða eitthvert annað þar sem þeirra er ekki óskað.“

Magnús Ólafs ítrekar að rannsaka verði öll þessi atriði. „Ef það kemur upp úr dúrnum, eftir þá skoðun, að þetta sé ekki gæfulegt þá tökum við því.“ Hann segir enn fremur að kanna þyrfti hversu mörg dýr væri hyggilegt að hafa á svæðinu, en þau gætu hugsanlega verið á bilinu tuttugu til fimmtíu.

jse@frettabladid.is



**HREINDÝR Á AUSTFIRSKRI HEIÐI** Ef hvatamönnum að vestan verður kápan úr klæðinu verður þess ekki langt að bíða uns hreindýr sjáist einnig á vestfirskum heiðum. FRÉTTANLAÐIÐ/VILHELM

UNICEF á Íslandi:

# Söfnun fyrir Austur-Afríku

**MANNÚÐARMÁL UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, á Íslandi stendur nú fyrir fjársöfnun til hjálpar vannærðum börnum í Austur-Afríku.**

**Yfir tvær milljónir ungra barna þjást af vannæringu og um 500 þúsund þeirra eru nú þegar talin lífshættulega vannærð vegna mestu þurrka í hálfa öld og hækkaðs matvælaverðs, segir í fréttatilkynningu frá Barnahjálpinni.**

**Hægt er að styrkja neyðarstarf UNICEF með því að hringja í söfnunarsímanúmerin 908-1000 (1.000 krónur), 908-3000 (3.000 krónur), 908-5000 (5.000 krónur).**

**Einnig er hægt að styrkja neyðarstarfið í gegnum heimasíðu UNICEF á Íslandi eða með því að leggja inn á neyðarreikning samtakanna: 515-26-102040, kennitalan er 481203-2950.** - jse

HIV-faraldurinn:

# Hópsýking hjá sprautufíklum

**HEILBRIGÐISMÁL** Af 53 fíkniefnaneytendum sem greinst hafa með HIV-sýkingu síðastliðinn aldarfjórðung hafa 32 greinst á síðustu fjórum árum.

Meðalaldur þeirra er 34 ár og ákveðin innbyrðis tengsl eru milli margra þeirra sem hafa smitast.

Þetta kemur fram í Farsóttafréttum sóttvarnalæknis.

Enn fremur segir að annað sem einkenni faraldurinn meðal fíkniefnaneytenda sé að margir þeirra hafi misnotað rítalín með því að sprauta efninu í æð.

Auk fíkniefnaneytendanna hafa 216 aðrir greinst með HIV-sýkingu undanfarinn aldarfjórðung. - jss

HÓPKAUP.IS Í DAG

Dömu- eða herraklipping – eitt verð

1.490 kr.

GILDIR 24 TÍMA

Verð 3.800 kr.

Afsláttur 60%

Afsláttur í kr. 2.310 kr.

50 viðskiptavini þarf til að virkja tilboðið



Ásta Hársnyrtistofa er í Bolholti 6. Síminn er 588 3200. Hárlitun er á kostakjörum hjá Ástu sem selur einnig hárvörur á lágu verði, t.d. vörur frá TIGI.

HÓPKAUP

í krafti fjöldans

hópkaup.is

PIPAR\TBWA • SÍA

Vandasamt að heyja í brekkunni ofan við Kvíaból í Köldukinn:

# Heyrúlla fór í gegnum fjósvegg

**LANDBÚNAÐUR** Það getur verið vandasamt að heyja í brekkunni fyrir ofan bæinn Kvíaból í Köldukinn en í síðustu viku rúllaði 800 kílóa heyrúlla niður túnið og braut sér leið inn í fjós.



MARTEINN SIGURÐSSON

„Það voru nokkrar kýr inni og ég er viss um að einhver þeirra hefur orðið fyrir henni þó ekki sjái á neinni,“ segir Marteinn Sigurðsson, bóndi á Kvíabóli.

Hann segir að rúllan hafi oltið úr bindivélinni. Þá getur fátt stöðvað hana en í brekkunni er í um 18 til 23 gráðu halli. Hún lenti með slíku afli á fjósinu að hún fór í gegnum vegginn, sem gerður er úr einangrunarklæðningu, og reif upp veggstoð sem skrúfuð var niður í gólfið. Hafi hún lent á kú hefur þó stoðin verið búin að taka mesta höggið.

„Þetta var slíkur kraftur í þessu að konan mín sem var heima hélt að það hefði orðið sprenging,“ segir Marteinn en íbúðarhúsið er fyrir neðan fjósið. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Marteinn horfir á eftir heyrúllu niður brekkuna. Eitt sinn endaði rúlla á steyptum hlöðuvegg og sprakk þar. Marteinn getur þó andað léttar núna því búið er að heyja í hallanum mikla.

Kýrnar fengu væna sárabót fyrir öll óþægindin sem þær urðu fyrir en þar sem rúllan var orðin götótt var ekkert annað að gera, segir Marteinn, en að opna hana og leyfa kúnum að gæða sér á innihaldinu. - jse



**FERÐALOK HEYRÚLLUNNAR** Kýrnar á Kvíabóli fengu að gæða sér á innihaldinu þegar rúllan var búin að raska ró þeirra í fjósinu. MYND/HAUKUR MARTEINSSON

Betra Bak kynnir!

# TEMPUR® CLOUD

## – heilsudýnan sem hefur slegið öll met hjá Tempur® –

dýnan sem
styður svo
vel við þig
að þér
finnst
þú



svífa
í svefni



ADEINS FRÁ TEMPUR® VIÐURKENNT TEMPUR EFNI™

## 20% kynningarafsláttur í júlí



## Mest selda TEMPUR heilsudýna í heimi*

TEMPUR þrýstijöfnunarefnið er mjúkt þar sem þú vilt og stíft þar sem þú þarft™ og veitir þannig réttan stuðning við allan líkamann og hámarksþægindi.

Cloud heilsudýnan *frá* Tempur mun hjálpa líkamanum að finna þægilegustu svefnstöðu og hámarkshvíld.

Komdu í dag og upplifðu Tempur® Cloud. Gerðu kröfur - Tempur stenst þær !

TEMPUR WARRANTY 15 15 YEARS LIMITED WARRANTY MATTRESSES

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY

EINA DÝNAN OG KODDINN SEM VIÐURKENND ERU AF NASA OG VOTTUÐ AF GEIMFERÐASTOFNUNINNI

### Frábært verð!

Cloud heilsudýnan
fæst í öllum stærðum.

Verðdæmi: 160x200 cm
Kr. 217.600,- með kynningarafsætti

Farðu inn á betrabak.is hér

* Cloud dýnan hefur slegið öll met hjá Tempur á heimsvísu!

Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

## GENGIÐ 11.07.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 116,64 | 117,20 |
| Sterlingspund | 186,23 | 187,13 |
| Evra | 164,70 | 165,62 |
| Dönsk króna | 22,078 | 22,208 |
| Norsk króna | 21,266 | 21,392 |
| Sænsk króna | 18,040 | 18,146 |
| Japanskt jen | 1,4442 | 1,4526 |
| SDR | 184,73 | 185,83 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
221,1646

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Áttatíu farþegum bjargað eftir að ferðamannabátur sökk á fljóti í Rússlandi:

# Óttast að yfir 100 hafi drukknað

**RÚSSLAND, AP** Staðfest er að 41 er látinn og óttast er um líf áttatíu til viðbótar eftir að bátur sem sigldi með ferðamenn um fljótið Volgu í Rússlandi sökk á sunnudag. Áttatíu ferðamönnum var bjargað.

Talið er að 208 manns hafi verið um borð í bátnum Búlgaríu, sem hafði aðeins leyfi til að flytja 120 farþega. Ekki er vitað hverjar orsakir slyssins eru, en sjónarvottar segja ofhlaðinn bátinn skyndilega hafa tekið að halla. Skömmu síðar gekk alda yfir þilfarið, og sökk báturinn innan við tíu mínútum síðar. Allir þeir sem björguðust voru Rússar, en ekki er vitað hvort erlendir ríkisborgarar voru um borð.

Siglingar með fljótabátum eru vinsæl dægradvöl í Rússlandi og eyðir fjölskyldufólk gjarnan nokkrum dögum um borð. Mörg börn voru um borð og sögðu þeir sem björguðust að um 50 börn höfðu safnast saman aftast á bátnum skömmu áður en hann sökk.

Báturinn var um þrjá kílómetra frá landi þegar hann sökk. Fljótið Volga er lengsta fljót í Evrópu, og allt að 30 kílómetra breitt. - bj



**SORG** Ættingjar fólks sem talið er af biðu milli vonar og ótta eftir fréttum af björgunarstörfum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skortur á sveigjanleika:

## Flugslysaáætlun endurskoðuð

**ÖRYGGISMÁL Útköll vegna flugatvika, þar sem flugslysaáætlun fyrir Keflavíkurflugvöll var virkjuð, voru samtals sautján á síðasta ári, að því er segir í ársskýrslu lögreglunnar á Suðurnesjum fyrir árið 2010.**

**Á rýnifundum sem haldnir voru eftir virkjun flugslysaáætlunar komu fram ýmsir þættir sem viðbragðsaðilar töldu að betur mætti fara. Þannig var viðbragð í mörgum tilvikum of mikið og skorti á sveigjanleika í áætluninni til að mæta aðstæðum hverju sinni.** - jss

# Vísindamenn sakna vélar Gæslunnar sem er í útleigu

**Flugvél Landhelgisgæslunnar, TF-SIF, er mikilvæg fyrir jarðvísindamenn í eldgosum. Hún verður að störfum fyrir ESB í Miðjarðarhafi fram til loka september. Með hennar hjálp má meta stærð katla og hugsanleg hlaup.**

**VÍSINDI** Flugvél Landhelgisgæslunnar, TF-SIF, er mikilvægt hjálpartæki jarðvísindamanna þegar eldgos verða, að mati tveggja jarðeðlisfræðinga. Nú, þegar töluverðar jarðhræringar hafa verið bæði í Kötlu og Heklu, er vélin hins vegar fjarri góðu gamni, við Miðjarðarhaf að sinna verkefnum fyrir landamærastofnun Evrópusambandsins. Þar verður hún til loka september.

Hlaup hófst úr kötlum í Mýrdalsjökli aðfaranótt laugardags og niður í Múlakvísl, með þeim afleiðingum að þjóðvegur eitt fór í sundur. Ekki er enn fyllilega ljóst hvað olli hlaupinu, en hugsanlegt er að lítið eldgos hafi orðið.

Freysteinn Sigmundsson, jarðeðlisfræðingur hjá Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, segir að TF-SIF, sem er útbúin ratsjá og hitamyndavél, hefði ekki endilega hjálpað mikið til við að greina orsakir hlaupsins um helgina. Skyggni hafi verið ágætt og því hafi verið hægt að fljúga yfir á þyrlu Gæslunnar, sem hafi dugað til í þetta skipti. Hefði hins vegar tekið að gjósa af krafti hefði annað verið uppi á teningnum.

> Hún [TF-SIF] sannaði sig alveg í gosunum á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli.
>
> EYJÓLFUR MAGNÚSSON JARÐEÐLISFRÆÐINGUR

„Ef eldgos hefði náð að bræða sig upp í gegnum jökulinn og mynda katla þá hefði verið auðveldara að greina katlana og nýjar sprungur miklu fyrr úr flugvélinni," segir Freysteinn.

Með ratsjánni er hægt að greina þessi fyrirbæri í gegnum skýjaþykkni og hitamyndavélin hjálpar til þegar kvika er við það að brjótast upp á yfirborðið. Hvorugt tækjanna er að finna í þyrlum Gæslunnar.

Eyjólfur Magnússon, samstarfsmaður Freysteins, tekur í sama streng. Flugvélin geti nýst vel við að meta stærð katla og þar með stærð mögulegra hlaupa úr þeim. „Hún sannaði sig alveg í gosunum á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli. Í svoleiðis atburðum er hún mjög mikilvæg fyrir okkur jarðvísindamenn," segir hann.

„Auðvitað vildum við á Jarðvísindastofnun helst hafa aðgang að henni sem oftast, en við skiljum það svo sem að við ráðum því ekki," bætir hann við. stigur@frettabladid.is

## Tækjakosturinn mikið til í Miðjarðarhafi

Það er ekki bara flugvélin TF-SIF sem er sem stendur í útleigu hjá Evrópusambandinu og að störfum í Miðjarðarhafi. Hún er þar ásamt varðskipinu Ægi, sem er væntanlegt heim um miðjan október og auk þess verður varðskipið Týr þar að störfum fyrir Fiskveiðieftirlitsstofnun ESB fram í miðjan nóvember. Það er því varðskipslaust við Íslandsstrendur um þessar mundir, og verður þangað til hinn nýsmíðaði Þór kemur til Íslands í byrjun október.

Landhelgisgæslan hefur leigt út tækjakost sinn drjúgan hluta úr ári undanfarin misseri vegna fjárhagserfiðleika. „Okkur fannst skárri kostur að fara í þessi verkefni en að þurfa að leggja tækjum og segja upp fólki," útskýrir Hrafnhildur Brynja Stefánsdóttir upplýsingafulltrúi. Þarna fái starfsmenn dýrmæta reynslu og þjálfun.

Við þetta má bæta að annarri þyrlu Gæslunnar, TF-GNÁ, verður í ágúst lagt í þrjár til sex vikur vegna viðhalds og hin, TF-LÍF, fer síðan í viðhald til Noregs eftir áramót í tvo til þrjá mánuði.

## Tæki Gæslunnar um allan heim




**TF-Gná** verður lagt í ágúst í þrjár til sex vikur vegna viðhalds.

**TF-Líf** fer til Noregs í viðhald eftir áramótin í 2-3 mánuði.

**Varðskipið Þór** er í smíðum í Síle. Verður líklega afhent í september.

**Týr, Ægir og TF-Sif** eru að störfum á Miðjarðarhafinu. Sif og Ægir eru væntanleg heim um miðjan október en Týr í nóvember.



**SAMKOMULAGI NÁÐ** Skrifað var undir viljayfirlýsingu um framkvæmdirnar fyrir helgi.

Nýjar íbúðir í Kópavogi:

## Íbúðir fyrir aldraða reistar

**FÉLAGSMÁL** Stefnt er að því að reisa 28 íbúða fjölbýlishús fyrir eldri borgara á Kópavogstúni 2 til 4 á næstu tveimur árum. Skrifað var undir viljayfirlýsingu þess efnis fyrir helgi.

Samtök aldraðra munu auglýsa íbúðirnar meðal félagsmanna sinna og sjá um sölu þeirra en framkvæmdir eiga að hefjast þegar allar íbúðirnar hafa verið seldar.

Íbúðirnar verða tveggja, þriggja og fimm herbergja. Þær stærstu verða 200 fermetra þakíbúðir en hinar verða um 80 til 130 fermetrar að stærð. - mþl

### LÖGREGLUMÁL

**Fjölskylda í bílveltu**

Tveir fullorðnir og tvö börn sluppu ómeidd úr bílveltu við Vogastapa á sunnudag. Lögregla varð vitni að því þegar bíl fólksins var ekið utan í vegrið og valt. Fólkið var flutt á heilsugæslu en fékk að fara heim að lokinni skoðun.

### LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu í gær kom fram að fyrsta leiksýningin sem Jón Gunnar Þórðarson leikstýrði í menningarhúsinu Hofi á Akureyri hafi verið Hárið. Það er rangt, Rocky Horror reið þar á vaðið í leikstjórn Jóns Gunnars.

TRÚLOFUNARHRINGAR
*falleg minning á fingur*



JÓN & ÓSKAR 1971-2011 40
PIPAR\TBWA • SÍA • 111301
www.jonogoskar.is LAUGAVEGUR / SMÁRALIND / KRINGLAN

## VEÐURSPÁ



Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður

**HRESSANDI** Bongóblíða á N- og A-landi í dag og á morgun en einhver væta SV- og V-til. Yfirleitt fremur hægur vindur en hvassara SV-til og allra austast. Á fimmtudag dregur heldur fyrir með úrkomu S-lands. Ágætis hiti áfram, 10-18 stig.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 31° |
| Basel | 30° |
| Berlín | 26° |
| Billund | 21° |
| Frankfurt | 29° |
| Friedrichshafen | 33° |
| Gautaborg | 21° |
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 21° |
| Mallorca | 31° |
| New York | 32° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 20° |
| París | 30° |
| San Francisco | 19° |
| Stokkhólmur | 21° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

# SUMARDAGAR

**20-50%**
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

*Smíðum rafmagnsrúm í öllum stærðum!*



## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 20% afslætti.**

**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifingu**

# SUMARDAGAR

**Frí heimsending á hjónarúmum! / Tökum gamla rúmið upp í nýtt!**

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

**Vertu örugg/ur. Komdu í greiningu**

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.

### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.



**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

## VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

## KJÖRKASSINN



Gætir þú hugsað þér að kaupa litla rafmagnsvespu?

| | |
|---|---|
| Já | 56,7% |
| Nei | 43,3% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

Viltu láta brenna lík þitt?

Segðu þína skoðun á Vísir.is

Segir ekkert hæft í fregnum Morgunblaðsins af fundi með leiðtoga Kína:

# Stendur áfram til að hitta Wen

**STJÓRNMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir ekkert hæft í því að hún hafi hafnað því að hitta kínverskan starfsbróður sinn, Wen Jiabao, á fundi 14. júlí.

Í frétt Morgunblaðsins frá 7. júlí fullyrti Agnes Bragadóttir blaðamaður að ekki hefðu fengist skýringar frá forsætisráðuneytinu hví Jóhanna „sá sér ekki fært að taka á móti Wen Jiabao, forsætisráðherra Kína“, en Kínverjar hefðu nefnt þann dag sem mögulega dagsetningu fundar.



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

„Það er ekkert hæft í þessu. Þetta er einfaldlega eins og maður segir á hreinni íslensku: Moggalygi. Það var búið að festa niður heimsókn 14. júlí og ég er búin að samþykkja hana. Við vorum farin að undirbúa hana sem og viðskiptalífið, en síðan komu skilaboð frá Kínverjum að þeir gætu ekki þegið hana á þessum tíma,“ segir Jóhanna.

Hún segir að Kínverjum hafi verið boðið að velja úr dagsetningum það sem eftir er af þessu ári eða á því næsta.

Jóhanna segir athugasemdum hafa verið komið á framfæri við Morgunblaðið en ekki hafi verið tekið tillit til þeirra. Þá hafi Kínverjar sent Morgunblaðinu staðfestingu á að heimboðinu hafi ekki verið hafnað, en hún hafi ekki heldur birst á síðum blaðsins.

„Þetta er ótrúleg blaðamennska, ég hef aldrei séð annað eins.“ - kóp

Sérsveitin kölluð út í Keflavík:

# Ógnaði fólki með startbyssu

**LÖGREGLUMÁL Sérsveit lögreglunnar var kölluð út vegna ölvaðs manns sem ógnaði fólki með byssu í miðbæ Keflavíkur að morgni sunnudags. Víkurfréttir greindu fyrst frá málinu.**

**Maðurinn hafði ógnað tveimur stúlkum við skemmtistaðinn Center og meðal annars beint að þeim byssu. Þegar lögregla mætti kom á daginn að maðurinn bar svokallaða startbyssu, sem gjarnan eru notaðar við upphaf kapphlaupa. Maðurinn var handtekinn og færður til yfirheyrslu. - sh**


## Dr Organic – hreinar náttúruvörur

Kælandi og græðandi hrein náttúruafurð á húðina í sólinni



„Double Strength“ Lífrænt og 98,9% hreint Aloe Vera gel án skaðlegra aukaefna svo sem:
Gervilitarefna, parabena, SLS, ilmefna eða rotvarnarefna

Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum



VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA Á! TOPTUL THE MARK OF PROFESSIONAL TOOLS




IBTTG-28305

283 HLUTA VERKFÆRASKÁPUR.

1/4", 3/8" og 1/2" topplyklasett
Fastir lyklar, sexkantar og skrúfjárn,
djúpir toppar, höggskrúfjárn, öfuguggasett,
slaghamar, splittatangir, tangir, bitar og fl.
Lífstíðarábyrgð af toppum og föstum lyklum.

www.sindri.is / sími 575 0000 SINDRI

Viðarhöfða 6 - Reykjavík Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

KOMDU Í ÖLL HELSTU PARTÝIN MEÐ OKKUR

m.visir.is Fáðu Vísi í símann!

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. vísir


# Framfarir í tækni kalla á öflugra net

**Mikil fjölgun þráðlausra tækja sem senda gögn sín á milli og farsímar með góðum myndavélum gerir það að verkum að byggja þarf upp gagnaflutningsnet sem getur borið mikið magn upplýsinga. Flutningsgeta mun margfaldast.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvað er þetta 4G-farsímanet?

Farsímafyrirtækin Nova og Síminn hafa sótt um heimild til Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) til að prófa innleiðingu á því sem kallað hefur verið fjórða kynslóð í gagnaflutningstækni. Vodafone fylgist grannt með þróun mála.

„Þessi tækni mun að sjálfsögðu ryðja sér til rúms hérlendis líkt og annars staðar. Við fylgjumst mjög vel með þróuninni og erum í góðu sambandi við Vodafone erlendis, sem þegar er kominn með tæknina í rekstur. Íslendingar munu njóta góðs af þeirri reynslu þegar þar að kemur,“ segir Kjartan Briem, framkvæmdastjóri tæknisviðs Vodafone.

### Heilmikil þróun

Þeir forsvarsmenn símafyrirtækjanna sem Fréttablaðið hefur rætt við segja þau skref sem stigin voru með þriðju kynslóð í gagnaflutningstækni hafa verið svar við kröfu um aukna möguleika í þráðlausum lausnum. Það sama eigi við um uppfærslu í fjórðu kynslóð í gagnaflutningstækni. Það er stigið vegna snarprar þróunar í nettengjanlegum tækjum og tólum síðustu misserin, svo sem með tilkomu öflugra snjallsíma, þráðlausra nettölva og spjaldtölva, og kallar á aukna burðargetu kerfisins svo hægt sé að flytja mikið magn gagna á milli tækja.



KJARTAN BRIEM

Þriðja kynslóðin í fjarskiptatækni var kynnt til sögunnar úti í hinum stóra heimi í kringum síðustu aldamót. Það ræður við í kringum sjö til fjórtán megabæta gagnasendingar á sekúndu. Kerfið gerði þeim sem áttu farsíma með netvafra og önnur nettengjanleg tæki kleift að rápa um netið auk þess sem sækja mátti og senda myndir á milli tækja í hærri upplausn en áður og hljóðskrár af miklum gæðum. Þá gerði þriðja kynslóðin í farsímatækni fólki kleift að horfa næsta hnökralaust á sjónvarpsfréttir í farsímum og tölvum tengdum þráðlaust við gagnaflutningsnetið.

Með fjórðu kynslóðinni í gagnaflutningstækni er stigið enn eitt skrefið. Það ber um tífalt meira gagnamagn en forverinn, allt frá hundrað til þúsund megabæta á sekúndu.

### Eftirspurn skoðuð í sumar

Ekki liggur fyrir hvernig staðið verður hér að uppbyggingu og tíðniúthlutun fjórðu kynslóðarinnar í gagnaflutningstækni. Þegar uppbygging 3G-netsins var boðin út á sínum tíma voru gerðar miklar útbreiðslukröfur og þurftu tíðnirétthafar að skuldbinda sig til að byggja kerfið upp í mörgum smærri byggðarlögum í öllum kjördæmum landsins.

Í öðrum löndum voru tíðnir boðnar upp, svo sem í Þýskalandi. Sá galli fylgdi gjöf Njarðar að sá fékk tíðnina sem hæst bauð í hana. Kostnaðurinn lenti á herðum neytenda sem urðu að greiða háar fjárhæðir til að nýta sér tæknina. Kostnaðurinn hefur minnkað talsvert síðan þá.

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) ætlar í sumar að efna til opins samráðs um tíðnistefnu PFS. Þar verður jafnframt kannað hversu mikill áhugi er hjá fjarskiptafyrirtækjunum á næstu kynslóð í fjarskiptatækni.

jonab@frettabladid.is



**ÖFLUGIR SNJALLSÍMAR** Farsímar í dag eru nær því að vera smátölvur. N8-farsíminn frá Nokia er með 12 megadíla myndavél. Öflugt gagnaflutningsnet þarf til að senda myndir í þvílíkri upplausn á milli farsíma eða í tölvur.

### Kerfin í hnotskurn

1G-netið: Þetta er fyrsta farsímakerfið. Það var tekið í notkun árið 1981. Áherslan einvörðungu á flutning á tali.

2G-netið: Farsímaskerfi sem kynnt var í Finnlandi árið 1991. Áherslan var lögð á flutning á tali. Uppfærslur á 2G-netinu, svo sem GPRS-netið sem gjarnan er kallað 2,5G, geta ráðið við gagnaflutning frá 56 kílóbætum (Kbit) á sekúndu til 115 kbæta. Næsta skref, EDGE, ræður svo við 230 kbæt á sekúndu. Kerfið gerði notendum þráðlausra tækja kleift að senda ýmis stafræn gögn, svo sem hreyfimyndir í lítilli upplausn.

3G-netið: Japanska fjarskiptafyrirtækið NTT DoCoMo svipti hulunni af tækninni árið 2001. Hér var það tekið formlega í notkun í kringum 2007. Kerfið ræður við mun meiri gagnaflutninga, í kringum sjö til rúmlega fjórtán megabæt (Mbæt) á sekúndu. Af þeim sökum ráða farsímar og önnur nettengjanleg tæki við almennt netráp auk þess sem tæknin gerir það að verkum að sækja má og senda myndir í hærri upplausn og hljóðskrár af meiri gæðum en áður, jafnvel horfa á sjónvarpsfréttir í símanum.

4G-netið: Nokkrar gerðir af gagnaflutningsnetinu hafa verið í notkun í tvö ár, svo sem í Bandaríkjunum, Noregi og Svíþjóð. Áherslan er nú einvörðungu á stafræna gagnaflutninga og er sendihraðinn 100 Mbæt á sekúndu og allt upp í 1 Gbæt.

> Þessi tækni mun að sjálfsögðu ryðja sér til rúms hérlendis líkt og annars staðar.
>
> KJARTAN BRIEM
> HJÁ TÆKNISVIÐI VODAFONE




Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
jab@frettabladid.is

# Auris HSD

## Nýttu orkuna aftur

TOYOTA




ÍSLENSKA SIA.IS TOY 55671 07/11

Auris HSD er hugvitsamlegur bíll sem sameinar tvo orkugjafa - bensínvél og rafmótor.
Hann endurnýtir orkuna í akstri svo að afköstin verða meiri og hann eyðir ótrúlega litlu.
Fáðu að vita meira á toyota.is/auris

HYBRID SYNERGY DRIVE

ENDURNÝTIR ORKU

136 DIN HÖ VINNUR VEL

89g $CO_2$/km MENGAR MINNA

3.8L /100km SPARAR BENSÍN

www.toyota.is

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi |
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 |

Today Tomorrow Toyota

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvaða leikmaður KR skoraði öll þrjú mörk liðsins í sigri á Fylki á sunnudag?*
2. *Hvaða íslenski söngvari sigraði í Bach-keppni fyrir einsöngvara á dögunum?*
3. *Hvert var aflaverðmæti Málmeyjar SK 1 eftir 34 daga langan túr?*

**SVÖR**

1. Guðjón Baldvinsson 2. Benedikt Kristjánsson 3. 360 milljónir.

Pace Associates í Panama sagt hafa þvættað peninga fyrir forseta Níkaragva:

# Lánþegi Fons bendlaður við glæpi

**VIÐSKIPTI** Eignarhaldsfélag í Panama, sem Fons Pálma Haraldssonar lánaði þrjá milljarða árið 2007, er í kanadíska dagblaðinu Gazelle bendlað við peningaþvætti fyrir fyrrverandi forseta Níkaragva.

Félagið heitir Pace Associates. Skiptastjóri þrotabús Fons hefur í tvö ár reynt að grafast fyrir um það hvað varð um milljarðana þrjá sem lánaðir voru 2007. Lánasamningurinn var ekki útbúinn fyrr en viku eftir að féð var millifært og afskrifað samdægurs. Skiptastjórinn íhugar nú að stefna



PÁLMI HARALDSSON

stjórn Fons til greiðslu skaðabóta vegna lánveitingarinnar.

Litlar sem engar upplýsingar hefur verið að hafa um félagið Pace Associates en það dúkkaði upp í umfjöllun Gazelle í maí, þar sem er fullyrt að forráðamenn félagsins, Francis Perez og Leticia Montoya, hafi notað það til að þvætta peninga fyrir Arnoldo Aleman, sem var forseti Níkaragva frá 1997 til 2002. Hann var árið 2003 dæmdur í tuttugu ára fangelsi fyrir margvísleg fjársvik, en hæstiréttur landsins ógilti síðar dóminn.

Þeir Perez og Montoya eru sagðir vera í forsvari fyrir um tvö þúsund fyrirtæki í Panama.

Fram kom í skriflegu svari Pálma til fréttastofu RÚV í gær að lánið hafi ekki verið afskrifað heldur fært niður af varúðarástæðu. „Eins og þetta var kynnt fyrir mér var um að ræða áhættufjárfestingasjóð, sem meðal annars fjárfesti í fasteignaverkefnum víða um heim, þar með talið á Indlandi. Um var að ræða ákvörðun sem ég tók og fól það í sér að félagið væri lánveitandi, en ekki hluthafi í viðkomandi verkefnum. Með því taldi ég stöðu þess betri. Í raun ekki ósambærilegt við ótryggðar lánveitingar, t.a.m. lífeyrissjóða hér á landi fyrir hrun.“

Þá segir í svari Pálma að endurskoðandi Fons hafi fengið það svar frá Landsbankanum í Lúxemborg að vafi væri á því að krafan myndi innheimtast. Á þeim grundvelli hafi verið ákveðið að afskrifa lánið í bókum Fons en ekki gagnvart lántaka. **- sh**

Nefnd um eigendur fjölmiðla:

## Skila ráðherra tillögum í haust

**STJÓRNMÁL** Nefnd sem skila á til ráðherra tillögum um reglur um eignarhald fjölmiðla hefur hafið störf. Von er á tillögum frá nefndinni í haust.



KARL AXELSSON

„Við erum í raun bara í miðri á. Við höfum sumarið til að fara yfir þetta og ég vonast til þess að niðurstöðurnar liggi fyrir í september,“ segir Karl Axelsson hæstaréttarlögmaður, sem er formaður nefndarinnar.

Upphaflega stóð til að nefndin skilaði af sér í sumar en erfiðlega gekk að skipa í hana.

Kveðið var á um skipun nefndarinnar í bráðabirgðaákvæði í fjölmiðlalögunum sem samþykkt voru á síðasta þingi. **- mþl**

Heilsa kallar inn þaratöflur:

## Dagskammtur fyrir ofan mörk

**HEILBRIGÐISMÁL Heilsa hefur innkallað Sunny Green Kelp Nutrient Dense Algae þaratöflur að beiðni Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Ástæðan er sú að ráðlagður dagskammtur á umbúðunum er ein til tvær töflur, en hver tafla inniheldur 520 míkrógrömm. Efri öryggismörk fyrir neyslu joðs eru hins vegar 600 míkrógrömm þannig að með því að taka 2 töflur er dagskammtur af joði fyrir ofan leyfileg mörk sem matvælastofnun Evrópu hefur sett og metið sem öryggismörk fyrir neyslu joðs.**

**Framleiðandi þaratöflanna er Nutraceutical Corp í Bandaríkjunum og er þeim neytendum sem vilja skila vörunni bent á að hafa samband við Heilsu.** **- sv**

# Bjargaði þorpinu sínu með því að taka við flóttafólki

**Meira en 200 flóttamenn frá stríðshrjáðum löndum hafa fengið hæli í litlu ítölsku þorpi, sem var að lognast út af vegna fólksflótta. Bæjarstjórinn Domenico Lucano nýtur mikilla vinsælda meðal þorpsbúa.**

**ÍTALÍA** Domenico Lucano var á síðasta ári kosinn þriðji besti bæjarstjóri heims. Hann hefur unnið sér það til frægðar að bjarga litla þorpinu Riace syðst á Ítalíu frá landauðn með nokkuð óvenjulegri aðferð.

Fólksflótti hafði verið nokkuð stöðugur frá þorpinu áratugum saman, eins og frá mörgum smærri bæjum og byggðarlögum á Suður-Ítalíu. Unga fólkið hafði kynslóð eftir kynslóð flúið fátækt og atvinnuleysi og horfið á vit tækifæra í stórborgunum á norðanverðri Ítalíu eða til annarra landa.

Lucano brá á það ráð að bjóða flóttafólk velkomið í bæinn. Nú er svo komið að nokkur hundruð flóttamenn frá ýmsum löndum búa í sátt og samlyndi við aðra íbúa þessa tæplega tvö þúsund manna þorps.

„Þetta fólk er að flýja styrjaldir. Það hefur mátt þola pyntingar, það hefur upplifað erfiða hluti,“ er haft eftir Lucano í nýlegri frásögn fréttastofunnar AFP.

Þegar gengið er um þorpið má heyra popplög frá Eþíópíu hljóma úr hljómflutningstækjum. Konur frá Afríku sitja við sauma og börn frá Afganistan og Afríku leika sér saman. Litlu bæjarfyrirtækin hafa gengið í endurnýjun lífdaga og húsnæði, sem áður var í niðurníðslu, hefur verið gert upp.

Breska útvarpið BBC ræddi við Lucano fyrir nokkru. Hann sagði upphaf þessa alls mega rekja til þess þegar hann, fyrir tólf árum, sá flóttamenn frá Kúrdistan lenda í fjörunni fyrir neðan bæinn. Hann var kennari þá en tók þátt í að útvega þeim húsaskjól.



**SITJA Í MAKINDUM** Afganskur flóttamaður ásamt nokkrum ítölskum vinum sínum í flóttamannaparadísinni Riace, sem er vinalegt þorp í fögru umhverfi syðst á Ítalíu. NORDICPHOTOS/AFP

Sex árum síðar var hann orðinn bæjarstjóri og greip þá til sinna ráða.

„Þetta var draugabær áður en þessi bátur kom,“ sagði hann. Allir bæjarbúar voru í raun að búa sig undir brottflutning.

Hann sá sér fært að slá tvær flugur í einu höggi: hjálpa flóttafólkinu og bjarga bænum um leið.

Flóttamennirnir hafa sest að í yfirgefnum húsum og fá framfærslupeninga frá ítalska ríkinu meðan þeir hafa stöðu hælisleitenda. Margir þeirra hafa komið sér upp litlum verkstæðum þar sem þeir framleiða handverk til sölu, og drýgja þannig tekjurnar töluvert.

Heimamenn virðast flestir taka aðkomufólkinu fagnandi, enda hefur nýtt líf færst í bæinn.

„Fólkið í þessu þorpi er með hjartað á réttum stað,“ hefur AFP-fréttastofan eftir Asadullah Ahmadzai, sem kom frá Afganistan fyrir fjórum árum. „Þetta er eins og fjölskylda.“

**gudsteinn@frettabladid.is**



**DOMENICO LUCANO** Bæjarstjórinn vinsæli ásamt ungri eþíópískri stúlku á skrifstofu sinni. NORDICPHOTOS/AFP

### Misjöfn reynsla af flóttamannaparadís

Ekki hafa allir flóttamenn enst lengi í góða þorpinu Riace. Fyrir tveimur árum komu þangað 186 palestínskir flóttamenn og var komu þeirra hampað mjög í fjölmiðlum. Flestir þeirra hurfu á brott eftir stutta viðdvöl, hreint ekki ánægðir með viðkynnin.

Það var líbanska dagblaðið The Daily Star, sem skýrði frá reynslu Palestínumannanna fyrir stuttu og dró þar upp aðra mynd en til dæmis þýski kvikmyndagerðarmaðurinn Wim Wenders gerði fyrir nokkrum misserum í hálftíma langri heimildarmynd.

Meðal annars er rætt við Sameh Hekmat, 33 ára palestínskan flóttamann frá Írak, sem segir að þorpið hafi ekki haft upp á mikið að bjóða og móttökurnar verið vægast sagt viðvaningslegar.

„Við fengum engar bækur, enginn skóli var í boði fyrir unglinga, það tók mánuði að fá afhenta pappírana okkar, engin starfsþjálfun kom til greina og við sáum að það var enga vinnu að hafa þarna,“ sagði hann og undraðist ekki langvarandi fólksflótta frá þessu litla þorpi syðst á Ítalíu: „Atvinnulaust fólk hafði verið að forða sér kynslóðum saman.“


Velkomin í Eignastýringu Landsbankans

Eignastýring Landsbankans er sérhæfð fjármálaþjónusta fyrir viðskiptavini sem vilja byggja upp öflugt eignasafn og njóta sérfræðiráðgjafar á öllum sviðum bankaþjónustu.

Heimsæktu ráðgjafa Eignastýringar í Austurstræti 11, hringdu í 410 4040 eða sendu okkur póst á fjarmalaradgjof@landsbankinn.is.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000



Sigurður B. Stefánsson Eyrún Anna Einarsdóttir

B&S
KONUR

BOSS HUGO BOSS
HUGO HUGO BOSS
SAND
RALPH LAUREN

# 50%
afsláttur
af öllum vörum

B&S | Kringlunni 553 4141

# 40%
afsláttur af öllum útsöluvörum

HUGO BOSS

KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242

ath. nýjar herra og kvenvörur komnar í hús!

# 40%
afsláttur
af öllum vörum

herra
GARÐURINN
–klæðir þig vel

KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410

BOSS HUGO BOSS
SAND
strellson
eterna
POLO RALPH LAUREN
PETER VAN HOLLAND
FINUCCI collezione
bugatti
gardeur
TINO COSMA
VAN KOLLEM MADISON PARK • NY
LLOYD

nýjar
vörur
frá

molo

ENGLABÖRNIN
Falleg föt á stelpur og stráka...
Kringlunni sími 552 2201

# 50%
afsláttur
af öllum útsöluvörum

bisgaard
hummel
RALPH LAUREN
TICKET TO HEAVEN

HLAUP Í MÚLAKVÍSL




**NÝ BRÚ Í SMÍÐUM** Vegagerðin hóf í gær vinnu við gerð bráðabirgðabrúar yfir Múlakvísl. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Samgöngur komnar á yfir Múlakvísl

**Vegagerðin hóf í gær að flytja fólk og bíla yfir Múlakvísl á rútu og trukkum. Gert er ráð fyrir að hægt verði að anna 25 til 35 prósentum hefðbundinnar umferðar með þessum hætti. Vinna við bráðabirgðabrú er einnig hafin.**

**SAMGÖNGUR** Rúta og sérútbúnir vörubílar ferja nú fólk og bíla yfir Múlakvísl, þar sem þjóðvegurinn fór í sundur í hlaupinu á laugardag. Nokkur fjöldi fólks beið þess að komast yfir kvíslina þegar farið var í fyrstu ferð um miðjan daginn í gær.

Reynsla á eftir að komast á það hvernig flutningarnir ganga og hvernig aðstæður eru, en stefnt er að því að halda þessum flutningum áfram daglega þar til bráðabirgðabrú verður tilbúin, að sögn G. Péturs Matthíassonar, upplýsingafulltrúa Vegagerðarinnar. Vegagerðin hefur umsjón með flutningunum og mun standa straum af kostnaðinum við þá. Flutningur yfir Múlakvísl verður því almenningi að kostnaðarlausu. Björgunarsveitir og lögregla munu fylgjast með ferðunum og vakta svæðið. Björgunarsveitarbílar eru beggja vegna Múlakvíslar vegna flutninganna.

Vegagerðin gerir ráð fyrir því að hægt sé að anna um 25 til 35 prósentum af venjubundinni umferð með þessum hætti. Júlíumferð á svæðinu er um 1.000 til 1.200 bílar á sólarhring, en tíu mínútur tekur að koma bíl yfir vaðið. Því gæti fólk þurft að bíða ansi lengi eftir því að komast yfir ef mikil umferð verður á svæðinu.

Vinna er hafin við gerð bráðabirgðabrúar vestan megin við gamla brúarstæðið. Allt efni sem þarf er komið á staðinn og báðir brúarvinnuflokkar Vegagerðarinnar komu þangað í gær. Unnið verður á sólarhringsvöktum við gerð brúarinnar og aukamannskapur verður kallaður út eftir þörfum. Gert er ráð fyrir að um tvær til þrjár vikur taki að klára brúna, sem verður 150 til 160 metra löng.

Unnið er einnig að lagfæringum á vegunum á Fjallabaksleið nyrðri og Dómadalsleið. Mikil umferð var um Fjallabak í gær, en vegurinn er aðeins fær fjórhjóladrifnum bílum. Lögregla og björgunarsveitir hafa einnig eflt gæslu sína þar.

Vegagerðin hefur útbúið sex skilti sem komið verður upp í dag við Seyðisfjörð, Egilsstaði, Klaustur, Landvegamót og Rauðavatn. Skiltin eru á ensku og benda þannig ferðamönnum á að hringvegurinn er rofinn við Múlakvísl.

thorunn@frettabladid.is

## Engir nýir sigkatlar

Flogið var með vísindamenn yfir Mýrdalsjökul í gærmorgun. Engir nýir katlar hafa myndast og er staðan óbreytt frá því á laugardag. Ekki er frekari flóða að vænta nema nýjar hræringar verði á jöklinum, samkvæmt upplýsingum vísindamanna. Hluti Mýrdalsjökuls er þó enn lokaður og lýstur hættusvæði, samkvæmt Vegagerðinni.

Vegagerðin vinnur að smíði bráðabirgðabrúar:

# „Gerum okkar besta“

„Menn eru kvíðnir og slegnir yfir því að tapa tveimur verðmætustu vikum ársins í ferðaþjónustu,“ segir Einar Hafliðason, forstöðumaður brúardeildar Vegagerðarinnar. Hann var staddur í Víkurskála í gær á leið suður eftir vinnu við Múlakvísl.

Einar sat fund með fulltrúum Almannavarna og Ferðamálastofu ásamt ferðaþjónustuaðilum í Vík síðdegis í gær um stöðu mála. Þar kom fram gagnrýni á alla þá sem vinna að því að koma samgöngum í samt lag eftir að hlaupið í Múlakvísl rauf þjóðveginn um liðna helgi.

Á fundinum skýrði Einar verklag Vegagerðarinnar en vinna hófst við gerð bráðabirgðabrúar yfir Múlakvísl í gær. Einar reiknar með að fyrsti brúarstöpullinn verði tilbúinn í dag, tengingu komið á yfir kvíslina um næstu helgi og mögulegt að aka yfir hana eftir um viku.

„Við erum komin á fullt og gerum okkar besta,“ segir Einar. - jab



**SÉRFRÆÐINGUR Í BRÚARSMÍÐI** Einar tók á móti verðlaunum Norræna vegasambandsins, NVF, fyrir hönd Vegagerðarinnar fyrir hönnun Þjórsárbrúar árið 2008. NVF/HENRIK KETTUNEN

Skýrsla um samgöngur í kjölfar umbrota Kötlu:

# Erfitt verði að bæta Fjallabak nyrðra

Vafasamt þykir að hægt verði að gera miklar bætur á veginum um Fjallabak nyrðra vegna umhverfissjónarmiða þó hægt sé að bæta hann frá því sem er í dag. Þetta er meðal þess sem kemur fram í greinargerð um samgöngukosti og kostnað við landsamgöngur í kjölfar umbrota í Kötlu sem unnin var fyrir Vegagerðina í janúar árið 2008.

Kannað var hvaða umferðarleiðir eru færar í nágrenni við Kötlu meðan á umbrotum stendur og hver yrði hugsanlegur viðbótarkostnaður samfélagsins vegna lokunar á hringvegi um Mýrdalssand. Þeir samgöngukostir sem voru skoðaðir voru annars vegar um Norðurland og hins vegar um Fjallabak nyrðra.

Í skýrslunni kemur fram að leiðin um Norðurland liggi um uppbyggða vegi með slitlagi en leiðin um Fjallabak nyrðra sé víða um erfitt landslag, þrönga og hlykkjótta vegi sem ekki eru með bundnu slitlagi og ekki færir nema hluta ársins. Vafasamt sé að hægt verði að gera miklar bætur á veginum vegna umhverfissjónarmiða og að samgöngur um veginn að vetrarlagi muni einnig verða töluverðum erfiðleikum háð vegna snjóa og veðurs.

Ekki var gert arðsemismat þar sem um tímabundnar lokanir eða tilfærslur er að ræða.



**LAGAÐ TIL EFTIR HLAUP** Efla þarf öryggi á vinsælum ferðamannastöðum, að því er fram kemur í nýlegri skýrslu. MYND/FRIÐRIK

Taktu þátt í Lukkulífi VITA
Tyrkland 16. og 26. júlí.
Lukkulíf VITA gerir þér kleift að velja áfangastað, brottfarardag og lengd ferðar en upplýsingar um gististað berast þér síðar.
Kynntu þér ferðamöguleikana og skráðu þig í netklúbbinn á VITA.is
TYRKLAND
Bodrum
Vinsælasti sólarstaðurinn í Tyrklandi
Takmarkað sætaframboð
116.500 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar
Flug og gisting m/hálfu fæði miðað við 2 fullorðna og 1 barn í herbergi.
*Verð án Vildarpunkta 126.500 kr.
99.400 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar
Flug fram og til baka.
*Verð án Vildarpunkta 109.400 kr.
vita
VITA er lífið
VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is
ÍSLENSKA/SIA.IS VIT 55692 07/11




# Nýtt útilitakort

Vandað litakort – fullt af hugmyndum.
Þú getur nálgast litakortið á sölustöðum um land allt.




**málning**
*-það segir sig sjálft-*

**Útsölustaðir Málningar:** BYKO Kópavogi • BYKO Granda • Litaver Grensásvegi • BYKO Kauptúni • BYKO Akranesi • Axel Þórarinsson málarameistari, Borgarnesi • Virkið Hellissandi • Vilhelm Guðbjartsson málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO Reyðarfirði • G.T. VÍK Egilsstöðum • Verslunin PAN, Neskaupsstað • BYKO Selfossi • Miðstöðin Vestmannaeyjum • BYKO Keflavík • N1 verslun Grindavík • Málningarbúðin Ísafirði.

ÍSLENSKA/SIA.IS/MAL 54695 06/11

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Engin ástæða er til að bíða með umræður um umbætur í landbúnaðarkerfinu.

## Varnarlínur gegn skynsemi

Umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu er að sumu leyti eins og himnasending fyrir þá sem vilja sem allra minnstar breytingar á íslenzka landbúnaðarkerfinu. Andstæðingar breytinga geta nú sett þær allar í einn pakka merktan ESB og barizt svo gegn þeim á þeim forsendum að við ætlum nú ekki að láta útlendinga segja okkur hvernig eigi að reka íslenzkan landbúnað.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Þannig eru „varnarlínurnar", sem Bændasamtökin kynntu á nýjan leik í síðustu viku, í raun varnarlínur um óbreytt ástand í landbúnaði. Í ályktun Búnaðarþings, þar sem varnarlínurnar voru settar fram sem ófrávíkjanleg skilyrði í aðildarviðræðunum við ESB, var sömuleiðis sú krafa að „allar umræður sem leiða af sér grundvallarbreytingar á ríkisstuðningi, tolla- og stofnanaumhverfi íslensks landbúnaðar verði að bíða þar til yfirstandandi samningaferli lýkur".

Er það nú endilega nauðsynlegt? Margir af þeim sem hafa áhuga á umbótum í landbúnaðinum hafa engan áhuga á Evrópusambandsaðild og enga trú á að hún verði að veruleika. Af hverju þá að bíða með þessar umræður?

Alveg óháð ESB-aðild er til dæmis ástæða til að ræða hvort ekki þurfi að koma á bæði innlendri og erlendri samkeppni á búvörumarkaði hér á landi, með því að samkeppnislög nái til alls landbúnaðargeirans eins og annarra atvinnugreina og tollvernd verði afnumin, þannig að bændur og afurðastöðvar keppi við innflutning rétt eins og flestir aðrir innlendir framleiðendur neyzluvöru.

Um leið er ástæða til að ræða hvort færa eigi stuðning við hinar dreifðu byggðir úr markaðstruflandi, framleiðslutengdum styrkjum til framleiðenda mjólkur og kindakjöts og yfir í styrki sem fremur eru bundnir við búsetu, umhverfisvernd (til dæmis skógrækt eða endurheimt votlendis) og ferðaþjónustu svo dæmi séu nefnd. Það hefur verið þróunin í Evrópusambandinu. Ekkert segir að það geti ekki verið hagstæðari leið til að styrkja hinar dreifðu byggðir á Íslandi en núverandi kerfi, jafnvel þótt ekkert verði af aðild að ESB.

Forysta Bændasamtakanna og hin pólitíska forysta landbúnaðarmála, með ráðherra málaflokksins í broddi fylkingar, láta eins og íslenzka landbúnaðarkerfið sé svo frábærlega heppnað að verja þurfi það með kjafti og klóm, jafnt gegn ESB-aðild og öllum nýjum hugmyndum. En er kerfið svona dásamlegt? Sú staðreynd að íslenzkir skattgreiðendur og neytendur greiða einhverja hæstu landbúnaðarstyrki í heimi og borga engu að síður eitt hæsta búvöruverð á byggðu bóli úti í búð, segir okkur að eitthvað erum við að gera vitlaust. Þar við bætist að fjöldamargir bændur hafa ekki mannsæmandi afkomu af búskapnum og verða að grípa í aðra vinnu til að framfleyta sér og fjölskyldum sínum.

Heilbrigð skynsemi ætti því að segja okkur að full ástæða sé til að ræða nýjar leiðir í landbúnaðarmálunum. Hvaða tilgangi þjónar að verjast slíkri umræðu?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Asía frekar en ESB

Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur skrifar grein í Fréttablaðið í gær þar sem hann rekur skiptingu ESB-andstæðinga í þrjá flokka. Í þriðja flokknum eru, samkvæmt honum, þeir sem ekki hafa hrist af sér stórveldisdrauma útrásaráranna og vilja að Íslendingar séu heldur í samskiptum við Asíu og Bandaríkin en ESB. Í þessum flokki séu meðal annars Ólafur Ragnar Grímsson og Davíð Oddsson. Sá fyrrnefndi hafi lengi barist fyrir öflugum tengslum við Asíu en hinn trúi enn á gjöfult samband við Bandaríkin.



### Skemmtileg tilviljun

Vð hlið greinar Guðmundar birtir Árni Sigfússon grein þar sem hann veltir því upp hvort við séum tilbúin að ganga í ESB. Þar spyr hann meðal annars: „Óttast menn virkilega að standa í viðskiptaviðræðum við aðrar þjóðir og stærstu viðskiptasamsteypur heims, Kína eða Bandaríkin?" Skemmtileg tilviljun að greinarnar hafa raðast hlið við hlið; greiningin á stöðunni og dæmið henni til sönnunar.

### Heimilisfriðurinn úti?

Oft hefur verið grunnt á því góða með ráðherrum og stundum hefur friðurinn verið úti á ríkisstjórnarheimilinu. Nægir í því sambandi að rifja það upp þegar Ögmundur Jónasson yfirgaf stjórnina í september 2009. Þá var sambandið á milli hans og oddvita stjórnarinnar, Steingríms og Jóhönnu, orðið ansi stirt. Eftir því var tekið að Jóhanna skaut föstum skotum á Ögmund í Fréttablaðinu á laugardag í umræðu um byggingu nýs fangelsis. Þar sagði hún það ekki þýða að skilja eftir tillögu um tveggja milljarða ríkisútgjöld á borði ríkisstjórnarinnar, sem er byggingarkostnaður fangelsisins. Velta menn nú fyrir sér hvort friðurinn sé úti á stjórnarheimilinu.



kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Í umboði hvers?

Fangelsismál



Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra

Í leiðara Fréttablaðsins 9. júlí sl. segist Ólafur Þ. Stephensen, ritstjóri, vona að andstaða Vinstri grænna við allt sem heitir „einka" verði ekki til að fresta því að nýtt fangelsi rísi. Hér vísar ritstjórinn í þá afstöðu mína, sem ég hef verið beðinn um að gera grein fyrir, meðal annars í þessu blaði, að ég vilji reisa nýtt fangelsi á Hólmsheiði og standa þannig að því að kostnaður verði sem minnstur til framtíðar.

Ekki er um það deilt að einkaframkvæmd, sem felur í sér að einkaaðili reisi sérhæft húsnæði og leigi síðan opinberum aðilum, er miklu dýrari en að bjóða út hönnun og smíði fangelsis sem yrði frá fyrsta degi í eigu hins opinbera.

Einkaframkvæmdaleiðin var á árum áður ráðandi hjá hinu opinbera vegna þess að það var samkvæmt pólitískri trúarsetningu þess tíma. Ríkið minnkaði skuldir sínar með því að selja eignir en gerði á sama tíma ófrávíkjanlega leigusamninga til ára og áratuga. Breytingin var sú að bókhaldið leit betur út á pappír en kostaði skattgreiðendur margfalt meira. Síðan þekkjum við það að tilraunir til að ná fram hallalausum fjárlögum að forskrift Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafa valdið því að ekki hefur verið alveg horfið frá þessari leið. Ég hef hins vegar haldið því fram að þegar upp er staðið yrði fjárstreymið úr ríkissjóði með svipuðum hætti með einkavæðingarleiðinni nema mun meira. Byggingaraðilinn myndi, eins og ríkið, þurfa að taka lán en af láninu gæti hann ekki byrjað að borga fyrr en leigugreiðslur bærust frá ríkinu. Vextir þessa aðila yrðu að öllum líkindum hærri en ef ríkið tæki lánið beint og arðsemiskrafa fjárfestisins bættist þar einnig ofan á. Þetta gæti í þessu tilviki verið munur upp á hálfan milljarð. Byggingarhraðinn ætti hins vegar að geta verið sá sami hvor leiðin sem farin yrði.

Þetta á að vera málefnaleg umræða og verðskuldar annað en útúrsnúninga og skæting um að forpokuð sjónarmið ráði af minni hálfu. Ég tel þvert á móti að ég tali fyrir kredduleysi og hagkvæmnissjónarmiðum sem verði að ræða sem slík. Eða í hvers umboði talar ritstjóri Fréttablaðsins fyrir því að hagsmunir skattgreiðenda framtíðarinnar skipti engu máli?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Stóra lífsskoðanamálið

Trúmál



Bjarni Karlsson

sóknarprestur og fulltrúi Samfylkingarinnar í velferðarráði Reykjavíkur

Nú hefur það gerst að mannréttindaráð borgarinnar hefur afgreitt frá sér tillögur um samskipti skóla og trúfélaga, þær hafa verið lagðar fyrir borgarráð til umfjöllunar og mig langar að útskýra hvaða slys ég álít vera þar á ferð.

Gott eitt er að reglur séu settar um samskipti skólasamfélagsins við samstarfsaðila sína. Skýrar leikreglur eru af hinu góða. Vandinn er sá að tillögur mannréttindaráðs bera með sér háskalegan skort á félagslegu innsæi um leið og þær stangast á við almenna félagsvísindalega þekkingu. Hvort tveggja er ferlegt í stjórnmálum.

Núna þegar félagslegt atlæti barna í hverfum borgarinnar gisnar og rýrnar af orsökum sem öllum eru ljósar þá er það mjög umhugsunarvert að lagt skuli til í nafni mannréttinda að tómstundastarf þúsunda barna og unglinga sem engan skugga hefur borið á í vitund almennings sé sett inn í sviga og þeim aðilum sem að því standa í góðri sátt við foreldra og skólasamfélag skuli meinað að kynna starfið við hlið skáta, íþróttafélaga og annarra sem bjóða börnum félagsstarf. Þar með er verið að jaðarsetja öll þau börn og allar þær fjölskyldur sem rækja kirkjustarf í borginni og sækja þangað félagsskap og önnur gæði. Slík smættun og tortryggni á félagslífi þúsunda einstaklinga er vond. Við eigum að byggja upp samfélag sem samþykkir og gerir ráð fyrir fjölbreytileika en ekki að leitast við að útrýma fjölbreytninni og búa til sérstöðu.

Þá vil ég einnig vekja athygli á því að tillögur mannréttindaráðs Reykjavíkur fjalla í raun um heimsmynd almennings. Þar er beinlínis gengið út frá því að veraldleg heimsmynd sé hlutlaus, eðlileg og heilbrigð, en að trúarleg heimsmynd sé einkamál sem fólk skuli eiga við sjálft sig inni á eigin heimilum. Ég leyfi mér að fullyrða að hin viti borna íslenska alþýða muni aldrei treysta stjórnmálaafli sem taki afstöðu í trúarefnum.

Þriðja atriðið sem ég nefni sem dæmi um skort á félagslegu innsæi er sú forgangsröðun sem birtist í tillögum mannréttindaráðs. Býsn mættum við vera fegin ef helsta ógnin sem steðjaði að börnum okkar væri sú að innan skólakerfisins væri verið að innræta ómótuðum sálum annarlegar trúarhugmyndir og grensulausir trúboðsprestar léku lausum hala um lóðir og ganga. Þá væri nú létt að skakka leikinn og tryggja mannréttindi barna. Í nýrri skýrslu sem UNICEF á Íslandi birti fyrir skemmstu er að vísu hvergi minnst á slíkan vanda en önnur og þungbærari málefni lögð fram. Og tökum eftir að þar er hvatt til samvinnu allra, bæði ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka í þágu barna. Tillögur mannréttindaráðs eru aftur til þess fallnar að dreifa kröftum en sameina þá ekki.

Loks vil ég benda á þá alvarlegu rökvillu sem fólgin er í hugmyndinni um hlutlausan, ógildishlaðinn vettvang í skólum borgarinnar. Það er almenn félagsvísindaleg vitneskja að hvert félag og stofnun hefur sín gildi, meðvituð og ómeðvituð. Hver persóna ber með sér sinn skilning á heiminum og ber vitni þeirri heimsmynd sem hún hefur eignast. Hlutverk skólans er að undirbúa börn undir þátttöku í samfélagi. Það er gert með því að gera þau læs. Við viljum að börnin okkar verði læs jafnt á bækur sem fólk, á tölur og andrúmsloft, á tækni og list. Þess vegna eiga skólar að sækjast eftir samvinnu við ábyrga og hæfa aðila sem kynna sjálfa sig fyrir börnum. Allt það helsta sem við lærum lærum við í gegnum persónur. Foreldra- og skólasamfélagið á að sækjast eftir því að fá inn á sviðið einstaklinga, stofnanir og félög sem skilgreina má sem samherja að uppeldi og menntun barna. Þessir aðilar eiga að koma á forsendum skólans á forsendum barnanna í umboði uppalendanna og þeir eiga að bera með sér sín gildi og skilaboð, gefa innsýn í list sína, heimsmynd, þekkingu og ástríðu sína á öllum mögulegum sviðum. Og þau eiga að gera það í trúnaði við foreldra- og skólasamfélagið. Það er löng og farsæl hefð fyrir því á meðal okkar að samfélag hinna fullorðnu eigi samstöðu um það atlæti sem börnum er búið þvert á allar pólitískar skoðanir, trúarhugmyndir og hrepparíg. Það ber hvorki vott um félagslegt innsæi né fulla rökhugsun þegar menn halda að meðvitaðar og mótaðar lífsskoðanir eða trú úthýsi fagmennsku. Sú afstaða er bara menningarlegur tepruskapur og er í eðli sínu í andstöðu við ábyrga menntastefnu.

Borgarráð verður að bíða. Vönduð umræða þarf að fara fram. Upplýstir jafnaðarmenn í landinu munu ekki sætta sig við að stjórnmálaflokkur taki trúarafstöðu og mismuni borgurum landsins með þeim hætti sem nú stefnir í og borgarbúar munu ekki una því að kirkjustarfi í hverfum Reykjavíkur sé sópað út í horn með þótta og tortryggni í nafni mannréttinda.

# Hvað hugsa foreldrar – uppsetning trampólína

Samfélagsmál



Helga Dögg Sverrisdóttir

í stjórn Slysavarnadeildarinnar á Dalvík

Sumarið er tími trampólína og þau spretta upp í húsagörðum sem aldrei fyrr. Á nýafstöðnu þingi Landsbjargar þótti tilefni til að ræða öryggisatriði, innan slysavarnahópsins, er tengjast uppsetningu og notkun tækjanna. Til að vernda þá sem leika sér á trampólínum hefur Slysavarnafélagið Landsbjörg og Lýðheilsustöð (nú Landlæknisembættið) gefið út leiðbeinandi reglur, sem ábyrgðarmenn eru hvattir til að fara eftir þegar tækið er sett upp og við notkun á því. Víða í görðum um allt land má sjá þessi tæki. Fleiri en færri fara EKKI eftir þessum reglum sem í höfuðdráttum eru þessar:

„Meðfram trampólíninu þarf alltaf að vera að minnsta kosti 2,5 m autt svæði. Velja þarf stað sem er fjarri girðingum, gróðri og öðrum leiktækjum. Undirlagið þarf að vera stöðugt og ætti ekki að vera hart eins og malbik, heldur ætti frekar að setja það á gras. Gras dregur úr hættunni á að barnið meiði sig ef það dettur af leiktækinu. Gætið að því að ekkert sé undir trampólíninu sem gæti skaðað barnið ef það myndi hoppa niður í jörðu. Vírar sem notaðir eru til að festa leiktækið mega ekki vera fyrir ofan dúkinn svo ekki sé hætta á að barnið hoppi upp í þá.“

Það sem vekur athygli þegar uppsetning trampólína er skoðuð er að plássið í kringum þau er oft ónógt. Auk þess er vert að skoða hvernig þau eru fest niður. Börn eru oftar en ekki eftirlitslaus við leik og mörg í einu á þeim. Gróður liggur þétt upp að sumum þeirra, veggur stendur mjög nálægt hluta þeirra, ýmist húsveggur eða trépallur. Slysatíðni barna við leik á trampólínum eykst frá ári til árs og því ekki að ástæðulausu að reglur séu settar, til verndar börnum. Öðrum en forráðamönnum virðist meira í mun að vernda börnin sem kemur berlega í ljós við uppsetningu tækjanna.

> Gras dregur úr hættunni á að barnið meiði sig ef það dettur af leiktækinu. Gætið að því að ekkert sé undir trampólíninu sem gæti skaðað barnið ef það myndi hoppa niður í jörðu.

Það sinnuleysi sem ríkir í vali á stöðum og uppsetningu trampólína er athyglisvert þegar til þess er hugsað að í langflestum tilfellum eru börn að leik á þessum tækjum. Hvað þarf til, til að foreldrar og forráðamenn sjái ástæðu til að fara eftur leiðbeinandi reglum við uppsetningu trampólíns og búa börnum öruggt leiksvæði spyr sá sem ekki veit.



# Varnarlínur heimilanna

Evrópumál



Andrés Magnússon
Framkvæmdastjóri SVÞ



Margrét Kristmannsdóttir
formaður SVÞ

Bændasamtökin kynntu fyrir nokkrum dögum lágmarkskröfur Bændasamtaka Íslands í viðræðum við Evrópusambandið – svokallaðar varnarlínur sem eru sjö talsins. SVÞ, Samtök verslunar og þjónustu, gera ekki athugasemdir við þessar varnarlínur Bændasamtakanna, enda hverjum í sjálfsvald sett að setja sér markmið. SVÞ gerir þó athugasemd við þá varnarlínu sem áfram heimilar íslenskum stjórnvöldum að leggja tolla á búvörur frá ESB. Samtök verslunar og þjónustu telja rétt, í ljósi yfirlýsinga Bændasamtakanna sem innihalda markmið um frelsi og réttindi sér til handa, að samtökin séu minnt á að ganga ekki gróflega á frelsi og réttindi annarra þegna þessa lands.

En áður en lengra er haldið er rétt að halda því til haga hverju núverandi landbúnaðarkerfi er að skila. Í núverandi kerfi búa íslenskir skattgreiðendur við eitt dýrasta landbúnaðarkerfi í heimi og íslenskir neytendur við eitt hæsta landbúnaðarverð í heimi. Í kerfi sem er þannig uppbyggt mætti ætla að sama kerfi skilaði bændum einhverju í aðra hönd – fyrir því væri jú bændaforystan að berjast, en það er öðru nær. Bændur eru láglaunastétt þar sem atvinnutekjur bænda eru þær lægstu þegar atvinnutekjur í helstu atvinnugreinum eru bornar saman. Það verður því að teljast nokkuð undarlegt að Bændasamtökin vilji slá skjaldborg utan um kerfi sem allir tapa á – skattgreiðendur, neytendur en ekki síst bændur sjálfir. Þetta getur vart verið sú framtíðarsýn sem bændur sjá sér og sínum til handa?

En á það skal lögð áhersla að íslensk verslun styður íslenskan landbúnað – en getur ekki stutt óbreytt landbúnaðarkerfi – til þess er það einfaldlega of dýrt og of gallað. Vaxandi gagnrýni á núverandi landbúnaðarkerfi mun þó ekki síður koma frá íslenskum skattgreiðendum og íslenskum neytendum sem munu gera vaxandi kröfu um lægri skattbyrði og lægra matarverð enda vega landbúnaðarvörur rúm 40% í matarkörfu íslenskra heimila.

Íslenskir bændur og íslenskar landbúnaðarafurðir eru á mörgum sviðum í fremstu röð og munu um ókomna framtíð eiga samleið með íslenskum neytendum, enda vilja Íslendingar sjá öflugan íslenskan landbúnað. Hins vegar veltur björt framtíð bænda á að þeir. eins og allur annar atvinnurekstur, átti sig á hvar styrkleikar þeirra og veikleikar liggja og hvar framtíðarvaxtarmöguleikarnir eru. Þeir eru ekki margir Íslendingarnir sem væru til í að skipta út íslenska lambakjötinu, splunkunýjum kartöflum og fersku grænmeti svo eitthvað sé nefnt.

> Hagsmunir landbúnaðarins og neytenda verða að fara saman til að dæmið gangi upp til lengdar – að því leyti er landbúnaðurinn ekkert ólíkur öðrum atvinnugreinum í landinu.

Hins vegar væru mun fleiri til í að kaupa ódýrt innflutt kjúklinga- og svínakjöt enda skiptir færri máli hvar slíkar verksmiðjur eru staðsettar svo lengi sem þær uppfylla allar heilbrigðis- og gæðakröfur. Framleiðsla á svína- og kjúklingakjöti á enda miklu meira skylt við iðnaðarframleiðslu en hefðbundinn landbúnað og því leikur enginn vafi á að verið er að fórna meiri hagsmunum fyrir minni með því að vernda þennan iðnað fyrir innflutningi.

Við þekkjum það í versluninni að neytendum stendur til boða „sama“ vara á mjög ólíku verði. Neytendur geta keypt ódýr og dýr raftæki, ódýran og dýran fatnað, ódýran og dýran húsbúnað og svo mætti áfram telja. Og neytendur vilja hafa þetta val og á meðan sumir velja ódýrt eru aðrir sem velja dýrt og eru oft að fá eitthvað aukalega fyrir svo sem aukin gæði. Það er því á misskilningi byggt þegar Bændasamtök Íslands krefjast varnarlínu sem gengur gegn hagsmunum neytenda og gegn hagsmunum verslunarinnar. Hagsmunir landbúnaðarins og neytenda verða að fara saman til að dæmið gangi upp til lengdar – að því leyti er landbúnaðurinn ekkert ólíkur öðrum atvinnugreinum í landinu. Þannig byggir framtíð bænda á að þeir uppfylli kröfur íslenskra neytenda með einstökum gæðum og á verði sem neytendur eru tilbúnir að greiða fyrir. Sérstaða íslenskra afurða mun sanna sig á frjálsum markaði.

Hvort sem Ísland verður innan eða utan ESB berum við í versluninni engan kvíðboga fyrir framtíð íslenskra bænda ólíkt forystu þeirra sjálfra innan Bændasamtakanna – kvíðboga sem landbúnaðarráðherra hefur tekið kröftuglega undir. Enda hefur enginn landbúnaðarráðherra á seinni tímum lagt eins marga steina í götu innflytjenda til að flytja inn landbúnaðarvörur á samkeppnishæfu verði og Jón Bjarnason. Samtök verslunar og þjónustu hafa m.a. litið stjórnsýslu hans það alvarlegum augum að kvörtun hefur verið send til umboðsmanns Alþingis og er beðið niðurstöðu þess erindis.

Framtíð bænda byggir ekki á núverandi kerfi. en á meðan landbúnaðarráðherra og forysta bænda sjá óvini í hverju horni verða óumflýjanlegar breytingar mun erfiðari og tímafrekari. Á meðan sitjum við öll uppi með meingallað kerfi, sem allir tapa á. Verslunin og bændur eiga samleið í því að breyta kerfinu til hagsbóta fyrir alla.




# Til varnar rafmagnsvespum

Umferð



Einar Birgisson
rithöfundur

Það voru alvarleg mistök hjá löggjafanum að leyfa notkun rafmagnsvespna fyrir þá sem eru undir 15 ára. Þetta eru engin barnaverkfæri og ætti að banna þetta sem fyrst. Þeir sem hafa almenn ökuréttindi ættu að mega vera á rafmagnsvespum á götum sem hafa 30 km hámarkshraða en annars á gangstéttum og göngustígum. Ekki veit ég hvað gera á við aldurshópinn frá 15 til 17 ára eða þá sem ekki hafa ökuréttindi. Það þarf sérreglur fyrir þá sem hafa ökuréttindi og svo fyrir hina. Það er ekki hægt að setja fullorðið fólk með ökuréttindi í sama flokk og unglinga. Að banna fólki með ökuréttindi að fara um á rafmagnsvespum á götum með 30 km hámarkshraða heldur engu vatni og verður aldrei farið eftir né hægt að framfylgja því.

Fulltrúar Umferðarstofu hafa ákveðið að fara hamförum í forræðishyggjunni og finnst 25 km hraði á vespum of mikill. Það brunar nú fólk um á reiðhjólum á 30-50 km hraða út um allt. Það er enginn búnaður á bílum eða mótorhjólum sem takmarkar hraða þessara farartækja þó hámarkshraði sé lágur á þjóðvegum landsins. Mörg mótorhjól og bílar komast í 200-300 km hraða og enginn hefur áhyggjur af því.

Tryggingafélögin sjá sér leik á borði við að tryggja rafmagnsvespurnar og blása upp hættuna af þeim sem væru þetta hættulegustu ökutæki landsins. Þau berja í trommur með Umferðarstofu og ýkja hættuna. Til stendur hjá þeim að okra á vespueigendum sem eiga samt að hokra eftir gangstéttum á væntanlega 15-20 km hraða hið mesta sem er svipaður hraði og á rafmagnshjólastól.

Ég á sjálfur rafmagnsvespu og löggjafinn ætlast til að ég sem er fullorðinn maður með öll ökuréttindi og réttindi á stór mótorhjól silist um á gangstéttum þegar krakkar bruna um göturnar á reiðhjólum. Fulltrúi eins tryggingafélags talaði um það í sjónvarpinu að þar á bæ hefðu menn miklar áhyggjur af mögulegum alvarlegum slysum því vespurnar komast í 25 km hraða. Þetta hljómar eins og brandari. Ég hvet löggjafann til að hlusta ekki á áróðurskórinn sem hefur samstillt strengi sína. Það væri þó í lagi að hafa einhverja tryggingu á rafmagnsvespum, en hætta er á að tryggingafélög ætli sér að okra þarna og má þegar heyra tóninn frá þeim.

Það er talað um að 60 kg vespa með 60 kg ökumanni á 25 km hraða geti valdið gríðarlegu tjóni og hér sé svo mikil vá fyrir dyrum að liggur við að þurfi að kalla Alþingi saman. Þarna er um að ræða 120 kg á 25 km hraða, en margir hjólreiðamenn eru í 100 kg klassanum og hjólin um 20 kg og þeir fara um á 40-50 km hraða og valda því meira höggi. Enginn hefur áhyggjur af því og þó er vespan miklu öruggara farartæki sem hefur spegla, ljós og góðar bremsur.

Ef rafmagnsvespur verða gerðar skráningarskyldar og tryggðar þá liggur beinast við að breyta rafbúnaði þannig að þær komist í um 35-40 km hraða og hafi leyfi til að aka á götum sem hafa 30 km hámarkshraða svo framarlega sem ökumenn hafi almenn ökuréttindi.

Ég hvet þá sem vilja auka framgang umhverfisvæns ferðamáta að standa vörð gegn forræðishyggjunni og væntanlegu einelti sem verið er að undirbúa á hendur rafmagnsvespueigendum.



ÞÚ FÆRÐ LUKKUSEÐIL JÓAKIMS
ÞEGAR ÞÚ TÆMIR BAUKINN
ÞINN Í ÚTIBÚI ARION BANKA!
Arion banki
SAFNAÐU
ÞREMUR
LUKKUSEÐLUM
JÓAKIMS!
LUKKUSEÐILL
JÓAKIMS
SUMARLEIKUR
Disney
...með þér, í allt sumar!
Taktu þátt í sprellfjörugum Sumarleik Disney
og þú getur unnið glæsilega vinninga.
©Disney
*Á FRAMTÍÐARREIKNING HJÁ ARION BANKA.
AÐALVINNINGUR
150.000.-KR*
SAFNAÐU 3 LUKKUSEÐLUM JÓAKIMS.
DREGIÐ VIKULEGA Í SUMAR
UM 40.000.- KR VINNING Í SAMSTARFI
VIÐ ARION BANKA*
AUK FJÖLDA GLÆSILEGRA
DISNEY-VINNINGA.
STÓRGLÆSILEGIR VINNINGAR!
BRANDARABÓK ANDRÉSAR,
SUMAR SMÁSYRPA,
JÓAKIM AÐALÖND ÆVI OG STÖRF,
RISA SYRPA,
STÓRA DISNEY MATREIÐSLUBÓKIN,
ÁSKRIFTIR FRÁ DISNEY,
40.000.- KR VINNINGUR FRÁ ARION BANKA*,
& GJAFABRÉF Á HAMBORGARAFABRIKKUNA.
Dregið út alla
miðvikudaga á
Bylgjunni í allt
sumar!
LUKKUSEÐILL JÓAKIMS
FYLGIR DISNEY-BLÖÐUM
OG BÓKUM Í SUMAR!
ÞANKA STRIK
BRANDARABÓK
ANDRÉS EXTRA
SYRPA
ANDRÉS ÖND
MÚSAHÚS MIKKA
ÞANKA STRIK
ANDRÉS EXTRA
Reglur leiksins og nánari upplýsingar á disneybok.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**JÚLÍUS SESAR** (12./13. júlí 100 f.Kr.[1] – 15. mars 44 f.Kr.) herforingi og einvaldur í Róm fæddist þennan dag.

*„Ég kom, sá og sigraði."*

## Pumpað í Hörpu

Vörusýningin Icelandic Fitness and Health Expo 2011 verður haldin í Hörpu dagana 4.-6. nóvember en samningur þess efnis var undirritaður á föstudag. Þetta er fyrsta alþjóðlega vörusýningin sem haldin er í Hörpu. Á sama tíma mun Evrópumeistaramót leikmanna í World Bodybuilding & Fitness Federation fara fram.

„Við héldum mótið í fyrsta skipti í fyrra og mættu um sex þúsund manns. Í ár verður keppt í vaxtarrækt, fitness, krossfitt, aflraunum, brasilísku jiu jitsu og ýmsu öðru," segir Hjalti Úrsus, framkvæmdastjóri sýningarinnar. „Mótið fer fram í Silfurbergi en auk þess munum við leggja anddyri tónlistar- og ráðstefnuhússins undir vörusýningar ýmissa aðila sem tengjast þessum greinum. Má þar nefna söluaðila ýmissa lyftingatækja og fæðubótaefna."



**FITNESS Í HÖRPU** Hjalti Úrsus stendur að baki sýningunni.

HAFNARGÖNGUHÓPURINN: HEFUR GENGIÐ EINS OG KLUKKA Í TUTTUGU ÁR

# Hittast alltaf á sama horninu



**FRÓÐLEGAR GÖNGUR** Gestur Gunnarsson við hornið góða þar sem svo margir hafa mælt sér mót síðastliðin 20 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/PÉTUR

Alla miðvikudaga síðastliðin 20 ár, hvort sem er í stormi og hríð eða sólskini og blíðu, hafa liðsmenn Hafnargönguhópsins hist við norðvesturhorn Hafnarhússins í Reykjavík og haldið þaðan upp í ýmsa skemmtilega göngutúra. Núverandi formaður gönguhópsins er Guðlaugur Leósson sem hefur verið forystusauður síðan stofnandi hópsins, Einar Egilsson, féll frá.

„Hafnargönguhópurinn varð til í kringum afmæli Reykjavíkurhafnar fyrir 20 árum," segir Gestur Gunnarsson einn þeirra léttfeta sem hafa verið með frá upphafi. „Höfnin er tekin í notkun 1917 með hafnargörðunum og á 75 ára afmæli hafnarinnar voru skipulagðar kynningarferðir um hafnarsvæðið. Sá sem stjórnaði því var Einar Egilsson sem var mjög duglegur maður og mikið í útivist," segir Gestur. Þessar gönguferðir þóttu svo skemmtilegar að ákveðið var að halda þeim áfram en ganga ekki aðeins um hafnarsvæðið heldur vítt og breitt um Reykjavík í viku hverri.

Að sögn formannsins Guðlaugs er markmið gönguhópsins að koma fólki út að ganga, hreyfa sig, skoða náttúruna og veita öðrum félagsskap. Gestur tekur undir þau orð og segir hálf hlæjandi: „Já, já! Hver sem er getur mætt klukkan átta og þá er hinn sami boðinn velkominn. Það er ótakmarkaður aðgangur og engin skilyrði. Þarna eru menn sem vita svo mikið um umhverfið og borgina og allt mögulegt. Einar var mjög góður í því sko," segir hann og kveðst hafa orðið margs vísari í þessum göngum.

„Einar gjörþekkti til dæmis allar gömlu leiðirnar til Reykjavíkur. Þær voru ekkert einfaldar því það þurfti alltaf að ganga á þurru landi, þar sem vont var að fara yfir mýri. Þess vegna var gengið eftir Bústaðahálsinum og út í Öskjuhlíð, yfir flugvallarsvæðið og út á Seltjarnarnes. Það var ein leiðin til Reykjavíkur, en þá voru menn að fara í ver úti á Seltjarnarnesi," segir Gestur og bendir á að höfuðborgin og nágrenni hafi breyst mikið síðan menn komu þangað gangandi og ríðandi.

Gestur minnist þess að mest hafi hátt í tvö hundruð manns tekið þátt í göngu en í þeirri verst sóttu hafi ekki nema þrír látið sjá sig. Að meðaltali koma hins vegar á bilinu tíu til tuttugu manns. Útivistin er yfirleitt ókeypis en stundum tekur hópurinn sig til og gerir eitthvað sem þarf að borga fyrir. „Nýlega leigðum við okkur bát og fórum út í Engey. Það var merkilegt að koma þar því þar er svo rosalega mikið fuglalíf, enginn minkur. Þar er líka stjórnstöð fyrir stórskotalið, sem er að vísu búið að taka græjurnar úr, en þaðan átti að stjórna vörnum Reykjavíkur gegn árás á sjó," segir Gestur.

Hann vonar að fjöldi meðlima í Hafnargönguhópnum aukist frekar en hitt og hlakkar til að sjá hve margir mæta við norðvesturhornið á Hafnarhúsinu á morgun klukkan átta.

nielsg@365.is

---

†

*Eiginmaður minn,*

**Jónas S. Thorsteinsson**

skipstjóri,

lést á heimili sínu í Pensacola, Florida, miðvikudaginn 6. júlí s.l.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Kolbrún Hoffritz Thorsteinsson.**

---



†

*Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,*

**Kolbrún Eggertsdóttir**

frá Siglufirði,

lést í faðmi fjölskyldunnar á heimili dóttur sinnar að morgni 10. júlí.

**Jóna Th. Viðarsdóttir**
**Guðný Ó. Viðarsdóttir** **Gísli V. Þórisson**
**Vilborg Rut Viðarsdóttir** **Aðalsteinn Arnarsson**
**Þóra Viðarsdóttir** **Michael Lund**
**barnabörn, barnabarnabörn og systkini.**

---



†

*Okkar ástkæra og yndislega eiginkona, móðir, tengdadóttir, tengdamóðir, systir og frænka,*

**Camilla Ása Eyvindsdóttir**

Bakkastöðum 81, Reykjavík,

lést á Landspítala við Hringbraut í faðmi fjölskyldu sinnar föstudaginn 8. júlí. Útförin fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 15. júlí kl. 11.00.

**Pétur Óli Pétursson**
**Ólafur Ingi Heiðarsson** **Halla Jónsdóttir**
**Ásta Camilla Harðardóttir** **Kristinn Snær Steingrímsson**
**Svanhildur Sigríður Mar Pétursdóttir**
**Pétur Kr. Pétursson** **Sigríður Ólafsdóttir**
**Brynjólfur Eyvindsson**
**Bjarni Eyvindsson** **Bergljót Ingvarsdóttir**
**Karl Viðar Pétursson**
**Þórunn Ýr Elíasdóttir** **Guðni Már Egilsson**
**frændsystkin og börn**

---



†

*Elsku hjartans dóttir mín, systir okkar og barnabarn,*

**Bergþóra Bachmann**

sem lést af slysförum í Basel 1. júlí sl., verður jarðsungin frá Hallgrímskirkju föstudaginn 15. júlí kl. 13.00.

**Eyrún Þóra Baldursdóttir Bachmann**
**Ingi Steinn Bachmann**
**Guðríður Jónsdóttir Bachmann**
**Ástrós Jónsdóttir Bachmann**
**Sóley Rut Jónsdóttir Bachmann**
**Bergþóra Bachmann** **Baldur M. Stefánsson**

---



†

*Okkar ástkæri sonur, unnusti og bróðir,*

**Sigþór Bessi Bjarnason**

Næfurási 3, Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi miðvikudaginn 6. júlí, verður jarðsunginn frá Langholtskirkju föstudaginn 15. júlí kl. 13.00.

**Guðrún E. Baldvinsdóttir** **Bjarni Bessason**
**Erna Jóna Guðmundsdóttir**
**Magnús Snorri Bjarnason**
**Sólveig Bjarnadóttir**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Alma Anna Þórarinsson**

síðast til heimilis að Laugarásvegi 36, Reykjavík,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni 9. júlí. Útförin verður auglýst síðar.

**Þórarinn Hjaltason** **Halla Halldórsdóttir**
**Oddur Hjaltason** **Ingibjörg Jakobsdóttir**
**Sigríður Hjaltadóttir** **Þórir Ragnarsson**
**Hrólfur Hjaltason**
**Gunnlaug Hjaltadóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,*

**Aðalheiður Lárusdóttir**

frá Sjávarborg, Neskaupstað,

sem andaðist á hjúkrunarheimilinu Eir sunnudaginn 26. júní, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 14. júlí kl. 13.00.

**Sigurður Ottósson** **Alda K. Helgadóttir**
**Hermann Ottósson** **Jóhanna G. Þormar**
**Dagbjört Lára Ottósdóttir** **Ingólfur Arnarson**
**Friðrik Jón Ottósson** **Helen Ólafsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og bræður.**



**Guðný Aradóttir** er ein af stofnfélögum styrktarfélagsins Göngum saman, sem hefur það að markmiði að styrkja grunnrannsóknir á brjóstakrabbameini, ætlar að ganga á Esjuna á háum hælum klukkan 17 í dag. Hún safnar áheitum og vekur athygli á árlegri fjáröflunargöngu félagsins hinn 4. september.

;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473

NÝKOMINN – SUMARLEGUR



teg LUCY - mjög fallegur í D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 8.350,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366

Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.

www.misty.is

Vertu vinur




Sölustaðir:

10 -11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V- Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga,Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskbúðin Freyja, Melabúðin.

Eirberg

Rafskutlur

-frelsi og nýir möguleikar

Einfaldar í notkun og hagkvæmar í rekstri



Ný kynslóð

Opið virka daga kl. 9 -18, lokað á laugardögum 1. maí til 31. ágúst

Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

**Sarah Neufeld úr hljómsveitinni Arcade Fire kemur með jógakennaranum Ryan Leier til Íslands í ágúst.**



# Kennir jóga við undirleik fiðluleikara Arcade Fire

Ég get ekki beðið eftir að koma aftur til Íslands. Ég hef komið átta sinnum áður enda Vestur-Íslendingur," segir Ryan Leier. jógakennari frá Kanada, sem verður gestakennari jógastöðvarinnar Yoga Shala að Engjateigi í ágúst. „Amma og afi voru Íslendingar og Kjarval var frændi minn," segir Ryan glaðlega en hann reynir að koma til Íslands á hverju sumri. Landið er orðið honum afar kært enda spilaði hann körfubolta í tvö tímabil með Stjörnunni og ÍR.

Ryan kemur ásamt fjölskyldu sinni til landsins í byrjun ágúst og dvelur hér í þrjár vikur. Fyrstu tvær vikurnar ætlar hann að njóta landsins með dóttur sinni og konu en síðustu vikuna kennir hann Íslendingum jóga. „Reyndar koma líka nokkrir vinir mínir frá Kanada til að taka þátt í námskeiðinu," segir Ryan og nefnir sérstaklega vinkonu sína Söruh Neufeld sem er ein af hljómsveitarmeðlimum Arcade Fire. Hún mun spila undir á námskeiðinu en er líka sjálf fínn jógakennari að sögn Ryans.

„Ég hef unnið mikið með

FRAMHALD | 3



Kynning - auglýsing

# Heilsuhótelið er orkugjöf

**Bergþór Pálsson óperusöngvari var nýlega gestur á Heilsuhóteli Íslands á Ásbrú í Reykjanesbæ og lætur einstaklega vel af dvölinni. Þar bar hæst fjölbreytt dagskrá, hollur og ljúffengur matur og skemmtilegur félagsskapur að mati Bergþórs sem sneri endurnærður heim til sín.**

Þetta var alveg dásamlegt í alla staði, ég á ekki annað orð yfir það," segir óperusöngvarinn góðkunni, Bergþór Pálsson, nýkominn heim úr endurnærandi dvöl á Heilsuhóteli Íslands á Ásbrú í Reykjanesbæ.

Bergþór var upphaflega fenginn til að koma fram og syngja á hótelinu og segir starfsemina hafa komið skemmtilega á óvart. „Ég ætlaði alls ekki að dvelja þarna og viðurkenni fúslega að ég fór á staðinn með fyrirfram mótaðar hugmyndir og svolítið litaðar af neikvæðri umræðu í fjölmiðlum. Þegar á hólminn var komið reyndust þær hins vegar ekki eiga við rök að styðjast og upplifunin var svo ánægjuleg að ég ílengdist þarna."

Hvað heillaði þig helst? „Bara öll sú hugmyndafræði sem liggur til grundvallar starfsemi Heilsuhótelsins og gengur út á að veita gestum góða hreyfingu, næringu og nauðsynlega hvíld inn á milli. Ristilskoðun er sem sagt ekkert aðalatriði auk þess sem greiða verður sérstaklega fyrir hana," útskýrir Bergþór, sem hafði ánægju af því að fylgjast með þreytulegu fólki grennast, hressast og fá lit í vanga á hálfum mánuði. „Ég kem heim með allt aðrar hugmyndir um hótelið."

Einn helsti kosturinn er þó óupptalinn að hans mati. „Þegar maður er í fríi erlendis kemur maður oftar en ekki þreyttur til baka og er nokkra daga að jafna sig á eftir. Ég kem hins vegar alveg úthvíldur af hótelinu og finnst þetta því fyllilega þess virði." Hann bætir við að vistin kunni að virðast dýr við fyrstu sýn en nánari athugun leiði hið gagnstæða í ljós. „Þegar allt er tekið með í reikninginn, gisting, matur og fjölbreytt stundaskráin þá er þetta alls ekkert dýrt."

Hugarðu almennt vel að heilsunni? „Já. Það skiptir auðvitað miklu máli, ekki síst fyrir söngvara þar sem röddin er dyntótt hljóðfæri og með því að hugsa um heilsuna dregur úr líkum á einhverju veseni með hana," svarar Bergþór og tekur nokkur dæmi. „Ég reyni að passa upp á mataræðið með því að forðast óhóflega neyslu sykurs, hveitis og koffíns og forðast eftir fremsta megni hvaðeina sem kemur mér í uppnám. Enda allt orkuþjófar. Á móti hreyfi ég mig reglulega, reyni að sofa og slaka vel á, því án þess virkar hollt mataræði og hreyfing bara upp að vissu marki. Á Heilsuhóteli Íslands er hugað vel að öllum þáttum."

## Opið í sumar hjá Heilsuhóteli Íslands

**Næstu námskeið**

15.-29. júlí

12.-26. ágúst

Endurnýjuð orka.

Sími 5128040

heilsa@heilsuhotel.is

www.heilsuhotel.is

Ásbrú, Reykjanesbæ.



Bergþór segir tónlist geta haft góð áhrif á líkamlega jafnt sem andlega heilsu. „Það er þó ekki sama hvernig tónlistin er því sum tónlist getur verið beinlínis heilsuspillandi," tekur hann fram. MYND/VILHELM

## RAUÐRÓFUR



Rauðrófur hafa lengi verið nýttar vegna blóðhreinsandi áhrifa. Efni í þeim eru ótrúlega hreinsandi. Meþíónín dregur til dæmis úr kólesteróli og hreinsar úrgangsefni úr líkamanum. Betanín hjálpar lifrinni að hreinsa sig.

Heilsuhótel Íslands útbýr rauðrófusafa sem er borinn fram ferskur og heitur. Hægt er að læra að útbúa rauðrófusafa eða nálgast hann á hótelinu. Guðdómlegt bragðið og vitneskja um lækningarmátt og hollustu er á flestra vitorði.

*www.heilsuhotel.is/uppskriftir*

## LÍKAMSMEÐFERÐIR Á HEILSUHÓTELINU



Epsom-líkamsmeðferð er vinsæl meðal hótelgesta á Heilsuhóteli Íslands, enda ekki að ástæðulausu. Líkaminn er skrúbbaður frá toppi til táar með heilnæmu magnesíumríku salti sem blandað er með lífrænni ólífuolíu.

„Meðferðin leysir upp dauðar húðfrumur þannig að húðin andar betur, verður frískleg. Olían gefur húðinni raka og silkimjúka áferð. Meðferðin örvar blóðrás og sogæðakerfi, veitir vellíðan og styrkir þar af leiðandi ónæmiskerfið. Þetta er besta líkamsskrúbb sem ég hef kynnst. Það er gaman að vinna með það enda er það algjörlega náttúrulegt og laust við öll aukaefni. Manneskjan verður endurnýjuð rétt eins og af dvölinni á hótelinu." *Steinunn Aðalsteinsdóttir heilsuráðgjafi*



## CITROSEPT BIOFLAVINOID LOKSINS Á ÍSLANDI




Efnið Bioflavinoid skortir í nútímafæði mannsins en er nauðsynlegt mannslíkamanum, meðal annars til þess að vinna á og útrýma candidasveppnum og sýkingum í líkamanum. Bioflavinoid er unnið úr hvítu himnunni sem umlykur greipaldinávöxtinn.

- Citrosept dregur úr sykurlöngun.
- Gott fyrir alla sem sækja í sætindi.
- Citrosept er ríkt af andoxunarefnum og forvörn gegn krabbameini.
- Citrosept er frábært eftir sýklalyfjanotkun.

Pöntunarsími: 512 8040

www.heilsuhotel.is

# HREINGERNING

ÞRIÐJUDAGUR 12. JÚLÍ 2011

Kynningarblað Þrif, hreinsiefni, húsráð, þvottur.



Nokkrir starfsmenn ISS Ísland fyrir utan höfuðstöðvarnar í Austurhrauni 7 í Garðabæ. MYND/VILHELM

# Sjá um allt frá A til Ö

**ISS Ísland er stærsta eignaumsýslufyrirtæki í heimi með um 530.000 starfsmenn í 52 löndum, þar af 800 á íslandi.**

Þetta er nokkuð sem margir vita ekki af og halda að ISS sé bara ræstingafyrirtæki," segir Ívar Harðarson, sviðsstjóri fasteignaumsjónar, en ISS hjálpar fyrirtækjum að losna við áreiti og umstang sem fylgir því að reka fasteign og að halda henni í ásættanlegu ásigkomulagi. Hugmyndin á bak við þessa þjónustu er meðal annars sú að stjórnendur og eigendur geti betur einbeitt sér að sinni kjarnastarfsemi.

„Segjum að þú eigir Kringluna eða einhverja aðra húseign. Þá gætum við hjá ISS séð um alla fjármálastjórnun, fjárstýringu, greiðslur og innborgun fyrir húsið, allt bókhald fyrir húseignina, innheimtu á leigugjöldum og aðra fjármálastjórnun. Sjálfur getur þú svo bara verið í golfi á meðan við sjáum um fjárhagsáætlanir, rekstraráætlun og samskipti við endurskoðendur," segir Ívar og telur upp lítið eitt af þeirri þjónustu sem ISS býður upp á. Hann útskýrir að ekkert sé ISS óviðkomandi í fasteignaumsýslunni, allt frá því að laga hurð til þess að jafna ágreining við leigjendur og nágranna, og að sjá um að halda lóð umhverfis hús snyrtilegri sem og bílastæðum.

ISS sér ekki aðeins um veraldlegar eignir fyrirtækja heldur býður fyrirtækið líka upp á stoðþjónustu en í henni felst meðal annars símavarsla, móttaka, ljósritun, póstumsjón og umsjón fundarherbergja. Svo má ekki gleyma veitingasviðinu: „Hvort sem þú þarft að láta sjá um mötuneyti starfsmanna, kaffistofuna eða umsjón með fundum og öðrum viðburðum þá búum við til lausn sem er sérsniðin. Við seljum núna yfir 2.000 matarskammta á dag sem er ekkert smotterí," segir Ívar en maturinn er keyrður út þó að einnig sé hægt að fá kokk til að elda á staðnum ef aðstæður eru fyrir hendi.

ISS býður líka upp á lausnir varðandi móttökur, fundi, boð og veislur þar sem fagfólk á snærum ISS annast umsjón og framkvæmd.

„Svo geta fyrirtæki valið þessa þjónustuþætti, hvað viltu að við tökum að okkur?" segir Ívar og minnist svo á að ISS Ísland hafi náð þeim árangri að vera fyrirmyndarfyrirtæki VR árið 2011. „Það er í sjötta skipti sem fyrirtækinu hlotnast sá heiður. Fyrirmyndarfyrirtækið er valið eftir ánægju starfsmanna. En það sem starfsmenn okkar gera í stuttu máli er að sjá um eignir frá A til Ö, alveg sama hvort það er á fasteignasviði, veitingasviði, ræstingasviði eða í stoðþjónustunni eða skrifstofuaðstoðinni," segir Ívar.

## HRÓSIÐ KÆTIR OG EYKUR GÆÐI

Ein af ástæðum þess að ISS Ísland kemur vel út í mælingum VR á ánægju starfsmanna er sú að fyrirtækið gerir sér grein fyrir því að hrós er mikilvægt. Reglulega er gerð könnun á meðal viðskiptavina ISS og í leiðinni er athugað hvað þeir eru ánægðir með. Þegar við á er hrósinu komið til skila. En þetta segir á heimasíðu ISS: „Okkur Íslendingum er ekki gjarnt að hrósa og við eigum oft erfitt með að taka við hrósi. Í hrósi er hins vegar fólgin viðurkenning á að vel sé gert og í því felst lærdómsferli."



## ÁVEXTIR Í SAMKEPPNI VIÐ NAMMIÐ

Eitt af því sem ISS býður upp á er að keyra út ávaxtakörfur til fyrirtækja og starfsmanna þeirra. Ávextirnir eru hollari orkugjafi þegar sykurþörf hellist yfir fólk í vinnunni. Með ávaxtakörfunum frá ISS gefst starfsmönnum kostur á heilbrigðari millimálamat sem er betur til þess fallinn að hjálpa þeim að viðhalda skerpu og athygli. Innihald ávaxtakarfanna er breytilegt eftir árstíðum, allt eftir því hvaða ávextir eru ferskastir á hverjum tíma.




Hreingerning • Viðhald gólfa • Gluggaþvottur • Iðnaðarþrif- 30 ára reynsla

**ISS hefur langa og víðtæka reynslu á öllum sviðum ræstinga og hreingerninga hjá fyrirtækjum.**

Þegar húsnæði eru hreingerð eða gólf eru bónleyst og bónuð er mikilvægt að velja réttu efnin, áhöldin og aðferðirnar en fagþekking er grunnurinn að góðum árangri.







ISS

Nánari upplýsingar
í síma 5 800 600
sala@iss.is • www.iss.is

## BURT MEÐ BLETTINA



**Leiðbeiningastöð heimilanna** heldur úti vefsíðu þar sem finna má ýmis gagnleg húsráð, þar á meðal ráð sem lúta að þvotti. Þar segir: Ef fitublettir eða annað eru í fatnaði er nauðsynlegt að meðhöndla þá strax með viðeigandi efni, til dæmis uppþvottalegi, grænsápu eða sérstöku blettaefni og þvo flíkina síðan á venjubundinn hátt. Freyðandi sápu þarf að skola vel af áður en flíkin fer í þvottavélina. Blettaúðaefni henta ágætlega á óhreinindi innan í hálskrögum og á líningum. Þynntur uppþvottalögur gerir einnig sitt gagn. Ef ryk eða þurr óhreinindi eru í fatnaði er gott að hrista hann eða bursta áður en hann fer í vélina. Nánar á leidbeiningastod.is.


ENJO UMHVERFISVÆNAR GÆÐAVÖRUR

ENJO CLEAN THE WORLD

SÍMI 555 1515

Alhliða hreingerningarþjónusta

Teppahreinsun • bónþjónusta • flutningsþrif

ÞRIF & þvottur

Þrif og þvottur ehf • Reykjavíkurvegi 48, 101, S. 893 0611


# Þetta er allt íslensk vara

**Sámur sápugerð er rótgróið fyrirtæki í Lyngási í Garðabæ. Þar er Brynjólfur Grétarsson framkvæmdastjóri.**

„Þetta er allt íslensk vara," segir Brynjólfur Grétarsson í sápugerðinni Sámi, umkringdur hreinsiefnum af ýmsum gerðum sem hann hefur á boðstólum. „Mest hef ég fókuserað á efni fyrir bíla og iðnfyrirtæki gegnum tíðina en svo er ég líka með almenn hreinsiefni sem henta öllum heimilum," segir hann.

Tjöruhreinsirinn Turbo Sámur 2296 sem fólk kaupir á bensínstöðvum er meðal framleiðsluvara Sáms. Turbo Sámur vinnur vel og hefur „kynnt sig sjálfur" eins og Brynjólfur orðar það.

Þeir sem aka um landið að sumarlagi þekkja hversu erfitt er að losna við flugnaklessur framan á bílunum. Brynjólfur hefur séð við þeim vanda og búið til efni sem hann nefnir Sámur Turbo flugnahreinsir sem er spreyjað á bílinn og látið standa í tvær til þrjár mínútur. Annaðhvort er það svo strokið af með kústi eða skolað af með vatni. „Flugnahreinsirinn hefur slegið í gegn. Þeir sem byrja að nota hann eru allir mjög hrifnir," segir Brynjólfur og tekur fram að efnið fáist bara í Europris og á Olís.

Extra-hreinsiúðinn fæst eingöngu í Europris. Brynjólfur segir hann prýðilegan til heimilisnota. „Ef maður setur blett í fötin sín er gott að spreyja Extra á hann áður en fötin fara í þvottavél. Eins er úðinn mjög góður á keramikhellurnar. Þá er efnið látið standa aðeins áður en það er strokið af. Sama á við um flísarnar á baðinu og baðkarið. Fínt er að nota Extrahreinsiúðann á það um leið og maður er búinn í baði," segir hann.



„Ef maður setur blett í fötin sín er gott að spreyja Extra á hann áður en fötin fara í þvottavélina," segir Brynjólfur. MYND/HAG

Brynjólfur er eigandi og framkvæmdastjóri Sáms og kveðst hafa verið í þessum bransa í rúm tuttugu ár. „Það er, sem betur fer, nóg að gera og ég er kátur með það." segir hann brosandi.

# *Rykmaurum haldið niðri*

Rykmaurar eru litlir áttfættir maurar sem þrífast best ef hitastig er stöðugt og yfir 20°C og rakastig er yfir 50 prósent. Þeir dafna illa ef rakastig er undir 45 prósentum og þola ekki frost.

Maurarnir nærast einkum á húðflögum manna og dýra. Algengt er að í einu grammi af ryki séu hundrað til fimm hundruð rykmaurar. Í einu rúmi geta þeir því skipt hundruðum þúsunda. Hver maur lifir í 3-4 vikur og á þeim tíma gefur kvenmaur af sér 25 til 30 afkvæmi. Hver maur hefur hamskipti nokkrum sinnum á vaxtarskeiði sínu og gefur frá sér 10 til 20 örsmáar skítakúlur á dag. Þær eru svo smáar að þær þyrlast auðveldlega upp í loftið og berast þannig í öndunarfæri manna.

Ofnæmi fyrir rykmaurum er algengt meðal sjúklinga með ofnæmi en aðrir virðast þola þá ágætlega. Um 90 prósent sjúklinga með ofnæmisastma hafa rykmauraofnæmi en einungis tíu prósent þeirra sem ekki þjást af slíkum astma.

Rykmaurar þrífast vel í gólfteppum en illa á dúkum og trégólfum. Best er að reyna að halda rakastigi í híbýlum undir 50 prósentum. Ryksugur ná sjaldnast til rykmaura í teppum enda sitja þeir djúpt og halda sér fast. Þær ná hins vegar mauraskítnum en hann er svo smár að oftast fer hann beina leið í gegnum ryksugupokann og út í andrúmsloftið á ný. Ryksugur sem sía rykið í vatni eru taldar bestar í þessu samhengi. Þá þykja gerviefnasængur og -koddar betri en dún- og fiðursængur og í öllum tilfellum er gott að viðra sængur, kodda, teppi, dýnur og tuskudýr með reglulegu millibili og skipta ört á rúmum. Einnig má forðast bólstruð húsgögn, uppstoppuð dýr, þung gluggatjöld og annað sem safnar ryki og erfitt er að þrífa. Fatnað ætti í öllum tilfellum að geyma í lokuðum skápum og skúffum.



Með viðeigandi ráðstöfunum má halda rykmaurum á heimilinu í skefjum.

Séu gerðar ráðstafanir til að halda rykmaurum í skefjum má oftast bæta líðan ofnæmissjúklinga til muna. *Heimild: Vísindavefurinn*




VIÐ ERUM HREIN PLÁGA ÞEGAR KEMUR AÐ ÓÞRIFUM

AÞ-Þrif hefur náð þeim merka áfanga að fá veitta vottun norræna umhverfismerkisins Svansins fyrir daglegar ræstingar.

UMHVERFISMERKI 176 027 Ræstingaþjónusta

Þú getur treyst okkur þegar kemur að því að gera skínandi hreint í verksmiðjunni, á byggingarsvæðinu eða skrifstofunni.

Við bjóðum persónulega þjónustu í náinni samvinnu við viðskiptavini.

- Daglegar ræstingar (Svansvottað)
- Iðnaðarþrif (fyrirtæki)
- Gluggaþvottur
- Bílaþrif – Dalshrauni 11, Hfj. og Borgartúni 21b

HAFÐU SAMBAND • WWW.ATH-THRIF.IS

AÞ-Þrif er framsækið hreingerningafyrirtæki sem hefur metnað, gæði og umfram allt framkvæmdagleði í farteskinu.

AÞ-ÞRIF 899 9900


**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmaður auglýsinga:** Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is s. 512 5447. **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

# Heimilið kvatt með þrifum

**Nauðsynlegt er að heimilisfólk geri svokölluð flutningsþrif áður en það skilar húsnæði sínu, hvort heldur sem er til nýrra eigenda eða til næstu leigjenda. Að ýmsu er að hyggja í slíkum þrifum.**

Þegar fólk skiptir um húsnæði þarf það að vanda til verks og afhenda nýjum íbúum heimilið skínandi hreint. Bæði á þetta við um leigutaka og þá sem selt hafa íbúð sína nýjum eigendum. Eftirfarandi atriði er gott að hafa til hliðsjónar við þrifin:

Veggi skal þrífa vel og loft þar sem við á. Gott er að nota milt sápuvatn og tuskur til að fara yfir fletina og hafa svamp með grófri áferð við höndina fyrir bletti sem erfiðari eru. Þar sem flísar eru á veggjum, svo sem á baðherbergi er gott að hafa sköfu við höndina og hreinsiefni sérstaklega ætlað flísum.

Alla gólffleti þarf að þrífa vel, ryksuga, moppa og skúra, eftir því hvað við á. Munið einnig að þrífa parketlista og aðra gólflista. Þá þarf að strjúka vel af innstungum, ljósrofum, gluggakistum og gluggakörmum. Ekki gleyma að taka fram eldavél og stærri tæki til að þrífa fletina undir þeim.

Gler og glugga þarf að þvo með viðeigandi glerhreinsiefnum.

Gott er að þrífa allar innihurðir og innréttingar saman og passa að nota hreinsiefni sem skemmir ekki við og viðkvæmari efni. Ekki gleyma að þrífa skápa að innan og utan.

Strjúkið af ofnum og ekki gleyma handklæðaofninum. Gamlir ofnar eru sérstaklega tímafrekir í yfirferð þar sem ryk safnast gjarnan fyrir á þeim og má ætla góðan tíma við þrif á hverjum slíkum.

Einhverjir sem hafa þurft að glíma við gamla rimlaofna hafa prófað að leggja blauta tusku undir ofninn og nota hárblásara til að blása á rykið sem fellur þá á tuskuna.



Takið sér hring á eldavél og önnur heimilistæki sem munu fylgja íbúðinni og skoðið vel hvaða hreinsiefni henta hverju tæki til að valda ekki skemmdum. Tímafrekt getur verið að þrífa bakaraofninn, helluborðið sem og eldavélina alla að utan. Ætlið ykkur góðan tíma í það verk.

Einnig þarf að huga að viftunni ef hún er til staðar, þrífa hana að innan og skipta um síu.

Auk hefðbundinna þrifa á baðherbergi þarf að þrífa öll hreinlætistæki með þar til gerðum efnum sem og muna að hreinsa kísil af vöskum, baði, sturtuklefa og af flísum. Grófur svampur hentar vel á kísilinn.

Ef gluggatjöld fylgja heimilinu áfram, svo sem strimlagluggatjöld, þarf að þrífa þau vel.



Gott er að áætla sér meiri tíma en minni þegar heimilið er þrifið í hinsta sinn.



Að sögn Ottós býður Servida – Besta upp á stóra línu af umhverfisvænum hreinsiefnum. MYND/STEFÁN

# Servida og Besta hafa sameinast

**Fyrirtækin Servida og Besta sameinuðust um síðustu áramót. Fyrirtækið þjónustar stóran viðskiptahóp.**

„Servida ehf. var starfrækt frá árinu 2002 og óx ört frá 2005. Það lagði aðaláherslu á sölu umbúða ásamt því að vera umboðsmenn Katrin-pappírs frá Svíþjóð,“ segir Ottó Sverrisson, framkvæmdastjóri Servida – Besta. Um síðustu áramót sameinaðist Servida ehf. fyrirtækinu Besta. „Besta ehf. var sterkt á hreinsiefna- og þrifáhaldamarkaðnum í mörg ár. Sameiningin hefur í för með sér að til verður eitt öflugasta fyrirtækið í rekstrarvöruiðnaðnum.“

Ottó segir að Servida – Besta þjónusti stóran viðskiptahóp. „Við bjóðum upp á öfluga þjónustu á uppþvottavélum ásamt því að útbúa þrifplön fyrir öll fyrirtæki,“ upplýsir Ottó og bætir við að nýlega hafi fyrirtækið gert samning við Ríkiskaup sem snýr að öllum hreinsiefnum og pappír. „Einnig hefur fyrirtækið samning við Reykjavíkurborg um kaup á pappír.“ Servida – Besta býður upp á stóra línu í umhverfisvænum hreinsiefnum en auk þess er allur Katrin-pappír umhverfismerktur.

Servida – Besta flutti nýlega í 1.300 fermetra húsnæði á Tjarnarvöllum 11 í Hafnarfirði þar sem það rekur meðal annars verslun. Einnig rekur fyrirtækið öfluga verslun í Fellsmúla 24-26, á jarðhæð Hreyfilshússins, ásamt því að vera með rekstur í Reykjanesbæ. Umboðsmenn fyrirtækisins eru Þrif- og ræstivörur á Akureyri og verslunin Vík á Egilsstöðum.

Nánari upplýsingar um Servida – Besta má finna á www.servida.is eða í síma 510-0000.

# *Ryðfrítt stál gert skínandi hreint*

Ryðfrítt stál hefur notið nokkurra vinsælda í eldhúsinnréttingum- og tækjum undanfarin ár. Erfitt getur hins vegar verið að halda ryðfríu stáli skínandi hreinu og lausu við fitug fingraför. Halda þarf krómfilmu ryðfría stálsins hreinni til að auka endingu tækjanna. Auðvelt er að þrífa tæki úr ryðfríu stáli sé ákveðnum reglum fylgt.

Í reglulegum hreingerningum er best að þrífa ryðfrítt stál með heitu vatni. Best er að þurrka tækin svo með þurrum klút til að koma í veg fyrir vatnsrendur. Sniðugt getur verið að nota örtrefjaklúta til verksins. Þegar tækin þarfnast meiri þrifa er gott að nota milt hreinsiefni ásamt heitu vatni. Yfirborðið verður að vera hreinsað vandlega til að koma í veg fyrir bletti en einnig verður að þurrka tækið eftir á.

Fingraför á ryðfríu stáli eru það sem oftast er kvartað undan. Auðvelt er hins vegar að hreinsa þau með glerhreinsi. Nýrri tæki úr ryðfríu stáli eru hins vegar stundum hönnuð þannig að fingraför festist síður á þeim. Ef yfirborð ryðfría stálsins hefur hins vegar rispast eða vantar meiri gljáa getur verið sniðugt að nota sérstakt hreinsiefni fyrir ryðfrítt stál. Sum þessara hreinsiefna eyða rispum og gera flötinn skínandi.

*- mmf*



Ryðfrítt stál hefur notið nokkurra vinsælda en oft er kvartað undan fingraförum á yfirborði þess.

### GLJÁFÆGÐUR KOPAR

**Á flestum** heimilum er að finna muni úr málmi sem þarf reglulega að fægja og þá geta einföld húsráð komið sér vel. Kopar má til dæmis hreinsa með því að skola hann upp úr sápuvatni, bera svo á blöndu af tannkremi og Worchestershire-sósu með mjúkri tusku og nudda vel. Að svo búnu er blandan þurrkuð af koparnum og hann pússaður með hreinum klút.



### HANDÞVOTTUR

**Vitað er** að allt að helmingur karla og fjórðungur kvenna sleppir því að þvo sér um hendurnar eftir að hafa farið á klósettið. Fleiri sturta þó niður á eftir sér en skilja þá eftir sig nýja sýkla á takkanum. Þar geta alls kyns sýklar lifað í allt að hálfan mánuð. Því er heillaráð að þvo sér ávallt um hendurnar eftir ferð á klósettið.

*Heimild: heilusbankinn.is*





### TANNBURSTANOTKUN

**Heimildum ber** ekki saman um hvenær fyrsti tannburstinn leit dagsins ljós. Því er þó gjarnan haldið fram að það hafi verið árið 1498 þegar tannbursti með bambushandfangi og hnakkaburst af svíni kom fram á sjónarsviðið í Kína. Tannburstanotkun náði ekki útbreiðslu í Evrópu fyrr en á 17. og 18. öld. Fyrsti fjöldaframleiddi tannburstinn kom á markað í Bretlandi í kringum 1780 og fyrsti tannburstinn með nælonhárum tæpri einni og hálfri öld síðar. Fjöldaframleiðsla á tannburstum hófst í Ameríku um 1885, en almenn notkun festi sig ekki í sessi fyrr en á síðustu öld.



### ALÞJÓÐLEGUR KLÓSETTDAGUR

**Alþjóðaklósettstofnunin er** alþjóðleg samtök tileinkuð vandamálum er varða klósett og hreinlæti. Stofnunin er með aðsetur í Singapúr og eru aðildarstofnanir hennar sautján um allan heim. Stofnunin stendur árlega fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um klósett, World Toilet Summit og líka alþjóðlegum vörusýningum eins og World Toilet Expo & Forum. Stofnunin stendur fyrir því að 19. nóvember er haldinn hátíðlegur sem alþjóðlegi klósettdagurinn.

*Heimild: wikipedia.org.*





**Hráfæði** vinnur bug á alls kyns heilsuvandamálum, eykur orku, geðheilbrigði, líkamlegan styrk og úthald. Um er að ræða hráan mat sem er byggður á grænmetisfæði og ekki eldaður. Hráfæði er grænmeti, ávextir, hnetur, korn og sjávargróður.





Hér er einungis unnið með veikari höndina en æfingin vísar til einhenta goðsins Týs. FRÉTTABLADID/VILHELM

# Endurspegla fornfræg heljarmenni og víkinga

**Bardagaíþróttafélagið Mjölnir, sem er nýlega flutt í gamla Loftkastalann við Seljaveg, býður upp á æfingakerfi þar sem menn á borð við Gunnar á Hlíðarenda og Gretti sterka koma við sögu.**

Víkingaþrek heitir nýtt æfingakerfi bardagaíþróttafélagsins Mjölnis. Það hóf göngu sína í byrjun júní og strax á fyrsta mánuði skráðu sig hundrað manns. „Við erum með þrettán æfingar á viku og sjáum fram á að þurfa að fjölga þeim umtalsvert strax í haust,“ segir Jón Viðar Arnþórsson, formaður Mjölnis.

Víkingaþrekið er þróað af þjálfurum Mjölnis sem margir eru íslandsmeistarar í hnefaleikum, brasilísku jui jitsu, karate og frjálsum íþróttum. „Hugmyndin er að stela öllu sem okkur finnst virka og tökum við sitt lítið af hverju úr ketilbjöllum, þrekæfingum og bardagaíþróttum svo dæmi séu nefnd. Við högum okkur eins og víkingarnir forðum og stelum því sem okkur líkar best,“ útskýrir Jón Viðar.

Hver æfing er fjörutíu mínútur með upphitun og slökun í lokin. „Þetta eru stuttar æfingar en mikil keyrsla,“ segir Jón Viðar. Þær eru margar skírðar eftir víkingum og fornfrægum íslendingum auk þess sem goðin koma við sögu. „Þetta er svona bæði í gríni og alvöru gert en við reynum að endurspegla þessar persónur með æfingunum,“ segir Jón Viðar og nefnir dæmi: „Þegar við tökum Gunnar á Hlíðarenda erum við til dæmis að æfa stökkkraft



Í æfingunni Gunnar á Hlíðarenda er unnið með stökkkraft enda gat Gunnar hoppað hæð sína í fullum herklæðum.

en hann átti að geta hoppað hæð sína í fullum herklæðum. Hann var auk þess góður bardagamaður og þess vegna kílum við og spörkum í púða. Þegar við tökum Gretti sterka æfum við hámarks styrk. Hann var líka góður glímumaður og þess vegna kennum við fólki glímutök. Ef við tökum Njálsbrennu lokum við öllum gluggum í húsinu til að ná upp hita og hámarksbrennslu og í æfingunni Tý æfum við bara með veikari hendinni, enda á Fenrisúlfur að hafa bitið hægri höndina af goðinu samkvæmt trúnni.“

Víkingaþrekið er að sögn Jón Viðars upplagt fyrir þá sem vilja koma sér í form. Hann segir það hugsað fyrir allan aldur og að fólk geri æfingarnar á sínum hraða. Hann leggur áherslu á að Mjölnir hvetur ekki til neyslu fæðubótarefna. „Gunnar á Hlíðarenda tók ekki kreatín og Grettir sterki þurfti ekkert jarðaberjaprótein. Það sama á við um keppnislið Mjölnis sem hefur náð góðum árangri og má þar nefna Gunnar Nelson og fleiri. Við borðum bara venjulegan mat.“

Mjölnir flutti nýverið í gamla Loftkastalann sem nú nefnist Mjölniskastalinn og stækkar aðstaðan til muna. „Það eru rúmlega 400 skráðir í klúbbinn núna og þá ýmist í bardagaíþróttir eða víkingaþrek en við reiknum með fimm til sex hundruð manns í haust.“

*vera@frettabladid.is*



Jón Viðar Arnórsson segir þjálfara Mjölnis, sem hafa þróað Víkingaþrekið í sameiningu, stela æfingum sem þeim líkar best úr ýmsum áttum og haga sér eins og víkingarnir forðum.

Framhald af forsíðu

henni en þekki einnig vel hina hljómsveitarmeðlimina en nokkrir þeirra stunda jóga að staðaldri og hafa sótt hjá mér jógatíma í Montréal,“ segir Ryan og nefnir í því samhengi Richard Reed Parry og Tim Kingsbury. „Bræðurnir Win og Will Butler hafa hins vegar engan áhuga á jóga og neita að prófa,“ segir hann og hlær. Þeir bræður eru aftur á móti miklir körfuboltaáhugamenn. „Þegar þeir komust að því að ég spilaði körfubolta urðum við ágætis kunningjar.“

Ryan segir allt eins líklegt að fleiri úr hljómsveitinni muni koma með til Íslands. „Ég verð með Arcade Fire í Stokkhólmi og Danmörku 26. og 27. ágúst og veit að bandið á smá frí fyrir þá ferð. Það er því aldrei að vita nema þau skelli sér til Íslands.“

*solveig@frettabaldid.is*



Sarah leikur á fiðlu með hljómsveitinni en hún er auk þess fínasti jógakennari.












## Fasteignir

**FASTEIGNA-MARKAÐURINN**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Austurbrún 4
**2ja herb. íbúð - laus strax.**

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17-18**




Vel skipulögð 48,1 fm íbúð á 4. hæð í þessu eftirsótta lyftuhúsi við Laugardalinn. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu með útgangi á svalir til vesturs, eldhús, opið herbergi innaf stofu og snyrtingu auk geymslu sem er innan íbúðar. **Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning. Verð 13,4 millj. Íbúðin verður til sýnis í dag, íbúð merkt 0406. Sölumaður verður á staðnum. Verið velkomin.**

**HÖFÐI FASTEIGNASALA**

Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Faxnr. 533-6055
www.hofdi.is

### Til sölu - undir Jökli
**íbúðarhús -orlofshús – ferðaþjónusta**



Húsið stendur við Hellisbraut á Hellissandi. Staðsetning er einstök, á sjávarhömrum, með jökulinn í baksýn. Stórir pallar slúta yfir bergið sjávarmegin. Húsið er 230 ferm. timburhús, sem upphaflega var byggt sem verslunarhús. Það hefur allt verið endurnýjað. Í því er gert ráð fyrir þremur íbúðum og eru tvær þeirra frágengnar en sú þriðja tæplega tilbúin til innréttinga.

**Húsið hentar fyrir**:
Stórfjölskyldu • Ferðaþjónustu • Stéttafélög • Listamenn
**Sjón er sögu ríkari. Verð 29,9 millj.**
Upplýsingar veitir Ásmundur á Höfða s. 895-3000

### Breiðvangur Hafnarfirði
**5 herb. m. bílskúr.**



Falleg og vel skipulögð 138,2 fm. 5-6 herbergja endaíbúð á 3.hæð, auk 24 fm bílskúr. Í íbúðinni eru þrjú barnaherbergi, hjónaherbergi, stofa, eldhús, baðherbergi og þvottahús. Í kjallara er sér geymsla ásamt aukaherbergi sem mætti nýta sem vinnuherbergi.
**Verð kr. 26,5 millj.**
Upplýsingar veitir Ásmundur á Höfða s. 895-3000

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast. - Ásmundur Skeggjason lögg. fast.

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt.

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

### Fyrir veiðimenn

**Þjórsá - Hvítá - Ölfusá**
Veiðinet fyrir veiðirétthafa. Heimavík ehf. 892 8655. heimavik.is

## HÚSNÆÐI

### Leigumiðlanir

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440**

### Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Íbúð til leigu**
Til leigu rúmlega 70fm íbúð á svæðinu 101 Rvk. Íbúðinni fylgir eitt bílastæði. Aðeins reglusamir leigjendur koma til greina. Leiga er 125þ á mánuði + hiti og rafmagn. Íbúðin leigist frá 1.ágúst nk. Uppl. í s. 893 4959.

**Ódýr gisting**
Fallegar hótel íbúðir í Hafnarf. til leigu til lengri eða styttri tíma. Allur búnaður og internet. Uppl: 899 7004.

70 fm 2ja herb. íb. í kj. í einbýli 200 Kóp. Laus, sér inng. M/ hita. Langtímaleiga, reglusemi áskilin. S. 895 1281.

### Húsnæði óskast

Óska eftir 2-3 herb. íbúð, helst í lyftublokk. Er öryrki og þoli ekki stiga. Er með 15 ára inniköttt og 3 dísarfugla. Greiðslugeta er 110-115þ. á mán. Reglusöm og reyki ekki. Helst við svæði Rvk, Mos, Kóp og Grb. Uppl. í s. 866 6597.

### Húsnæði til sölu

Hús til sölu í Blönduhlíð í Skagafirði. 85.5 fm á stærð, hitaveita komin að vegg, landið í kringum húsið er 0,6 hekt. V. 12 milljónir. S. 863 6239.

### Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## ATVINNA

### Atvinna í boði

Gott atvinnutækifæri, rekstur ásamt lager í kolaportinu til sölu. Uppl. 552-0290 848-1937.

**Bakari / Kaffihús**

**Óskar eftir starfskrafti eftir hádegi og annan hvern laugardag. Ekki yngri en 20 ára, helst reyklaus. Íslenskukunnátta skilyrði.**

**Uppl. í s. 820 7370, Ragga eftir kl. 15**

**Cafe Bleu**

**Þjónn óskast!**

**Óskum eftir vönum þjón í framtíðarvinnu. Vaktarvinna 2-2-3 ca. frá klukkan 11 - 20. Íslensku kunnátta skilyrði.**

**Upplýsingar í S. 899 1965**

THORVALDSEN

Thorvaldsen óskar eftir vönum barþjónum og þjónum í sal, 22 ára og eldri. Umsóknir sendist á kolbrun@thorvaldsen.is.

Need driver with bus license. Must speak some spanish. wanted for transfers to and from the airport. Please call 8955316, ask for Alfonso.

Vilt þú vinna mikið og hafa mikil laun. Uppl. Einar 7732100 http://lrisland.is/einar

**Varahlutaverslun.**
Starfsmaður óskast til afleysinga í varahlutaverslun. Vinnutími 8-18. Upplýsingar í síma 866-9965.

### Viðskiptatækifæri



Til sölu nýr pylsuvagn, beð dráttarbeisli, með öllum tækjum og tólum. Uppl. s 896-0240.

## TILKYNNINGAR

### Ýmislegt

Trúarleg tónlist www.youtube.com leitarorð marel1939

### Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

### Útboð

**Reginn**

# Útboð

**Borgartún 33 – Gluggar og gler**

VSÓ Ráðgjöf, fyrir hönd Regins ehf., auglýsir hér með eftir tilboðum í að útvega fullfrágengna glugga með gleri til endurnýjunar á núverandi gluggum vegna viðhalds og endurbóta á skrifstofubyggingu að Borgartúni 33 í Reykjavík.

Útboðsgögn er hægt að nálgast frá og með mánudeginum 11. júlí 2011 á útboðsvef VSÓ Ráðgjafar.

Tilboðum skal skila eigi síðar en kl.: 14:00 þann 20. júlí 2011 til skrifstofu VSÓ Ráðgjafar, Borgartúni 20, 105 Reykjavík.

VSÓ RÁÐGJÖF

### Atvinna

**yoyo** ferskur jógúrtís®

**Við leitum að duglegu og jákvæðu fólki:**

**Vaktstjóri**
100% starf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Hæfniskröfur:**
Reynsla af sambærilegum störfum æskileg.
Skipulagshæfileikar, stundvísi og sjálfstæð vinnubrögð.
Góð íslenskukunnátta. 23 ára eða eldri.

**Afleysingar í almenn störf**
**Temporary general positions**
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Must be available to begin position immediately.

**Starfslýsing / Job description:**
Umsjón með ávaxta- og nammibar. Ýmis þrif o.fl.
Overseeing and maintaining fruit and toppings bar.
Light cleaning etc.

**Áhugasamir sendi umsókn á yoyo@yoyo.is**

yoyo Nýbýlavegi 18 200 Kópavogi s: 517 0416 yoyo@yoyo.is
yoyo Domus Medica 101 Reykjavík s: 571 0699 www.yoyo.is

FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

ÍÞRÓTTIR Á ÞÍNUM HEIMAVELLI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

vísir




**BYLGJULESTIN Í SUMAR**

| | |
|---|---|
| 15.-16. JÚLÍ | Útihátíð Bylgjunnar á Flúðum |
| 22.-23. JÚLÍ | Franskir dagar á Fáskrúðsfirði |
| 5.-6. ÁGÚST | Fiskidagurinn mikli á Dalvík |
| 12.-13. ÁGÚST | Blómstrandi dagar í Hveragerði |
| 20. ÁGÚST | Afmælishátíð Bylgjunnar á Ingólfstorgi á Menningarnótt í Reykjavík |
| 26.-28. ÁGÚST | Afmælishátíð Bylgjunnar í hljóðveri Bylgjunnar í Skaftahlíð |

**Á móti sól, Jón Jónsson, Vinir Sjonna, Dalton, söngvarar úr Hárinu, Ingó veðurguð, Jón Víðis töframaður, og Jóhanna Guðrún.**

**Leiktæki fyrir börnin, ískalt Coke.**
**Gómsætar pylsur frá SS á grillinu og grænmeti frá garðyrkjubændum á Flúðum.**

**Stuðdansleikur Bylgjunnar á laugardagskvöld á Útlaganum með hljómsveitinni Á móti sól.**
**Komdu á risa útihátíð Bylgjunnar Olís á Flúðum**

**BYLGJULESTIN ÞAKKAR** Borgfirðingum frábærar móttökur um síðustu helgi. Nú um helgina verður Bylgjulestin á Flúðum á útihátíð Bylgjunnar.

**ÆVINTÝRAEYJAN MEÐ HEMMI GUNN OG SVANSÍ**

Á laugardaginn verður Ævintýraeyjan með Hemma Gunn og Svansí á Bylgjunni. Boðið verður upp á frábær tónlistaratriði og uppákomur fyrir alla fjölskylduna.
**Vertu með Bylgjunni og Olís um helgina.**

ÆVINTÝRA EYJAN olís BYLGJAN 25 ÁRA 989

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** spil, **6.** pot, **8.** gaul, **9.** festing, **11.** tvö þúsund, **12.** teygjudýr, **14.** rist, **16.** hvað, **17.** sigti, **18.** hylli, **20.** tvíhljóði, **21.** aðskilja.

**LÓÐRÉTT**
**1.** andvari, **3.** líka, **4.** afríkuríki, **5.** angan, **7.** æxlast, **10.** meiðsli, **13.** strit, **15.** óbundinn, **16.** rámur, **19.** golf áhald.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** gosi, **6.** ot, **8.** gól, **9.** lím, **11.** mm, **12.** amaba, **14.** grill, **16.** ha, **17.** sía, **18.** ást, **20.** au, **21.** stía.
**LÓÐRÉTT: 1.** gola, **3.** og, **4.** sómalía, **5.** ilm, **7.** tímgast, **10.** mar, **13.** bís, **15.** laus, **16.** hás, **19.** tí.


# Jákvæðar fréttir fyrir sumarið



Þú færð Fréttablaðið á 12 stöðum á Suðurnesjum.

Það er engin ástæða til að missa af neinu í sumar. Fréttablaðið er aðgengilegt um land allt. Því er dreift ókeypis í lúgur og kassa á kjarnadreifingarsvæði okkar. Auk þess er það selt í lausasölu á kostnaðarverði á **120 sölustöðum um land allt**.

**Þú getur alltaf fengið Fréttablaðið beint í símann, fartölvuna eða spjaldtölvuna hvar sem er og hvenær sem er á Vísi.is eða fengið það sent með tölvupósti daglega.**

Nánar um dreifinguna má lesa á visir.is/dreifing.

## Fjöldi lausasölustaða á Suðurnesjum

N1 þjónustustöð, Aðalstöðinni, Keflavík
10-11, Keflavík
N1 verslun, Keflavík
Olís, Básinn, Reykjanesbæ
Samkaup Strax, Reykjanesbæ
10-11, Leifsstöð
Eymundsson, Leifsstöð
Tíu ellefu Hraðkaup, Reykjanesbæ
Nettó, Grindavík
Samkaup Strax, Sandgerði
Samkaup Strax, Garði
Bónus, Fitjum, Njarðvík

**Það fá allir afmælisblöðru* á sölustöðum Fréttablaðsins um land allt.**



*Meðan birgðir endast

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

**Allt sem þú þarft**


# Ég fer í fríið – en til hvers?

**BAKÞANKAR**
**sr. Sigurðar Árna Þórðarsonar**



Þegar sumarfríið byrjar hljómar gleðitjáning og frelsissöngur: „Ég fer í fríið – ég fer í fríið.“ En til hvers og hvers konar frí? Ætlar þú að byggja sumarbústað, mála alla íbúðina og skoða líka Austfirðina?

Við erum vissulega komin af vertíðarfólki, heyannafólki og tarnafólki.

Saga er ekki bara fortíð, heldur lifum við af henni, ef ekki meðvitað þá ómeðvitað. Foreldrar okkar, ömmur og afar unnu flest mikið og vinnusemi er góð. En að vinna í drep í sumarleyfi er hvorki sjálfsagt hlutskipti né óumflýjanleg örlög. Að vinna er ekki tilgangur sumarleyfis. Frí er fyrir fólk en fólk ekki fyrir frí.

Að „gera“ eitthvað í fríi er stundum nauðsyn, en að „vera“ er alltaf mikilvægt.

**ER SUMARFRÍIÐ** þitt frí frá einhverju – eða frí til einhvers? Tvö lítil orð, sem þarft er að hugsa um þegar lífshættir eru skoðaðir – frí frá eða frí til. Vinna getur verið svo erfið og ófullnægjandi, að fólki líði eins og það sleppi eða losni þegar leyfi byrjar. Svo getur prívatlífið verið lýjandi og dapurlegt. Þau, sem eru í kreppu, gera oft þá skyssu að reyna í sumarleyfinu að bæta sér upp álag eða erfiðleika. Þá verða til „ég á það skilið“ frí. Þau, sem hafa farið af stað með slíka upphafsforsendu, koma fremur döpur úr leyfi en stútfull af hamingju. Markmið með leyfi ætti frekar að varða upplifun og reynslu – að vera fremur en að gera. Frí ætti að þjóna hvíld, hleðslu, ástvinum, andríki og uppbyggingu. Þá verður frí þjónn hamingju.

**FRÍ ERU** oftast með öðru móti en væntingarnar lögðu upp með. Það, sem maður býst við að verði mesta reynslan í leyfi eða ferð, veldur kannski vonbrigðum. En það, sem ekki var búist við, þetta sem bara gerist óvænt, verður gjarnan það áhrifaríkasta. Lífið verður ekki planað til fullnustu, væntingar verða aldrei uppfylltar með því móti, sem maður bjóst við. Götutrúður getur t.d. opnað nýja vídd tilverunnar, sem breytir skoðun manns, jafnvel vinnu og lífi. Óplanað samtal getur haft dýpri og meiri áhrif en fræg kirkja, tónleikar í Hofi eða sýning í MoMa. Frí þarf að losa helsi og leiða til frelsis.

**ÆTLAR ÞÚ** að vera eða gera í þínu fríi? Hvort ætlar þú að leyfa því að vera frá eða til?

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Overli



**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Kirkman/Scott



58·12345

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

# MIÐSTÆRÐ Á 1.000 KR.

# MEÐ 3 ÁLEGGSTEGUNDUM.

EF ÞÚ SÆKIR

dominos.is




stefánsson & stefánsson

# Fólk

folk@frettabladid.is



**6 DAGAR** eru í útgáfu lagsins My Moment, en það er annað lag Youtube-stjörnunnar Rebeccu Black. Fyrsta lag Rebeccu, Friday, hlaut gríðarlega athygli um heim allan en það þykir með eindæmum lélegt. Hægt verður að nálgast My Moment á Youtube-síðu söngkonunnar hinn 18. júlí.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fyrsti þátturinn í nýjustu þáttaröðinni af Man vs. Wild þar sem Hollywood-leikarinn **Jake Gyllenhaal** tekst á við óblíð náttúruöflin á Íslandi var frumsýndur í Bandaríkjunum í nótt. Þátturinn var tekinn upp á Eyjafjallajökli í byrjun apríl eins og Fréttablaðið hefur greint frá og þar fer Gyllenhaal, klæddur fötum frá 66°Norður, á ystu nöf ásamt þáttastjórnandanum Bear Gylls. Þátturinn var sýndur á Discovery Channel og ljóst að um mikla landkynningu er að ræða fyrir Ísland. Sjálfur var Gyllenhaal ánægður með Íslandsdvölina: „Þetta snýst fyrst og fremst um að uppgötva nýja hluti," sagði hann í fréttatilkynningu frá framleiðendum þáttanna.



Tónleikar portúgalska píanistans Mariu João Pires og rússneska fiðluleikarans **Maxim Vengerov** í Hörpunni á föstudagskvöld fá fjórar stjörnur hjá gagnrýnanda breska dagblaðsins Daily Telegraph. Þar segir að þrátt fyrir að fjölmargir frábærir tónlistarmenn hafi komið fram í Hörpunni hafi engir tónleikar verið eins spennandi og þeirra Pires og Vengerovs. **- fb**








**SPILATORG Í BORG** Listaháskólanemarnir, frá vinstri, Harpa, Guðrún og Katrín setja upp spilatorg neðan við Bernhöftstorfuna sem verður opnað í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Búa til spilatorg í miðbænum

**Listaháskólanemarnir Harpa Björnsdóttir, Guðrún Harðardóttir og Katrín Eyjólfsdóttir hleypa lífi í Bernhöftstorfuna og torgið fyrir neðan Lækjarbrekku, og bjóða landsmönnum að spila spil þar í sumar.**

„Það er merkilegt hvað þetta torg hefur gleymst í gegnum tíðina en við viljum minna á hversu sjarmerandi staðurinn er. Hér er til dæmis alltaf logn og blíða," segir Harpa Björnsdóttir, nemi í vöruhönnun við Listaháskóla Íslands en á morgun ætlar hún, ásamt samnemanda sínum Guðrúnu Harðardóttur og myndlistarnemanum Katrínu Eyjólfsdóttur, að endurvekja gamla taflið á torginu fyrir neðan Bernhöftstorfuna.

„Við sóttum um verkefnið Torg í biðstöðu hjá Reykjavíkurborg. Um leið og við fengum úthlutað þessu torgi datt okkur í hug að endurvekja taflið, sem staðið hefur á þessum bletti í mörg ár, og vinna út frá því eins konar spilatorg."

Verkefnið Torg í borg var sett af stað á vegum Reykjavíkurborgar og gengur út á að finna tímabundnar lausnir til að lífvæða ákveðin almenningsrými í borginni.

„Í kringum taflið erum við að búa til palla þar sem staðsett verða spil eins og Mylla, Bakkgammon og Lúdó. Ég vona að fólk nýti sér þetta en Lækjarbrekka verður með útisölu á drykkjarföngum nokkra daga í sumar fyrir vegfarendur. Það ætti því ekkert að standa í vegi fyrir að fólk komi við á torginu og spili saman."

Spilatorgið opnar í dag klukkan 14.00 og er öllum velkomið að kíkja.

alfrun@frettabladid.is



Pantaðu fría landslagsráðgjöf í dag!

Inga Rut Gylfadóttir og Björk Guðmundsdóttir, landslagsarkitektar FILA, hjálpa þér við að skipuleggja draumagarðinn þinn þér að kostnaðarlausu.

Pantaðu tíma og fáðu nánari upplýsingar hjá söludeild Steypustöðvarinnar



Graníthellur

fallegri, endingarbetri og ódýrari

Granít hellur hafa fallegri áferð og mun lengri endingartíma en venjulegar hellur. Þær henta vel fyrir bílaplön, torg, stíga, kanta, þrep og litlar hleðslur.

Granít hellur eru betri og mun ódýrari en þig grunar!



CE Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | sími 4 400 400, www.steypustodin.is

# Beckham-hjónin skíra barnið

David og Victoria Beckham eignuðust dóttur á sunnudaginn, en stúlkan er fjórða barn þeirra hjóna. David og Victoria hafa ákveðið nafn á dömuna og verður hún skírð Harper Seven. „Ég er svo stoltur og spenntur að tilkynna fæðingu dóttur okkar, Harper Seven Beckham. Hún vó 3,4 kíló og fæddist kl. 7.55 í morgun, hér í Los Angeles,“ skrifaði David á Twitter-síðu sína.

Hjónin eru sögð hafa valið nafnið Harper vegna þess hve það hljómar vel, en Seven telja þau lukkunúmer. „Þau völdu Seven af því að þau telja sjö vera lukkunúmer. Barnið fæddist klukkan rúmlega sjö í júlí – sjöunda mánuðinum,“ sagði heimildarmaður, en David spilaði einnig í treyju númer sjö hjá Manchester United. David og Victoria eiga þrjá syni, hinn 12 ára Brooklyn, átta ára Rómeo og sex ára Cruz og þurftu þau því í fyrsta skipti að skreyta heimilið með bleikum lit. „Þetta er alveg nýtt fyrir okkur. Að hafa allan þennan bleika lit í húsinu og alla þessa kjóla. Öll fötin eru tilbúin og herbergið er tilbúið. Við erum rosalega spennt,“ sagði David í viðtali fyrir stuttu.



**FJÖGUR BÖRN HJÁ BECKHAM** David og Victoria Beckham eignuðust stúlku á sunnudaginn. Þau hafa nefnt hana Harper Seven Beckham, en fyrir eiga þau þrjá syni.

Útsalan
í fullum gangi

Nú enn meiri
afsláttur

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

OUTLET
Kauptúni GARÐABÆ
50-80% afsláttur
Höfum opnað OUTLET í hluta verslunar okkar BYKO Kauptúni
BYKO
Opnunartímar í Kauptúni:
Mán.-Fös.: 08:00 - 18:00
Laugardaga: 10:00 - 17:00
Sunnudaga: 11:00 - 17:00

SMÁRABÍÓ · HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!




SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| ZOOKEEPER | KL. 3.30 -5.45 -8 -10.15 | L |
| ZOOKEEPER Í LÚXUS | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| TRANSFORMERS 3 3D | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| TRANSFORMERS 3 3D Í LÚXUS | KL. 8 - 11 | 12 |
| BAD TEACHER | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| MR. POPPER´S PENGUINS | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| BRIDESMAIDS | KL. 8 - 10.40 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 ÍSL TAL 3D | KL. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| ZOOKEEPER | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| BAD TEACHER | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| MR. POPPER´S PENGUINS | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| X-MEN: FIRST CLASS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| ZOOKEEPER | KL. 6 - 8 - 10 | L |
| BAD TEACHER | KL. 8 | 14 |
| BRIDESMAIDS | KL. 5.50 - 10 | 12 |

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á midi.is
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




Þriðjudagur er tilboðsdagur.

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| ZOOKEEPER | 4, 6 og 8 |
| TRANSFORMERS: DARK OF THE MOON - 3D | 4, 7 og 10 |
| BRIDESMAIDS | 4, 6.30, 9 og 10.10 |

SAMBÍÓIN










SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 3 í 3D kl. 5 - 8:15 - 10 | | 12 |
| TRANSFORMERS 3 í 2D kl. 5 - 8:15 | | VIP |
| BEASTLY | kl. 8 | 10 |
| SUPER 8 | kl. 5:30 - 8 - 10:20 | 12 |
| THE HANGOVER 2 | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali | Sýnd í 3D kl. 6 | L |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali | Sýnd í 2D kl. 6 | L |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 í 2D kl. 5 - 8 - 10:40 | | 10 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 3 | kl. 6 - 9 | 12 |
| SUPER 8 | kl. 6 - 8 - 10:20 | 10 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 3 3D | kl. 4.45 - 6:45 - 8 - 10 | 12 |
| SUPER 8 | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| MR. POPPER'S PENGUINS | kl. 5.30 | L |
| HANGOVER PART II | kl. 8- 10:20 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 3D ísl tal | kl. 4.45 | L |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 3D | kl. 5 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 3 í 3D | kl. 6 - 9 | 12 |
| BEASTLY | kl. 6 | 10 |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali | Sýnd í 3D kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 3 | kl. 5 - 8 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| BEASTLY | kl. 8 | L |
| SUPER 8 | kl. 10 | 12 |




**LEIÐBEINIR ÁHORFENDUM UM TÍSKU** Jóhanna Björg Christensen fjallar um tísku og heilbrigðan lífsstíl í þáttunum Nýtt útlit á Skjá einum þegar hún tekur við keflinu af Karli Berndsen. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

# Jóhanna Björg tekur við Nýju útliti Karls Berndsen

**Jóhanna Björg Christensen sér um þáttinn Nýtt útlit næsta haust á Skjá einum. Jóhanna Björg er að taka sín fyrstu skref á skjánum. Hún kvíðir því þó ekki að þurfa að feta í fótspor Karls Berndsen þó að hún viðurkenni að það sé enginn eins og hann.**

„Ég hafði aldrei séð fyrir mér að fara að stýra sjónvarpsþætti en það má svo sem hugsa að þetta sé rökrétt framhald á því sem ég hef verið að gera,“ segir Jóhanna Björg Christensen, ritstjóri vefritsins Nude magazine, en hún birtist áhorfendum í fyrsta sinn í haust sem nýr umsjónarmaður þáttarins Nýtt útlit á Skjá einum.

Jóhanna Björg fetar þar með í fótspor hárgreiðslumannsins og útlitsráðgjafans Karls Berndsen sem séð hefur um þættina undanfarin ár. Hann hefur flutt sig yfir á Stöð 2 og byrjar með nýjan þátt næsta vetur, eins og Fréttablaðið hefur greint frá. Aðspurð hvort það sé ekki erfitt að fylla í hans fótspor svarar hún: „Það er enginn eins og Kalli og ég ætla ekki einu sinni að reyna það. Í rauninni er það bara nafnið sem er eins á þáttunum en ég ætla að koma með nýjar áherslur og yngja þáttinn aðeins upp.“

Jóhönnu Björgu til halds og traust í þáttunum verður Hafdís Inga Hinriksdóttir förðunarfræðingur og hárgreiðslumaður, en þær stöllur leita að rétta aðilanum í það starf.

Þegar þátturinn var í umsjón Karls Berndsen var megináhersla lögð á útlitsbreytingar og að gefa einum áhorfanda nýtt útlit. Jóhanna Björg ætlar að breyta því. „Við verðum líka með útlitsbreytingar en ætlum að leggja meiri áherslu á ferlið en sjálfa breytinguna. Þátturinn verður fjölbreyttur og hraður tískuþáttur,“ segir Jóhanna Björg, sem heldur ritstjórastarfi sínu áfram hjá Nude Magazine.

Það var Skjár einn sem hafði samband við Jóhönnu og tók hún sér smá tíma til að íhuga tilboðið. „Ég hugsaði þetta vel og vandlega en svo gat ég einfaldlega ekki hafnað þessu tækifæri.“

Jóhanna Björg viðurkennir að það sér auðvitað stressandi að taka sín fyrstu kref á skjánum en hún stefnir á að hefja tökur strax í næstu viku. „Ég er að alveg að fara út fyrir þægindarammann en það er hollt. Ég vona bara að við fáum góðar móttökur þegar þátturinn fer í loftið í haust.“

alfrun@frettabladid.is

# Yngri systirin eftirsótt

Hin 13 ára gamla Elle Fanning er á góðri leið með verða eftirsóttasta andlit Hollywood en hún er yngri systir leikkonunnar Dakota Fanning.

Hún stal senunni á nýafstaðinni tískuviku í París þar sem hún blómstraði á fremsta bekk með tískuljósmyndaranum Mario Testino, leikkonunni Diane Kruger og öðrum stórum nöfnum innan tískubransans. Hún er einnig andlit auglýsingaherferðar tískurisans Marc Jacobs fyrir komandi haust og vetur. Þar með er Elle Fanning að feta í fótspor eldri systur sinnar sem einu sinni var andlit Marc Jacobs. Það er því óhætt að segja að Fanning-systur taki tískuheiminn með trompi.

Elle Fanning hefur þrátt fyrir ungan aldur leikið í fjölmörgum frægum bíómyndum og nú má sjá hana í myndinni Somewhere eftir Sofiu Coppola. Einnig hefur hún leikið í myndunum Babel og The Curious Case of Benjamin Button.



**TÍSKUMEÐVITAÐAR SYSTUR** Leikkonurnar Elle og Dakota Fanning sjást hér í fallegum kjólum frá Alexander McQueen en þrátt fyrir að vera aðeins þrettán ára gömul er Elle eitt vinsælasta andlitið í Hollywood. NORDICPHOTOS/GETTY


LYFJA – Lífið heil
www.lyfja.is




Ertu með frjókornaofnæmi?
Virkar innan 15 mínútna.

Fyrir þig í Lyfju

Livostin® (levokabastin); nefúði 50 míkróg/skammt og augndropar 0,5 mg/ml. Livostin er fáanlegt án lyfseðils og er notað gegn ofnæmisbólgum í nefi og augum. Verkun lyfsins hefst innan 15 mínútna og stendur í margar klukkustundir. Skammtastærðir eru þær sömu fyrir börn og fullorðna: Nefúði: 2 úðaskammtar í hvora nös 2 sinnum á dag. Hver úðaskammtur inniheldur um 50 míkróg af levokabastini. Halda skal meðferð áfram eins lengi og þörf krefur þar til einkennin eru horfin. Augndropar: 1 dropi í hvort auga 2 sinnum á dag. Ef þess gerist þörf má gefa skammtinn allt að 4 sinnum á dag. Hver dropi inniheldur u.þ.b. 15 míkróg af levokabastini. Halda skal meðferð áfram eins lengi og þörf krefur þar til einkennin eru horfin. Varúð: Ekki má nota Livostin ef þekkt er ofnæmi fyrir levokabastini eða einhverju hjálparefnanna. Ekki er ráðlegt nota mjúkar augnlinsur með Livostin augndropum. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi. Aukaverkanir: Tímabundin erting í nefi strax eftir gjöf lyfsins er algeng (um 5% sjúklinga). Tímabundin erting í augum, strax eftir gjöf lyfsins er algeng (um 16% sjúklinga). Ofnæmi hefur í einstaka tilvikum komið fram. Meðganga og brjóstagjöf: Lyfið veldur fósturskemmdum í dýratilraunum og ætti því ekki að nota á meðgöngutíma. Lyfið skilst út í móðurmjólk, en áhrif á barnið eru ólíkleg við venjulega skömmtun. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Handhafi markaðsleyfis: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 55392 06/11

BÍÓ ★ PARADÍS
Sjá sýningartíma á midi.is og bioparadis.is
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS

SHIFT_ the way you move

NISSAN

# FJÖLSKYLDUBORGAR-SVEITASPORTJEPPI




## NISSAN QASHQAI

Þessi vinsæli sportjeppi er nú fáanlegur bæði í 5 og 7 manna útgáfum. Komdu við hjá okkur í dag, kynntu þér magnaðan fjölskyldubíl og mátaðu hvor útgáfan af Nissan Qashqai hentar þér betur.

**www.nissan.is**

**Sjálfskiptur**
**Fjórhjóladrif með LOCK stillingum**
**Ríkulegur búnaður**
**Meðaleyðsla 8,0 l/100km**

Verð frá **5.240 þús. kr.**

ENNEMM / SÍA / NM47293

**B&L OG INGVAR HELGASON** Sævarhöfða 2, sími 525 8000

# sport

sport@frettabladid.is



**EIÐUR SMÁRI GUÐJOHSEN** er búinn að fá samningstilboð frá enska B-deildarliðinu West Ham en það staðfesti umboðsmaður hans og faðir, Arnór Guðjohnsen. Swansea er einnig á eftir Eiði og svo hefur heyrst af áhuga frá New York Red Bulls og eru háværar sögusagnir um að Eiður ætli sér að fara til Bandaríkjanna.

**STAÐAN Í PEPSI-DEILDINNI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **KR** | **9** | **7** | **2** | **0** | **20-6** | **23** |
| Valur | 10 | 7 | 1 | 2 | 15-5 | 22 |
| **ÍBV** | **9** | **6** | **1** | **2** | **14-7** | **19** |
| FH | 10 | 4 | 3 | 3 | 21-14 | 15 |
| **Stjarnan** | **10** | **4** | **3** | **3** | **19-18** | **15** |
| Breiðablik | 10 | 4 | 3 | 3 | 18-17 | 15 |
| **Keflavík** | **10** | **4** | **2** | **4** | **13-13** | **14** |
| Fylkir | 10 | 4 | 2 | 4 | 14-18 | 14 |
| **Grindavík** | **10** | **2** | **2** | **6** | **12-22** | **8** |
| Þór | 10 | 2 | 2 | 6 | 9-21 | 8 |
| **Víkingur** | **10** | **1** | **4** | **5** | **8-14** | **7** |
| Fram | 10 | 0 | 3 | 7 | 6-15 | 3 |

**Keflavík 2-1 Víkingur**

Nettóvöllur, áhorf.: 793 — Erlendur Eiríksson (7)

*1-0 Guðjón Árni Antoníusson (21.)*
*2-0 Jóhann B. Guðmundsson (33.)*
*2-1 Viktor Jónsson (68.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 10–6 (6–4) |
| Varin skot | Ómar 3 – Magnús 4 |
| Horn | 3–6 |
| Aukaspyrnur fengnar | 15–14 |
| Rangstöður | 2–1 |

| **KEFLAV.** 4–4–2 | | **VÍKING.** 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Ómar Jóhannsson | 7 | Magnús Þormar | 7 |
| Guðjón Antoníusson | 8 | Walter Hjaltested | 4 |
| Adam Larsson | 5 | Kristinn Magnússon | 5 |
| Haraldur Guðmunds. | 7 | Mark Rutgers | 6 |
| Viktor Hafsteinsson | 6 | Sigurður Lárusson | 5 |
| Andri St. Birgisson | 5 | Denis Abdulahi | 4 |
| (26., Magnús Magn. | 6) | Halldór Sigurðsson | 6 |
| Arnór Traustason | 7 | Baldur Aðalsteinsson | 4 |
| Bojan Ljubicic | 7 | (43, Kjartan Dige | 6) |
| ***Jóhann Guðm.** | **8** | Þorvaldur Sveinsson | 5 |
| (74., Magnús Matt. | -) | Hörður Bjarnason | 4 |
| Guðm. Steinarsson | 5 | (55., Gunnar Steind. | 6) |
| (90., Magnús Þorst. | -) | Viktor Jónsson | 6 |
| Hilmar Geir Eiðsson | 4 | **Maður leiksins* | |

**Valur 1-1 Stjarnan**

Vodafonevöllur, áhorf.: ? — Gunnar Jarl Jónsson (6)

*1-0 Jón Vilhelm Ákason (43.)*
*1-1 Halldór Orri Björnsson (63.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 6–9 (3–3) |
| Varin skot | Haraldur 2 – Ingvar 1 |
| Horn | 2–14 |
| Aukaspyrnur fengnar | 7–10 |
| Rangstöður | 3–2 |

| **VALUR** 4–3-3 | | **STJARN.** 4–3-3 | |
|---|---|---|---|
| Haraldur Björnsson | 8 | Ingvar Jónsson | 6 |
| Jónas Tór Næs | 6 | Baldvin Sturluson | 6 |
| Halldór K. Halldórs. | 6 | Daníel Laxdal | 7 |
| Atli Sv. Þórarinsson | 7 | Nikolaj Pedersen | 5 |
| Pól Justinussen | 5 | Hörður Árnason | 6 |
| Haukur Sigurðsson | 6 | Þorvaldur Árnason | 7 |
| (70., Hörður Sveins. | 5) | (46., Bjarki Eysteins. | 5) |
| Guðjón Lýðsson | 5 | ***Halldór Björns.** | **8** |
| Rúnar Sigurjónsson | 6 | Jesper Jensen | 7 |
| Arnar Sv. Geirsson | 6 | Jóhann Laxdal | 6 |
| Jón Vilhelm Ákason | 7 | Ellert Hreinsson | 6 |
| (79., Andri Stefáns. | -) | Garðar Jóhannsson | 5 |
| Christian Mouritzen | 5 | (46., Tryggvi Bjarna. | 5) |
| (80., Ingólfur Sig. | -) | **Maður leiksins* | |

# Lítil gæði í Laugardal

**Framarar og Grindvíkingar skildu jöfn í tilþrifalitlum leik á Laugardalsvelli í gærkvöld. Martraðarsumar Framara heldur áfram en liðið hefur ekki enn unnið sigur í deildinni. Grindvíkingar réttu úr kútnum eftir skell gegn FH.**

**FÓTBOLTI** Framarar mættu beittari til leiks á Laugardalsvelli í gær. Þeir stjórnuðu leiknum framan af og áttu nokkrar álitlegar sóknir en gekk illa að skapa sér færi. Grindvíkingar virtust hafa lítið sjálfstraust. Eftir rassskellinguna í Hafnarfirði í síðustu umferð var annaðhvort von á grenjandi ljónum eða vængbrotnu liði. Hið síðara varð raunin.

„Eins og flestir vita hefur síðasta vika verið súr. Menn voru staðráðnir í því að koma hingað og breyta okkar leik. Það tókst ekki í fyrri hálfleik. Við vorum hræddir og náðum ekki upp neinu sjálfstrausti eða spili,“ sagði Óskar Pétursson markvörður Grindvíkinga.

Framarar skoruðu eina mark fyrri hálfleiksins eftir stundarfjórðung. Hægri kantmaðurinn Kristinn Ingi Halldórsson lék þá upp að endamörkum hægra megin og sendi fyrir á kollega sinn af vinstri kantinum, Tómas Leifsson, sem renndi knettinum í opið markið.

„Við bregðumst mun betur við þessu marki en við höfum gert hingað til. Við héldum áfram að spila. Komumst inn í hálfleikinn. Svo komum við beittari inn í seinni hálfleikinn og áttum að skora fleiri mörk,“ sagði Óskar.

Síðari hálfleikurinn var mun jafnari en sá fyrri. Grindvíkingar gerðu breytingu á liði sínu snemma í hálfleiknum þegar Skotinn Paul McShane kom inn á. Skömmu síðar var hann fljótur að hugsa meðan Framarar sváfu á verðinum. Hann sendi boltann snöggt úr aukaspyrnu á Robbie Winters sem sneri af sér varnarmann Framara og afgreiddi knöttinn frábærlega í netið.



**TILÞRIFALÍTIÐ** Það var lítið um svona fín tilþrif á Laugardalsvellinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

„Dómarinn flautaði og það var tilbúin skipting hjá þeim. Það stóðu allir kyrrir en auðvitað eiga menn að vera tilbúnir. Við getum ekki afsakað okkur,“ sagði Kristinn Ingi Halldórsson skásti maður Fram í leiknum. Kristinn átti marga fína spretti upp hægri kantinn og áttu varnarmenn Grindvíkinga í tómu basli með hann. Hann var afar ósáttur við dómaratríó leiksins og fannst leikmenn Grindvíkinga fá að ganga of hart fram til þess að hafa hemil á honum.

Bæði lið fengu þokkaleg færi til þess að skora sigurmark en niðurstaðan varð jafntefli í leik sem einkenndist af töluverðri taugaveiklun og litlum gæðum.

„Það hefur lítið gengið upp hjá okkur í sumar. Mér fannst við samt betri í þessum leik og höfðum tök á honum þegar þeir skora markið. Það var ekkert í spilunum hjá þeim. Þegar maður er á botninum þá gengur ekkert upp,“ sagði Kristinn Ingi ósáttur við aðeins eitt stig úr leiknum.

Óskar var öllu sáttari. „Það er auðvitað leiðinlegt að vinna ekki. En það hefði verið skelfilegt að tapa og koma Fram á sporið. Við græðum meira á þessu stigi heldur en Fram,“ sagði Óskar.

**kolbeinntd@frettabladid.is**

**FRAM 1-1 GRINDAVÍK**

*1-0 Tómas Leifsson (14.)*
*1-1 Robbie Winters (68.)*

Laugardalsvöllur, áhorf.: 831
Dómari: Guðmundur Ársæll Guðmundsson (5)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 15–6 (7–3) |
| Varin skot | Ögmundur 2 – Óskar 6 |
| Horn | 11–2 |
| Aukaspyrnur fengnar | 13–12 |
| Rangstöður | 3–2 |

**Fram 4–3–3** Ögmundur Kristinsson 5 - Jón Orri Ólafsson 5 (40., Daði Guðmundsson 5), Hlynur Atli Magnússon 6, Kristján Hauksson 5, Sam Tillen 6 - Halldór Hermann Jónsson 5, Jón Gunnar Eysteinsson 4, Andri Júlíusson 6 (78., Almarr Ormarsson -) - Kristinn Ingi Halldórsson 6, Tómas Leifsson 5, Hjálmar Þórarinsson 4 (73., Guðmundur Magnússon -).

**Grindavík 4-3-3 *Óskar Pétursson 6** - Alexander Magnússon 5, Ólafur Örn Bjarnason 5, Orri Freyr Hjaltalín 5, Bogi Rafn Einarsson 3 (69., Óli Baldur Bjarnason 5) - Jóhann Helgason 6, Jamie McCunnie 5, Páll Guðmundsson 4 (60., Paul McShane 6) - Magnús Björgvinsson 4, Scott Ramsay 5 (87. Yacine Si Salem -), Robbie Winters 6.



**Á UPPLEIÐ** Keflavík vann fínan sigur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tveir sigrar í röð hjá Keflavík:

## Hafa fjarlægst fallsvæðið

**FÓTBOLTI** Keflavík vann mikilvægan 2-1 sigur á Víkingi í fallbaráttuslag í Keflavík í gær en Keflavík var 2-0 yfir í hálfleik. Keflvíkingar hafa með sigrinum hrist af sér fallbaráttuslaginn í bili og virðast vera að hressast nokkuð.

Keflavík var mun sterkari í leiknum og hefði hæglega getað verið fleiri mörkum yfir í hálfleik. Leikurinn var jafnari í seinni hálfleik þótt lítið hafi bent til þess að Víkingur myndi ógna forystu Keflavíkur þegar liðið skoraði.

„Fyrri hálfleikurinn var kannski það besta sem við höfum sýnt í sumar og svo komum við mjög kraftmiklir inn í seinni hálfleikinn. Svo kom aðeins hrollur í okkur þegar þeir minnka muninn og við féllum til baka og fórum að verja forskotið,“ sagði Willum Þór Þórsson, þjálfari Keflavíkur, í leikslok en honum var létt að hafa skilið við fallbaráttuna í bili að minnsta kosti.

„Við fórum yfir þessi mál og ákváðum að við værum að fara í mikla fallbaráttuslagi á móti Fram og Víkingi þar sem þurfti sterkt hugarfar og stórt Keflavíkurhjarta og það tókum við með okkur í þessa leiki. Það er fyrst og fremst hugarfarið, baráttan og samstaðan í liðinu sem hefur siglt þessu heim,“ sagði Willum.

Víkingur féll með ósigrinum niður í næstneðsta sæti deildarinnar en Keflavík er með sjö stigum meira en Víkingur. **- gmi**





**ÆTLAR ÞÚ AÐ HLAUPA MARAÞON?**

**Pantaðu tíma í göngugreiningu Flexor í síma 517 3900**

Orkuhúsinu
Suðurlandsbraut 34
S. 517 3900 / www.flexor.is

NÆSTA SKREF


Valsmönnum mistókst að komast aftur á topp Pepsi-deildar karla í gær:

# Valsmenn heppnir að næla í stig

**FÓTBOLTI** Valsmenn áttu möguleika á að komast á toppinn í deildinni en Stjörnumenn komu í veg fyrir það og 1-1 jafntefli niðurstaðan. Stjarnan var mun sterkari aðilinn í síðari hálfleiknum og Valsmenn voru heppnir að fá stig úr leiknum, en markvörður þeirra, Haraldur Björnsson, átti frábæran leik og bjargaði þeim oft og tíðum.

„Ég er engin hetja, það eru 11 menn inni á vellinum í einu og við stóðum okkur allir vel í kvöld,“ sagði Haraldur Björnsson.

„Við fengum okkar færi í þessum leik og hefðum átt að nýta þau betur. Það sem fór vel í kvöld var að liðið var að spila boltanum vel út úr vörninni sem var mikilvægt þar sem við vissum að þeir myndu pressa okkur hátt. Það er góð tilfinning að vera í toppbaráttunni og við ætlum okkur að vera þar.“

„Við höfðum öll tök á því að vinna þennan leik,“ sagði Bjarni Jóhannsson, þjálfari Stjörnunnar, eftir leikinn í gær.



**SPRÆKIR** Halldór Orri Stjörnumaður og Guðjón Pétur elta boltann. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

„Við fáum á okkur mark rétt fyrir hálfleik sem verður að skrifast á einbeitingarleysi, en liðið tvíefldist við það og við vorum miklu betri aðilinn í þeim síðari. Það var sorglegt að nýta ekki þau færi sem við fengum. Haraldur var hetja Valsmanna í kvöld.“. **- sáp**

Nýtt tákn um gæði



## Nýr Ford Focus

Kauptu bíl sem notar aðeins **3,7 lítra á hundraðið** frá Akureyri

*Verð frá 3.350.000 kr.*

Græn skref í Reykjavík
90 mín.
Visthæfur bíll

*Vertu í hópi þeirra bestu.*
*Veldu Ford.*

Komdu í Brimborg í dag. Reynsluaktu nýjum Ford.

**Gerðu samanburð**

# Kveiktu á sparneytni

## sjáðu nýja bíla frá Ford

Tíminn líður hratt. Hagkvæmir eiginleikar Ford mæta þörfum nútímans. Ford leggur í stæði sjálfur. Ford fær frítt í stæði. Ford verndar þig og þína. Ford passar budduna þína. Ford bílar létta þér lífið. Kveiktu á hagkvæmum eiginleikum Ford. Fáðu að vita meira um gegnheila og einlæga hönnun Ford.

**Opið í dag**
**Bíldshöfða 6**
**milli kl. 9 og 17**

Komdu í Brimborg í dag





Nýtt - spyrðu um framlengda verksmiðjuábyrgð í allt að 5 ár

## Nýr Ford Kuga AWD

Kauptu bíl sem notar aðeins **5,1 lítra á hundraðið** til Ísafjarðar

*Verð frá 5.690.000 kr.*



## Nýr Ford Fiesta

Kauptu bíl sem notar aðeins **3,2 lítra á hundraðið** frá Selfossi

*Verð frá 2.350.000 kr.*

Græn skref í Reykjavík
90 mín.
Visthæfur bíll

## Nýr Ford Mondeo

Kauptu bíl sem notar aðeins **3,9 lítra á hundraðið** til Hafnar

*Verð frá 4.340.000 kr.*

Græn skref í Reykjavík
90 mín.
Visthæfur bíll

visthæf skref
með Brimborg

*Farðu á brimborg.is*
*og þú ert kominn af stað*

**Komdu í Brimborg í dag milli kl. 9 og 17**

*Venjulegt íslenskt fjölskyldufyrirtæki í 47 ár*

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | www.ford.is

Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndunum í auglýsingunni. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar.

## > Owen Wilson

„Ég hef aldrei tekið sjálfan mig alvarlega sem leikara.“

***Owen Wilson leikur í gamanmyndinni The Big Bounce, sem fjallar um brimbrettakappa og smáglæpamann sem fer til Havaí í leit að nýjum tækifærum. Þar fær hann vinnu við að annast virðulegan eldri dómara en kynnist um leið þokkadís sem er unnusta auðjöfurs og er myndin sýnd á Stöð 2 bíói kl. 16.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** KRISTJANA ARNARSDÓTTIR **KVEÐUR HARRY POTTER MEÐ TREGA**

## *Ævintýrið senn á enda*

Það var árið 1999 sem fyrsta bókin um galdrastrákinn Harry Potter kom út á Íslandi. Ég, þá níu ára gömul, fékk eintak af bókinni í hendurnar frá foreldrum mínum og hóf lestur. Harry Potter átti fljótlega eftir að verða mín uppáhaldsbók. Áhugi minn á ævintýrum Potters var svo mikill, að eitt sumarið þurfti ég að koma heim og lesa á milli fótboltaleikja á stúlknamóti Breiðabliks.

Þegar kvikmyndirnar um Potter fóru að koma út hætti ég lestrinum, enda komin á gelgjuna og eyddi frítímanum heldur á msn eða á myspace. Áhugi minn á galdrastráknum minnkaði þó ekkert og passaði ég ávallt að horfa reglulega á myndirnar, sérstaklega þegar það styttist í næstu bíófrumsýningu.

Lokamyndin um Harry Potter verður frumsýnd í bíóhúsum landsins á morgun og ævintýrið því senn á enda. Það er frekar ótrúlegt að hugsa til þess að við Emma Watson, stúlkan sem fer með hlutverk Hermione Granger, séum jafnaldrar. Ég man eftir þeim degi þegar ég las að verið væri að leita að ungum krökkum til að fara með aðalhlutverkin í myndinni og hvað mér fannst ömurlegt að búa á Íslandi en ekki í Bretlandi. Mig sem langaði svo að leika Hermione Granger!

Ef það myndi ekki teljast „virkilega skrítið“, þá myndi ég klæða mig í skikkju, teikna á mig ör, setja upp gleraugun og kveðja félaga minn Harry með stæl á frumsýningunni á morgun. Ég ætla samt bara að láta það nægja að kaupa popp og kók. Harry, ég þakka samfylgdina síðustu ár. Þetta var skemmtilegt ferðalag.



### RÚV

**14.45 Opna breska meistaramótið** (2:5)
**15.40 Íslenski boltinn** (e)
**16.40 Leiðarljós**
**17.20 Tóti og Patti** (14:52)
**17.31 Þakbúarnir** (13:52)
**17.43 Skúli skelfir** (48:52)
**17.54 Jimmy Tvískór** (7:13)
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Gulli byggir** (2:6) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Að duga eða drepast** (32:41)
**20.20 Karamellumyndin** Íslensk stuttmynd frá 2003. Lögreglumaður og aðstoðarkona hans reyna að upplýsa röð dularfullra glæpa. Leikstjóri er Gunnar B. Guðmundsson og í helstu hlutverkum eru Jón Gnarr, Elma Lísa Gunnarsdóttir og Gísli Örn Garðarsson.
**20.40 Herstöðvarlíf** (Army Wives) Bandarísk þáttaröð um eiginkonur hermanna sem búa saman í herstöð.
**21.25 Golf á Íslandi**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Winter lögregluforingi – Fagra land** (1:8)
**23.25 Sönnunargögn** (2:13) (e)
**00.10 Opna breska meistaramótið** (2:5) (e)
**01.05 Fréttir** (e)
**01.15 Dagskrárlok**

### BÍÓ

**08.00 Beverly Hills Cop**
**10.00 The Big Bounce**
**12.00 Abrafax og sjóræningjarnir**
**14.00 Beverly Hills Cop**
**16.00 The Big Bounce**
**18.00 Abrafax og sjóræningjarnir**
**20.00 Impact Point**
**22.00 Friday the 13th**
**00.00 Grey Gardens**
**02.00 Cemetery Gates**
**04.00 Friday the 13th**
**06.00 Next**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.10 Monk** (2:16)
**10.55 Wonder Years** (2:23)
**11.20 Office** (4:6)
**11.50 Burn Notice** (15:16)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 American Idol** (26:43)
**14.25 American Idol** (27:43)
**15.10 Sjáðu**
**15.40 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (15:25)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir, íþróttir og Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 Two and a Half Men** (18:24)
**19.35 Modern Family** (18:24)
**20.00 The Middle** (20:24)
**20.25 The Big Bang Theory** (15:23) Þriðja serían af þessum skemmtilega gamanþætti um ævintýri nördanna Leonard og Sheldon.
**20.50 How I Met Your Mother** (16:24)
**21.15 Bones** (16:23) Sjötta serían af spennuþáttunum þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Bones Brennan réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.
**22.00 Entourage** (3:12)
**22.25 Bored to death** (6:8)
**22.55 Talk Show With Spike Feresten** (10:22)
**23.15 Gossip Girl** (21:22)
**00.00 Off the Map** (5:13)
**00.45 Ghost Whisperer** (17:22)
**01.30 The Ex List** (12:13)
**02.15 NCIS. Los Angeles** (11:24)
**03.00 Eleventh Hour** (11:18)
**03.45 Nip/Tuck** (5:19)
**04.25 The Deep End** (5:6)
**05.10 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**07.00 Pepsi mörkin**
**08.10 Pepsi mörkin** Skemmtilegur þáttur þar sem farið er yfir öll mörkin og umdeildu atvikin í Pepsi deild karla í knattspyrnu. Umsjónarmaður er Hörður Magnússon.
**18.00 Valur - Stjarnan** Útsending frá leik Vals og Stjörnunnar í Pepsi deild karla í knattspyrnu.
**19.50 Pepsi mörkin** Skemmtilegur þáttur þar sem farið er yfir öll mörkin og umdeildu atvikin í Pepsi deild karla í knattspyrnu. Umsjónarmaður er Hörður Magnússon.
**21.00 Herminator Invitational 2011** Sýnt frá stórskemmtilegu góðgerðagolfmóti sem knattspyrnumaðurinn Hermann Hreiðarsson stendur fyrir í Vestmannaeyjum.
**21.45 Icelandic Fitness and Health Expo 1** Sýnt frá Kraftasportinu 2010 en til leiks eru mættir flestir af sterkustu mönnum Íslands.
**22.30 Veiðiperlur** Flottur þáttur þar sem farið er ofan í allt milli himins og jarðar sem tengist stangaveiði. Farið verður í veiði í öllum landshornum og landsþekktir gestir verða í sviðsljósinu.
**23.00 OneAsia Tour - Highlights**
**23.50 Meistaradeild Evrópu: Schalke - Man. Utd.**

### SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Argentína - Kostaríka** Útsending frá leik Argentínu og Kostaríka í Copa America 2011.
**18.05 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**18.35 Kólumbía - Bólivía** Útsending frá leik Kólumbíu og Bólivíu í Copa America 2011.
**20.20 Argentína - Kostaríka** Útsending frá leik Argentínu og Kostaríka í Copa America 2011.
**22.05 Chile - Perú** Bein útsending frá leik Chile og Perú í Copa America 2011. Liðin eru í C-riðli ásamt Úrúgvæ og Mexíkó.
**00.35 Úrugvæ - Mexikó** Bein útsending frá leik Úrúgvæ og Mexíkó í Copa America 2011. Liðin eru í C-riðli ásamt Chile og Perú.

### SKJÁREINN

**08.00 Rachael Ray** (e)
**17.15 Dynasty** (9:28)
**18.00 Rachael Ray**
**18.45 WAGS, Kids & World Cup Dreams** (1:5) (e) Fimm kærustur þekktra knattspyrnumanna halda til Suður-Afríku í aðdraganda heimsmeistarakeppninnar sem haldin var á síðasta ári.
**19.45 Whose Line is it Anyway?** (23:39) Bráðskemmtilegur spunaþáttur þar sem allt getur gerst.
**20.10 Survivor** (9:16) Bandarískur raunveruleikaþáttur sem notið hefur mikilla vinsælda. Ættbálkarnir voru sameinaðir í síðasta þætti en það er ekki þar með sagt að samstaða ríki. Aðilar úr Zapatera eru óvissir um stöðu sína enda Ometepe ættbálkurinn allsráðandi í hinum nýsameinaða Murlonio ættbálki.
**21.00 How To Look Good Naked (2:8)** Stílistinn geðþekki Gok Wan brýtur múra útlitsdýrkunar og aðstoðar ólíkar konur við að finna ytri sem innri fegurð. Adele er fyrrum listdansari á skautum og er nýorðin fertug en Gok Wan aðstoðar hana.
**21.50 In Plain Sight** (2:13) Spennuþáttaröð sem fjallar um hörkukvendi og störf hennar fyrir bandarísku vitnaverndina. Mary og Marshall felldu hugi saman árið 2003 við skyldustörf en það reynir á þegar draugar fortíðar skjóta upp kollinum.
**22.35 Parenthood** (7:13) (e)
**23.20 Royal Pains** (7:13) (e)
**00.05 CSI: New York** (4:22) (e)
**00.55 Shattered** (3:13) (e)
**01.45 CSI: Miami** (24:24) (e)
**00.30 Smash Cuts** (11:52) (e)

### SKJÁRGOLF

**08.10 John Deere Classic** (3:4)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 The Scottish Open** (1:2)
**17.00 US Open 2006 - Official Film**
**18.00 Golfing World**
**18.50 PGA Tour - Highlights** (25:45)
**19.45 The Scottish Open** (2:2)
**22.00 Golfing World**
**22.50 PGA Tour - Highlights** (20:45)

### EXTRA

**19.30 The Doctors** Framúrskarandi læknar veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
**20.15 Grey's Anatomy** (11/24) Fimmta sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 Fairly Legal** (6:10) Ný dramatísk og hnyttin þáttaröð sem fjallar um Kate Reed. Hún starfaði sem lögmaður á virtri lögfræðistofu fjölskyldunnar sinnar í San Francisco en ákvað að gerast sáttamiðlari þar sem henni fannst réttarkerfið ekki vera nógu skilvirkt. Henni virðist þó ekki takast að leysa deilurnar í sínu eigin lífi.
**22.25 Nikita** (17:22) Ný og hörkuspennandi þáttaröð frá Warner Bros um leyniþjónustuna Division sem ræður til sín ungmenni sem áttu erfiða æsku. Leyniþjónustan eyðir öllum sönnunargögnum um fyrra líf þeirra og gerir þau að færum njósnurum og morðingjum.
**23.10 Weeds** (1:13)
**23.40 Grey's Anatomy** (11:24)
**00.25 The Doctors**
**01.05 Sjáðu**
**01.30 Fréttir Stöðvar 2**

### N4

**18.15 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**21.00 Bæjarstjórnarfundur** Útsending frá bæjarstjórnarfundi frá því fyrr um daginn.

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Sigurður Erlingsson, framkvæmdastjóri íbúðalánasjóðs.
**21.00 Græðlingur** Uppskeran í gróðurhúsi Ragnheiðar Söru.
**21.30 Svartar tungur** Sif Friðleifsdóttir er gestur og talar um bann við tóbaksnotkun.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


BM·VALLÁ

bmvalla.is



# Sumarið er tíminn
Taktu til hendinni í garðinum!

**Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir,** landslagsarkitekt okkar, veitir viðskiptavinum ókeypis ráðgjöf og aðstoð við mótun hugmynda og útfærslu.

Ráðgjöfin ásamt tölvuteikningu er þér að kostnaðarlausu. Hafðu samband við sölufulltrúa okkar og pantaðu tíma.

Happdrætti
Allir sem nýta sér landslagsráðgjöf og kaupa í kjölfarið efni til framkvæmda hjá BM Vallá fara í pott og geta unnið ferð til London fyrir tvo. Gildir út árið 2011.



BM Vallá ehf.
Bíldshöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 412 5050
sala@bmvalla.is
Opið mán.–fös. 8-18

**Komdu til okkar og fáðu hugmyndir fyrir garðinn þinn.**

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 SPORT 2 KL. 22.05

**Chile - Perú**



Í kvöld ráðast úrslitin í C-riðli í Copa America. Fjörið hefst með leik Chile og Perú klukkan 22.05 þar sem allra augu munu beinast að Alexis Sanchez hjá Chile. Klukkan 00.35 hefst síðan bein útsending frá leik Úrúgvæ og Mexíkó.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunfrúin **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tropicalia: Bylting í brasilískri tónlist **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Húslestrar á Listahátíð 2011 **14.00** Fréttir **14.03** Söngleikir **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hin hljóðu tár **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Eyðibýlið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Í lok dags **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Firðir **20.00** Leynifélagið **20.30** Sjö dagar sælir **21.28** Kvöldsagan: Njáls saga **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Djassvisjón Evrópu: Frá Brooklyn til Brussel **23.05** Útvarpsleikhúsið: Skapalón **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**12.10** Deal or No Deal **12.45** Dalziel and Pascoe **13.35** Dalziel and Pascoe **14.25** Deal or No Deal **15.00** Deal or No Deal **15.35** Deal or No Deal **16.10** Fawlty Towers **16.40** ‚Allo ‚Allo! **17.05** ‚Allo ‚Allo! **17.30** The Inspector Lynley Mysteries **18.20** The Inspector Lynley Mysteries **19.10** Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.45** QI **21.15** Little Britain **21.45** My Family **22.15** Top Gear **23.05** The Graham Norton Show **23.50** QI **00.20** QI **00.50** Little Britain **01.20** My Family **01.50** The Inspector Lynley Mysteries

## DR 1

**11.15** Når elefanten går i brusebad **11.45** Sommertid **12.15** Forandring på vej **12.45** 90'erne tur retur **13.15** Aftenshowet Sommer **14.00** Byggemand Bob **14.15** Hyrdehunden Molly **14.30** Lille Nørd **15.00** Hercule Poirot **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet Sommer **17.45** Sommervejret **18.00** Hammerslag Sommermix **18.30** Kender du typen **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret **19.35** Aftentour 2011 **20.00** Miss Marple **21.35** Verdens værste naturkatastrofer **22.20** Blod, sved og T-shirts

## NRK1

**11.35** Karanba! **12.05** Hvilket liv! **12.35** Fotoskolen Singapore **13.00** Derrick **14.00** Sommeråpent **14.45** Ut i naturen **15.10** Poirot **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tilbake til 70-tallet **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Grønn glede **18.00** Joanna Lumley: Draumen om Nilen **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.15** Lyngbø og Hærlands Big Bang **21.05** Kveldsnytt **21.20** Elskerinner **22.10** Mat i Norden

## svt1

**13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Vem tror du att du är? **14.45** Radiohjälpen - Kronprinsessan Victorias fond **14.55** Sommarkväll **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.05** Regionala nyheter **16.10** Regionala nyheter **16.15** Genom Ryssland på 30 dagar **17.00** Jag minns... **17.10** Jag minns... **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.50** Regionala nyheter **17.52** Regionala nyheter **18.00** Allsång på Skansen **19.00** Morden i Midsomer **20.30** Försvunna **21.00** Svaleskär **21.30** Bara en natt **23.10** Rapport







FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN



# STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval.
Þú færð meira af öllu á Vísi.

**Meiri Vísir.**

vísir

## Á GRILLIÐ Í SUMAR



*„Kjúklingabringur í tandoorimarineringu eru uppáhalds á grillið. Annars reyni ég að grilla fisk tvisvar í viku því það er dásamlega gott og hollt.“*

Þorbjörg Marínósdóttir, kynningarfulltrúi og rithöfundur.

# Kevin Smith kemur til Íslands

„Ég er búinn að vera aðdáandi lengi,“ segir Guðlaugur Hannesson sem skipuleggur sýningu með Hollywood-leikstjóranum Kevin Smith í Hörpunni í nóvember.

Þar verður leikstjórinn, sem er þekktastur fyrir myndirnar Clerks, Chasing Amy og Dogma, með uppistand og svarar spurningum áhorfenda úr salnum. „Ég fékk samband við umboðsmanninn hans árið 2008 en þá kom þetta blessaða hrun. Ég er búinn að vera í stöðugum samskiptum síðan þá,“ segir Guðlaugur sem var að vonum ánægður þegar samningar tókust loks í síðustu viku. Smith mun dvelja hér á landi í nokkra daga og hlakkar hann mikið til að heimsækja Ísland í fyrsta sinn.

Guðlaugur er 29 ára nemi í viðskiptafræði við Háskóla Íslands. Hann lofar skemmtilegri sýningu í Hörpunni enda Smith vanur maður þegar svona viðburðir eru annars vegar. „Hann er mjög góður sögumaður og síðan eru ákveðnir valdir sem fá að standa upp og spyrja spurninga um kvikmyndaiðnaðinn og sögurnar sem tengjast honum persónulega,“ segir Guðlaugur. Eftir sýninguna verður svokallað „meet and greet“ þar sem þeir sem eiga dýrustu miðana geta spjallað við Smith augliti til auglits.

Sýningin verður í Eldborgarsalnum sem tekur 1.600 manns og hefst forsala miða í þessari viku. „Svona viðburður hefur ekki átt sér stað á Íslandi áður. Quentin Tarantino kom hingað 2002 en eitthvað í þessum strúktúr hefur ekki sést hérna áður. Íslendingar eru alltaf að kvarta yfir því að það sé ekkert að gerast þannig að ég býst við góðri mætingu,“ segir Guðlaugur. **- fb**



**KEMUR Í NÓVEMBER** Bandaríski leikstjórinn spjallar við íslenska aðdáendur sína í nóvember. NORDICPHOTOS/GETTY






## GUÐFINNA KARLSDÓTTIR: KIPPA SÉR EKKERT UPP VIÐ HOLLYWOOD

# Ridley Scott og félagar sprengja í Rangárþingi ytra

Breski leikstjórinn Ridley Scott hefur fengið leyfi til sprenginga frá 5. júlí til 1. ágúst við Dómadalsleið samkvæmt fundargerð hreppsnefndar Rangárþings ytra. Í fundargerðinni kemur jafnframt fram að aðeins verði sprengt þrjá daga innan þess tímaramma. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst eru sprengingarnar ekki stórar heldur eru einungis hugsaðar sjónrænt fyrir tökuvélarnar.

Guðfinna Þorvaldsdóttir, oddviti hreppsnefndarinnar í Rangárþingi ytra, staðfesti að sveitarfélagið hefði gefið kvikmyndagerðarfólkinu leyfi til að athafna sig við Dómadalsleið. „Þeir eru þarna í gosefnunum frá Heklu.“ Hún sagði sveitarfélagið ekki fá neitt fyrir sinn snúð annað en góða kynningu. Þá styrki nærvera þeirra þjónustuaðila á svæðinu. Hún bætir því við að íbúar í Rangárþingi kippi sér lítið upp við nærveru leikstjórans Scotts og annarra Hollywood-stjarna sem væntanlegar eru austur. „Nei, ætli þeir geri sér nokkuð grein fyrir umfanginu, menn eru líka að gera mynd og vilja örugglega ekkert vera að vekja of mikla athygli á sér.“

Flugbjörgunarsveitin á Hellu sér um gæslu fyrir Ridley Scott. Svanur Sævar Lárusson, formaður sveitarinnar, staðfesti það í samtali við Fréttablaðið. Hann vísaði að öðru leyti á starfsfólk framleiðslufyrirtækisins True North sem hefur veg og vanda af komu tökuliðsins til Íslands. True North er búið að stofna fyrirtækið KOP til að halda utan um framleiðsluna hér á landi en það er gert með vísan í lög um tímabundna endurgreiðslu vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins gista Hollywood-stjörnurnar á Hótel Rangá meðan á tökum við Dómadalsleið stendur. Friðrik Pálsson, staðarhaldari þar, vildi ekkert tjá sig við Fréttablaðið heldur vísaði öllum spurningum yfir til True North. Á vefsíðu hótelsins kemur fram að gestum bjóðist viðamikill lúxus, eitthvað sem Óskarsverðlaunaleikkonan Charlize Theron hlýtur að gera kröfu til en eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær eru Noomi Rapace og Michael Fassbender einnig meðal leikara sem dvelja hér á landi.

freyrgigja@frettabladid.is



**SPRENGINGAR**

**Ridley Scott** ætlar að sprengja í þrjá daga við Dómadalsleið en leyfi fyrir slíku var veitt í hreppsnefnd Rangárþings ytra. Stjörnur kvikmyndarinnar munu gista á Hótel Rangá, en meðal þeirra sem hingað koma er Óskarsverðlaunaleikkonan **Charlize Theron.**






# Heimsfrumsýning á Youtube

Björk Guðmundsdóttir heimsfrumsýnir myndband við nýjasta lagið sitt, Crystalline, á síðunni Youtube í lok mánaðarins.

Þetta verður í fyrsta sinn sem hún frumsýnir myndband á Youtube og bíða aðdáendur hennar spenntir eftir útkomunni. Leikstjóri er Frakkinn Michel Gondry, samstarfsmaður Bjarkar til margra ára. „Hún er vön að gera rosaleg myndbönd og þetta er brjálæðislegt,“ segir Grímur Atlason, framkvæmdastjóri Iceland Airwaves-hátíðarinnar, sem sá myndbandið fyrir skömmu.

Björk er þessa dagana að kynna væntanlega plötu sína og hefur hún verið dugleg að veita erlendum fjölmiðlum viðtöl, þar á meðal tímaritunum Dazed and Confused og Wired þar sem hún prýðir forsíðurnar.

Söngkonan mætir á Airwaves-hátíðina um miðjan október með tvenna Biohpilia-tónleika í farteskinu og heldur svo ferna til viðbótar, alla í Hörpunni. Hingað til hefur hún aðeins stigið á svið á menningarhátíðinni í Manchester við frábærar undirtektir. „Þetta verður væntanlega flóknasta og flottasta uppsetning sem hefur verið gerð hér á landi, með fullri virðingu fyrir Clapton-tónleikunum sem ég hélt,“ segir Grímur.

Almenn miðasala á tónleikana hefst fimmtudaginn 14. júlí kl. 12 á Icelandairwaves.is og Harpa.is. Aðeins 700 manns komast á hverja tónleika. **-fb**



**BJÖRK** Nýjasta myndband söngkonunnar verður frumsýnt á Youtube seinna í mánuðinum.

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

Allt sem þú þarft




WRIGLEY'S

# Extra




**Gott bragð fyrir heilbrigðar tennur...**

Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Strákur fæddur

**Jón Arnór Stefánsson** hefur fleira til að monta sig yfir þessa dagana en verðlaunapeninga. Körfuboltamaðurinn knái og kærasta hans, Lilja Björk Guðmundsdóttir, eignuðust son á föstudaginn. Litla fjölskyldan er búsett á Spáni þar sem Jón Arnór spilar fyrir spænska liðið Granada. Það er mikil barnalukka í fjölskyldunni, en stóri bróðir Jóns Arnórs, Eggert, á einnig von á strák síðar á þessu ári en synirnir fá eflaust eitthvað af íþróttagenum í vöggugjöf.



### Borgarstjóradans í brúðkaupi

**María Sigrún Hilmarsdóttir** fréttakona gekk að eiga unnusta sinn, Pétur Árna Jónsson, útgefanda Viðskiptablaðsins, í Dómkirkjunni á laugardag. Karl Sigurbjörnsson biskup gaf þau saman og fór veislan í kjölfarið fram á Kjarvalsstöðum. Fjöldi gesta mætti í veisluna en óhætt er að segja að dansað hafi verið fram á rauða nótt. Vakti það hins vegar athygli gesta að fremstar meðal jafningja í dansinum voru Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Hanna Birna Kristjánsdóttir sem báðar hafa gegnt embætti borgarstjóra Reykjavíkur. Þóttu þær taka sig sérstaklega vel út á dansgólfinu þótt brúðurin sjálf ætti að sjálfsögðu kvöldið. - áp, - mthl,



## Mest lesið vísir

1. Stórstjörnur við Heklu
2. Ól kvalaranum barn: Ég var ekki lengur ein
3. Vilhjálmur og Kate slá í gegn
4. Þyrla kölluð út vegna alvarlegra veikinda á Klaustri
5. „Það býr líka fólk fyrir austan“


## Yfirburðir Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði staðfestir




Fréttablaðið og Morgunblaðið kemur út sex daga vikunnar, á meðan DV kemur út þrisvar í viku og Fréttatíminn einu sinni.

10 ÁRA 2001-2011 MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Allt sem þú þarft

# SUMARTILBOÐ
## OG NÝJAR VÖRUR



12 mánaða vaxtalausar greiðslur

### SAGA OG ÞÓR
Hágæða svæðisskiptar heilsudýnur



**Verðdæmi:**
SAGA Queen rúm 129.900
ÞÓR Queen rúm 149.900



### BOARD S-CAPE
### WALLHUGGER
dregst að veggnum eins og nafnið bendir til.
Einn mest seldi ameríski botninn í heiminum.
Fæst í eftirfarandi breiddum:
80, 90, 97, 120, 140 og 150 cm

**Board** hefur allt sem gott stillanlegt rúm þarf að hafa á fábæru verði.
**S-Cape** er einnig með þráðlausa fjarstýringu og nuddi.



**50% afsláttur af Lille rúmstæðum**

**70% afsláttur af pífu pilsum á rúm**
Er til rykkt og slétt, í mörgum litum og stærðum.



**Stóri stuðningspúðinn kominn aftur 19.900**



**50% afsláttur af rúmstæðum**
**Í ljósum og dökkum kirsuberjavið**
160 cm, 180 cm og 193 cm.
Verð frá 41.450

### IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi



Þrýstijöfnun er lykilorðið
Svæðisskiptar heilsudýnur með betri stuðningi, mýkra axlasvæði og góðum stuðningi við mjóbak
Betri öndun
Til í öllum algengustu rúmstærðunum

### ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA




Mest selda stillanlega heilsurúmið hjá Svefn og heilsu með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.




Svefn & heilsa ★★★★★
www.svefn.is




Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00